GUÐMUNDUR FINNBOGASON

Skáti í átján ár

heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR

Leggur lífið á hilluna fyrir sundið

Íþróttablaðið Sport

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

CATE BLANCHETT

Elskar Vesturport

Þótti Ingvar E. tilkomumikill á nærbuxunum

FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. febrúar 2007 — 57. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Í auglýsingu iPhone

Einar Tönsberg á lag í nýrri auglýsingu fyrir iPhone. Milljónir sáu auglýsinguna frumsýnda kvöldið sem Óskarsverðlaunin voru afhent.

FÓLK 30

Tvískinnungur ráðamanna

„Þingflokkarnir áttu ekki von á röggsemi bændasamtakanna og héldu að þeir gætu mótmælt ráðstefnuhaldinu án þess að þurfa að láta athafnir fylgja orðum," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 16

Óskarinn til Scorsese

Leikstjórinn uppskar laun erfiðisins eftir fimm tilraunir.

FÓLK 22

Sterk staða Njarðvíkinga

Njarðvík lagði KR í uppgjöri toppliðanna í körfunni í gær og eru skrefi nær deildarmeistaratitlinum.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI SYÐRA - Í dag verður norðaustan 5-15 m/s, hvassast suðaustan til. Bjart veður sunnan til en éljagangur á landinu norðan- og austanverðu. Frost yfirleitt 0-5 stig að deginum, mildast syðst.

VEÐUR 4



SVIFRYKSMENGUN VIÐ MIKLUBRAUT Gulbrún slikja lá yfir mestu umferðaræðum höfuðborgarsvæðisins í gær enda má segja að kjöraðstæður hafi verið fyrir svifryksmengun; logn, frost og þurrt og margir á nagladekkjum í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börnum haldið inni

Svifryksmengun mældist yfir heilsuverndarmörkum í gær. Leikskólabörnum með öndunarfærasjúkdóma var haldið inni. Útlit er fyrir minni mengun í dag.

UMHVERFISMÁL Börnum með öndunarfærasjúkdóma var haldið inni á leikskólum Reykjavíkurborgar í gær af ótta við slæm áhrif svifryksmengunar.

Umhverfissvið borgarinnar varaði leikskólastjóra við hættu á að mengunin færi yfir heilsuverndarmörk.

Stillt veður, auðar götur og margir bílar á nagladekkjum eru kjörskilyrði svifryksmengunar. Þannig var ástatt í borginni í gær.

Þegar til kom skreið mengunin rétt yfir heilsuverndarmörk; mældist 68,8 míkrógrömm á rúmmetra á mælistöðinni við Grensásveg. Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum mældist mengunin undir mörkum.

Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri á Garðaborg við Bústaðaveg, segir að í fyrsta skipti í gær hafi foreldri barns með öndunarfærasjúkdóm lýst áhyggjum vegna svifryksmengunar. Tveimur börnum hafi verið haldið inni á Garðaborg í gær.

„Við bregðumst við með því að halda þeim inni í skemmtilegum verkefnum á svona dögum. Þó að leikskólinn standi við umferðargötu erum við svo heppin að vera við Fossvogsdalinn. Svo getum við farið með börn með astma og aðra sjúkdóma á leikskólana í nágrenninu. Við finnum lausn á þessu," segir hún.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður Leikskólaráðs, segir að verið sé að setja upp kerfi þannig að leikskólarnir fái upplýsingar um svifryksmengun jafnt og þétt en foreldrar geti líka lagt sitt af mörkum með því að hætta að nota nagladekk og aka hægar þannig að rykið þyrlist ekki eins mikið upp. Naglarnir hafi augljóslega áhrif.

Tillaga minnihlutans í borgarstjórn um að fela sérfræðingum á Umhverfissviði að gera tillögur að frekari aðgerðum til að draga úr svifryksmengun var samþykkt á fundi Umhverfisráðs í gær. Tillaga um að kynna skaðsemi svifryks og gera víðtæka úttekt á kostnaði vegna notkunar nagladekkja verður tekin fyrir eftir viku ásamt tillögum sérfræðinga borgarinnar sem þá eiga að liggja fyrir. - ghs

Í gæsluvarðhaldi í Þýskalandi:

Ósk um aðstoð lögreglu kom honum í koll

LÖGREGLUMÁL Íslendingur situr í gæsluvarðhaldi í Bremerhaven í Þýskalandi eftir að fimm kíló af hassi og 700 grömm af amfetamíni fundust í fórum hans. Talið er að efnunum hafi átt að smygla til Íslands. Sjónvarpið greindi frá.

Maðurinn er 28 ára og starfar sem kokkur í Kaupmannahöfn. Þar hófust hrakfarir hans. Annar Íslendingur afhenti honum eiturlyf sem hann átti að koma til tengiliðs í Bremerhaven. Maðurinn fann ekki tengiliðinn, fékk sér þá full mikið í glas og glataði peningum sínum. Í bankaútibúi fékk hann þau svör að vegabréf hans væri útrunnið. Taldi hann þá best að lögregla vitnaði um hver hann væri.

Það gerði lögregla og handtók hann í framhaldinu þar sem hann var eftirlýstur í Kaupmannahöfn fyrir smygl á fjórtán kílóum af maríjúana. - kdk

Forseti Íraks í læknismeðferð:

Banatilræði við varaforsetann

ÍRAK, AP Varaforseti Íraks, Adel Abdul-Mahdi, slapp með minniháttar meiðsli í gær þegar tilraun var gerð til að ráða hann af dögum. Tíu manns létust og átján manns særðust í tilræðinu þegar sprengja sprakk inni í opinberri byggingu þar sem hann var að halda ræðu.

ADEL ABDUL-MAHDI

Forseti Íraks, Jalal Talabani, hné í ómegin á sunnudag og var fluttur til Jórdaníu til læknismeðferðar. Hann var kominn á fætur í gær að sögn sonar hans, sem sagði þreytu og ofreynslu ástæðu veikindanna. - sdg

Mikil spenna vegna málverkauppboðs í Kaupmannahöfn:

Slegist um Kjarvalsverk í dag

LISTAVERKAMARKAÐUR Mikillar spennu gætir meðal listaverkasafnara vegna uppboðs á fágætu verki eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval hjá uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í dag. Peter Christmas Möller hjá Bruun segir fjölda fyrirspurna hafa borist fyrirtækinu og þó bundinn sé trúnaði segir hann það einkum vera Íslendinga sem spyrjist fyrir um verkið og hvernig megi bjóða í það.

Málverkið sem um ræðir er áður óþekkt og heitir Hvítasunnudagur, er olíuverk með gulllitum á striga og þykir óvenju stórt svo snemma á ferli Kjarvals en talið er að hann hafi málað það á árunum 1917 til 1919.

Verkið var í eigu hr. og frú Nienstedt, gjöf frá Kjarval sem bjó þar á námsárum sínum í Kaupmannahöfn. Einnig hefur því verið haldið fram að það varpi nýju ljósi á þróun listar Kjarvals í tengslum við kúbisma. Aðalsteinn Ingólfsson segir dæmi um slík tilþrif hjá listamanninum, þótt strangt til tekið sé það ekki hreinn kúbismi, heldur bræðingur.

Verkið var í fyrstu metið á um 1,5 milljónir íslenskra króna en Peter Christmas Möller telur sýnt að menn muni gefa fyrir það umtalsvert meira fé. Hvítasunnudagur hefur verið nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum og voru ummæli Hafþórs Yngvasonar, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, um að verkið væri merkilegt síst til að minnka áhuga safnara á verkinu. - jbg / sjá síðu 14

SPURNING DAGSINS

Steingrímur, ætlarðu nokkuð að banna netsokkabuxur?

„Nei, ég vil ekkert banna, annað en það sem þarf að banna.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, hefur sett fram hugmyndir um netlögregluembætti sem myndi vinna að því að hindra dreifingu klámefnis á netinu.

Skuldatryggingarálag bankanna hefur ekki verið lægra síðan í október 2005:

Hlutabréf í nýjum methæðum

VIÐSKIPTI Hlutabréf hækkuðu um 2,13 prósent í Kauphöll Íslands í gær og náði Úrvalsvísitalan nýjum methæðum í 7.605 stigum. Frá áramótum nemur hækkun vísitölunnar rúmum 18,6 prósentum.

Er þetta rakið til hækkunar matsfyrirtækisins Moody´s á langtímalánshæfiseinkunnum íslensku viðskiptabankanna í hæsta flokk. Af stóru fjármálafyrirtækjunum hækkuðu hlutabréf í Glitni mest, um 3,7 prósent, en skammt á eftir komu Landsbankinn (3,4%), Kaupþing (2,8%) og Exista (2,8%).

Þetta hafði einnig jákvæð áhrif á skuldatryggingarálag bankanna (CDS), sem lækkaði um tíu til fimmtán punkta og hefur ekki verið lægra síðan í október í fyrra. Í Vegvísi Landsbankans er á það bent að álagið á skuldatryggingar Kaupþings, sem hefur verið hærra en hjá Glitni og Landsbankanum, hafi verið að lækka hraðast af viðskiptabönkunum á síðustu vikum.

MESTA HÆKKUN FÉLAGA FRÁ ÁRAMÓTUM

Félag	Hækkun
Exista	31,6%
FL Group	25,5%
Landsbankinn	24,2%
Straumur-Burðarás	23,0%
Kaupþing	22,7%
Glitnir	21,5%

Jafnframt styrkist gengi krónunnar og hefur gengisvísitalan styrkst um 7,5 prósent frá áramótum. Í breyttri aðferðafræði Moody´s er það talið bönkunum til tekna að vera í ríki þar sem seðlabanki fer með stjórn peningamála.

Frá áramótum hafa sex fjármálafyrirtæki hækkað um fimmtung í verði. Exista, hástökkvari ársins, er eina félagið sem hefur hækkað um meira en þrjátíu prósent. - eþa

Loðnuskip dregið í land:

Antares komið til hafnar

BJÖRGUN Varðskipið Ægir kom með loðnuskipið Antares VE til hafnar á Akranesi í gær eftir að vélarbilun varð í skipinu sex sjómílur norður af Óðinsboða á Húnaflóa um helgina. Þegar komið var til hafnar á Akranesi tóku lóðsbátar Faxaflóahafna, Leynir og Magni, við skipinu og komu því að bryggju. Antares var með fullfermi af loðnu, um 1.000 tonn, sem landað verður til vinnslu hjá HB Granda á Akranesi.

Áhöfn skipsins fer nú um borð í Suðurey VE, sem er í eigu Ísfélags Vestmannaeyja eins og Antares, og klárar vertíðina á því skipi. - shá

Fjármálaráðuneytið:

Áfengisgjaldið sett í pækil

SKATTABREYTINGAR Áfengisgjaldi verður ekki breytt og virðisaukaskattur ekki lækkaður á áfengi á vorþingi, að sögn Böðvars Jónssonar, aðstoðarmanns fjármálaráðherra. Breytingar hafa verið lagðar á ís, að minnsta kosti fram á haust, vegna neikvæðrar umræðu og tortryggni sem skapaðist.

Böðvar segir að hugmyndin hafi upphaflega verið sú að lækka virðisaukaskatt og hækka áfengisgjald á móti þannig að ekki yrði breyting á áfengisverði. Viðtökurnar hafi hins vegar verið neikvæðar, sú umræða hafi farið í gang að ríkið ætlaði að ná inn stórum tölum í gegnum þessar breytingar og því hafi verið ákveðið að draga málið til baka og skoða það betur.

„Ég sé ekki fram á að breytingar eigi sér stað á þessu þingi,“ segir Böðvar. - ghs

Greiddu ekki rétt gjöld af bílunum

Þrír aðilar hafa verið kærðir fyrir tollalagabrot vegna innflutnings á 62 bílum frá Bandaríkjunum. Þeir eru uppvísir að því að tilgreina rangt kaupverð við tollafgreiðslu bílanna. Bandarísk yfirvöld telja brotin enn umfangsmeiri.

LÖGREGLUMÁL Bandarísk tollayfirvöld hafa kært tvö íslensk fyrirtæki og einn einstakling til embættis Ríkislögreglustjóra vegna tollalagabrota við innflutning á 62 bílum frá Bandaríkjunum á árunum 2005 og 2006. Kæran barst Ríkislögreglustjóra á seinni hluta ársins 2006.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, segir að árið 2005 hafi tollayfirvöld á Íslandi sent yfirvöldum í Bandaríkjunum beiðni um að kanna starfsemi íslensku fyrirtækjanna þriggja í landinu. Á seinni hluta ársins 2006 bárust lögreglunni gögn frá Bandaríkjunum sem sýndu að fyrirtækin hefðu við tollaafgreiðslu hér á landi gefið upp kaupverð á 62 bílum sem var lægra en kaupverð bílanna í Bandaríkjunum. „Fyrirtækin sýndu íslenskum tollayfirvöldum tilhæfulausa pappíra þegar bílarnir komu hingað til lands,“ segir Helgi.

Helgi segir að fyrirtæki sem fremji slík tollalagabrot fái stundum tvo reikninga frá seljendunum þegar þau kaupi bíla og telji svo aðeins fram annan þeirra þegar bílanir komi til landsins. Hann segir einnig dæmi þess að fyrirtæki hafi falsað reikningana. Helgi segist ekki vita hvaða aðferð fyrirtækin beittu í þessu tilfelli.

Aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur eru stór hluti af verði bíla sem keyptir eru í öðrum löndum og fluttir hingað til lands. Þessi gjöld eru reiknuð sem prósentuhlutfall af kaupverði. Gjöldin lækka því með lægra kaupverði.

Helgi segir að um þverskurð sé að ræða af þeim bílategundum sem fluttar eru til Íslands frá Bandaríkjunum, meðal annars dýra ameríska bíla.

Að sögn Helga kunna brot fyrirtækjanna að vera umfangsmeiri því yfirvöld í Bandaríkjunum rannsaka nú meint tollalagabrot þeirra við útflutning á um tvöhundruð bílum sem þau hafa flutt frá Bandaríkjunum til Íslands.

Helgi segir algengt að tollalagabrot við bílainnflutning komi upp hér á landi.

Hann segir að flest bendi til að eignarhald fyrirtækjanna tengist en vill ekki gefa nöfn fyrirtækjanna og einstaklingsins upp að svo stöddu og segir að rannsóknin sé á frumstigi hjá embætti Ríkislögreglustjóra.

ingifreyr@frettabladid.is

BÍÐA KAUPENDA Lögregla rannsakar tollagabrot tveggja fyrirtækja og eins einstaklings vegna innflutnings á fjölda bíla frá Bandaríkjunum.

HELGI MAGNÚS GUNNARSSON Saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra segir að brotin kunni að vera enn umfangsmeiri því yfirvöld í Bandaríkjunum rannsaki nú hvort lög hafi verið brotin við útflutning 200 bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frjálslyndi flokkurinn:

Jón Magnússon fer í fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður skipar fyrsta sæti framboðslista Frjálslynda flokksins í syðra Reykjavíkurkjördæmi í kosningunum í vor.

JÓN MAGNÚSSON VERJANDI

Hann segist þó hafa verið tregur til framboðs vegna mikils afflutnings á skoðunum sínum um innflytjendamál. Málflutningi hans hafi verið líkt við rasisma. „Það er bara ekki það sem ég stend fyrir. Ég stend fyrir skynsemishyggju,“ segir Jón.

Magnús Þór Hafsteinsson varaformaður skipar fyrsta sæti listans í Reykjavík í norðri en hann er nú þingmaður Suðurkjördæmis. - kóþ

Heiðmerkurdeilan:

Vatnssalan til Kópavogsbæjar skiptir OR litlu

UMHVERFISMÁL Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir hagsmuni fyrirtækisins vegna kaldavatnssölu til Kópavogs „skipta álíka miklu og hvort það er heitt eða kalt í tvo daga í febrúar. Þetta munar 30 milljónum af 18.000 alls, eða 0,16 prósentum af veltu.“

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, sagðist á blaðamannafundi í gær ekki vilja fullyrða að Orkuveitan hefði annarlegra hagsmuna að gæta í Heiðmerkurmálinu.

Hins vegar útilokaði hann það ekki heldur og sagði „alveg hreinar línur“ að Orkuveitan væri ekki ánægð með að missa svona góðan kúnna. - kóþ

Nýtt íþróttablað:

Sport fylgir Fréttablaðinu í dag

Nýtt íþróttablað fylgir Fréttablaðinu í dag. Þetta er tuttugu síðna blað sem mun koma út mánaðarlega.

Meðal efnis í þessu fyrsta blaði er viðtal við sunddrottninguna Ragnheiði Ragnarsdóttur sem ætlar að fórna öllu til að komast á toppinn. Efnilegasta frjálsíþróttakona landsins, Helga Margrét Þorsteinsdóttir segir frá því að hún vilji frekar svið og slátur en skyndibitamat enda alin upp í Hrútafirðinum.

Auk þess lýsir Colin Todd, fyrrverandi knattspyrnustjóri Bolton, því þegar Eiður Smári heillaði hann upp úr skónum.

BÍLL DAGSINS
HYUNDAI TUCSON
Nýskr. 08.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús. km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Landslið ungkokka vann gullverðlaun í fyrri hluta ScotHot-matreiðslukeppninnar:

Íslenskt lamb sló í gegn í Skotlandi

MATUR Íslenska ungkokkalandsliðið vann í gær gullverðlaun í fyrri umferð matreiðslukeppninnar ScotHot sem nú fer fram í Skotlandi. Keppnin hófst í gær og lýkur með verðlaunaafhendingu annað kvöld.

Í fyrri umferðinni átti hvert lið að elda þriggja rétta hádegisverð fyrir 55 manns, og bauð íslenski hópurinn upp á íslenskt lambakjöt og grænmeti í aðalrétt. Forrétturinn var saltfiskur með humri og í eftirrétt var rabarbara-soufflé með skyr-ís. Allt hráefnið var íslenskt.

„Þetta sló hreinlega í gegn,“ segir Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran þjálfari. „Við erum auðvitað gríðarlega ánægð, þetta er fyrsta keppnin sem ungkokkalandsliðið tekur þátt í. Allir eru í sæluvímu og staðráðnir í að fá líka gull á morgun.“ Seinni hluti keppninnar er sýnikennsla í fjórum hlutum þar sem keppendur úrbeina önd og laga úr henni forrétt, súpu og aðalrétt fyrir tvo. Að þeim hluta loknum verður heildarsigurvegari keppninnar valinn. Fimm kokkar eru í liðinu; Rúnar Þór Larsen, Sigurður Rúnar Ragnarsson, Ari Freyr Valdimarsson, Vigdís Ylfa Hreinsdóttir og Berglind Loftsdóttir. - sþs

Í ELDHÚSINU Hrefna Rósa er þjálfari ungkokkalandsliðsins, en hún vinnur á Sjávarkjallaranum. Keppninni lýkur á morgun þegar hvert lið úrbeinar, eldar og framreiðir önd á ýmsa vegu.

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair fylgir hverjum bíl.

www.toyota.is

Tilboðsdagar
Bíll og flug og 100% fjármögnun

Verðdæmi miðað við 2005 árgerðir

YARIS 3ja dyra	Tilboð 930.000 kr.	13.651 kr. á mánuði *
YARIS 5 dyra	Tilboð 1.090.000 kr.	15.976 kr. á mánuði *
Corolla	Tilboð 1.290.000 kr.	18.882 kr. á mánuði *
RAV4	Tilboð 2.350.000 kr.	34.282 kr. á mánuði *

YARIS

COROLLA

RAV4

- Gjafabréf fyrir tvo frá Icelandair
- 100% lán frá Glitni
- 5000 kr. inneign í Saga Boutique fyrir lántakendur hjá Glitni
- Allt að 50% niðurfelling lántökugjalda hjá Glitni
- Gullvildarkjör hjá Glitni
- Allt að 84 mánaða lánstími

Þetta eru góð dæmi um þá fjölmörgu góðu bíla sem fást á sértilboði hjá Toyota betri notuðum bílum. Opið til kl. 20, mánudag til föstudags, hjá öllum umboðsmönnum Toyota.

GLITNIR

*Afborgun á mánuði miðað við 100% lán á Gullvildarkjörum Glitnis, 84 mánaða lánstíma og myntkörfu GL5.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36318 02/07

GENGIÐ 26.02.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	65,38	65,70
Sterlingspund	128,38	129,00
Evra	86,07	86,55
Dönsk króna	11,546	11,614
Norsk króna	10,663	10,725
Sænsk króna	9,258	9,312
Japanskt jen	0,5418	0,5450
SDR	98,14	98,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 117,8456

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri í Kópavogi um kæru skógræktarstjóra:

Erfitt að fara að skógarlögum

UMHVERFISMÁL Það myndi æra óstöðugan að fara eftir skógræktarlögum, segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, um kæru skógræktarstjóra vegna umdeildra framkvæmda í Heiðmörk.

Í skógræktarlögum stendur að leyfi skógræktarstjóra þurfi til að fella eða færa til tré. Í kærunni er því haldið fram að allt að 700 tré hafi verið felld án leyfis.

„Þessari grein hefur aldrei verið beitt. Við þurfum oft að fara í gegnum skógarrjóður hjá okkur í eigin landi með eigin lagnir. Ef við þyrftum alltaf að hafa samband við [skógræktarstjóra], það sér það hver maður að það myndi bara æra óstöðugan," segir Gunnar.

Að mati bæjarstjórans voru einungis 70 til 90 tré felld í Heiðmörk og hann furðar sig á

GUNNAR I. BIRGISSON BÆJARSTJÓRI Útskýrði sína hlið í Heiðmerkurdeilunni á blaðamannafundi í gær. Hann telur Kópavogsbæ hafðan fyrir rangri sök í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

látunum út af þessu „smámáli". Hann hafi hagsmuni Kópavogsbúa að leiðarljósi og að tilgangurinn sé að tryggja þeim vatn.

Aðspurður staðfestir Gunnar að Kópavogur sé skuldbundinn til að selja Garðabæ vatn á kostnaðarverði frá og með næsta sumri. Hins vegar sé rangt að bærinn hafi verið neyddur til að flýta framkvæmdum vegna þessa. Bærinn eigi varavatnsból, fimm holur, sem megi nýta.

Gunnar segir framkvæmdaleyfi oftast nær einungis vera samþykktir sveitarfélaga og yfirleitt ekki gefin sérstaklega út. Hann segir það brýnni spurningu að spyrja hvers vegna Reykjavíkurborg hafi ekki gefið út framkvæmdaleyfi, heldur en hina, hvers vegna Kópavogsbær hafi ekki beðið eftir leyfinu.

Samningur um framkvæmdina hafi jú verið samþykktur í borgarstjórn. - kóþ

Sendinefnd til New York:

Konur á fund kvennanefndar

UTANRÍKISMÁL Sendinefnd frá Alþingi situr 51. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York dagana 26. febrúar til 1. mars. Meginviðfangsefni fundarins er afnám alls ofbeldis og mismununar gagnvart stúlkubörnum.

Í fréttatilkynningu frá Alþingi segir að sendinefndin sé skipuð þingkonunum Ástu Möller, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Drífu Hjartardóttur, Dagnýju Jónsdóttur og Margréti Frímannsdóttur, auk Belindu Theriault, forstöðumanns alþjóðamála og skrifstofu Alþingis. - sþs

Átakshópur öryrkja fundar:

Framboð eldri borgara rætt

STJÓRNMÁL Átakshópur öryrkja gefur í dag skýrslu um viðræður á milli fulltrúa hópsins og Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja. Umræðuefnið er sameiginlegt framboð aldraðra og öryrkja í komandi alþingiskosningum.

Fundur verður haldinn í Félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12, klukkan hálf fimm í dag, þar sem farið verður yfir viðræðurnar og staðan á sameiginlegu framboði metin. Í fréttatilkynningu segir að allt áhugafólk um framboð aldraðra og öryrkja sé velkomið. - sþs

SJÁVARÚTVEGUR

Hrygningastopp 2007

Sömu reglur og í fyrra gilda um árlega stöðvun veiða á grunnslóð, eða „fæðingarorlof" þorsks og skarkola. Hinn 1. apríl hefst friðun á svokölluðu Vestursvæði, sem eru nærmið undan Suður- og Vesturlandi. Friðunarsvæði eru óbreytt frá fyrra ári.

HÓTEL SAGA Bændasamtökin ákváðu að vísa ráðstefnugestum frá vegna tengsla við klámiðnaðinn. Stjórnmálaflokkar og borgaryfirvöld eru meðal þeirra sem mótmæltu komu hópsins til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Meirihluti telur frávísun Sögu ranga

Sex af hverjum tíu telja rangt af eigendum Hótels Sögu að vísa gestum klámráðstefnu frá hótelinu. Fleiri karlar en konur telja ákvörðunina ranga. Greinilegur munur er á skoðunum fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það hyggst kjósa.

SKOÐANAKÖNNUN Rúmlega 61 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningar um hvort rétt hafi verið af eigendum Hótels Sögu að vísa gestum klámráðstefnu frá hótelinu taldi það ekki hafa verið rétta ákvörðun.

Fréttablaðið spurði um málið í könnun á laugardag.

Mikill munur var á afstöðu karla og kvenna til spurningarinnar og einnig á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það segist ætla að kjósa í þingkosningunum í vor. Meirihluti þeirra sem segjast ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn og Frjálslynda flokkinn telur að ákvörðunin hafi verið röng en meirihluti þeirra sem segjast ætla að kjósa Vinstrihreyfinguna - grænt framboð taldi ákvörðunina rétta. 88,8 prósent af 800 manna úrtaki, skipt jafnt á milli kynja, tóku afstöðu til spurningarinnar.

Skoðanakönnunin sýnir að mikill munur er á afstöðu karla og kvenna til þess hvort vísa hafi átt gestum ráðstefnunnar frá Hótel Sögu. 48 prósent kvenna töldu ákvörðunina rétta en 52 prósent töldu hana ranga. 29,3 prósent karla töldu rétt að vísa gestum ráðstefnunnar frá en 70,7 prósent töldu það ranga ákvörðun.

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar kemur í ljós að ekki er mikill munur á afstöðu fólks sem býr á landsbyggðinni og þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. 40,3 prósent íbúa á landsbyggðinni telja rétt að vísa ráðstefnugestunum frá en 37,7 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Skoðanamunur er greinilegur eftir því hvar fólk skipar sér í raðir í stjórnmálum. Þannig var 71,1 prósent þeirra sem ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn þeirrar skoðunar að ákvörðun stjórnar Bændasamtakanna hefði verið röng og því tæp 29 prósent þess hóps sem taka undir með eigendum hótelsins. Niðurstaðan er áþekk þegar svör þeirra sem segjast ætla að kjósa Frjálslynda flokkinn eru skoðuð. 70,8 prósent segja ákvörðunina ranga og 29,2 prósent segja hana rétta. Afstaða þeirra sem ætla að kjósa Vinstri græn og Framsóknarflokk er á sama hátt áþekk. Rúm 57,6 prósent vinstri grænna telja ákvörðunina rétta en 57,1 prósent framsóknarmanna. Af þeim sem ætla að kjósa Samfylkinguna eru 36,3 prósent þeirrar skoðunar að ákvörðunin hafi verið rétt en 63,7 telja hana ranga. svavar@frettabladid.is

VAR RÉTT AF HÓTEL SÖGU AÐ VÍSA FRÁ GESTUM KLÁMRÁÐSTEFNU SEM ÁTTI AÐ HALDA HÉR Á LANDI?

Svör þeirra sem tóku afstöðu (88,8% aðspurðra)



Svör eftir kyni (karlar)



Svör eftir kyni (konur)



EIÐUR SMÁRI SANNFÆRÐI TODD Á EINNI ÆFINGU

sport

MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

BREYTINGAR Á FÖSTUDAG??

Mjög keimlíkt veður verður á landinu næstu daga en á föstudag eru horfur á breytingum. Gangi spár eftir eru horfur á lægðagangi upp að vestanverðu landinu með strekkingsvindi og mildara veðri. Samfara þessu gengur úrkomusvæði inn yfir landið með rigningu eða slyddu á landinu sunnanverðu en snjókomu eða éljum á Vestfjörðum og norðan til á landinu. Þetta gæti orðið skíðamönnum í Bláfjöllum kærkomið.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Norðaustan 5-8 m/s. Bjart veður. Vægt frost.

um hádegi »



» á morgun



Norðan 5-10 m/s austan til, annars hægari

» fimmtudagur



Hæg, breytileg átt.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	3°C	snjóél	London	12°C	rigning	Alicante	21°C hálfskýjað
Þórshöfn	2°C	skúrir	París	10°C	skúrir	Mallorca	15°C hálfskýjað
Ósló	1°C	snjóél	Frankfurt	8°C	alskýjað	Algarve	18°C heiðskírt
Stokkhólmur	-1°C	alskýjað	Friedrichshafen	5°C	alskýjað	Krít	18°C rigning
Gautaborg	3°C	snjóél	Berlín	7°C	skúrir	Las Palmas	21°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT

NÚ ER RÉTTI TÍMINN

HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.

HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem heilsudýnurnar frá Betra Bak aðlagast líkaman-um dreifa þær þyngdinni á allan líkamann og draga þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.

STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

KJÖRKASSINN

Vinna Íslendingar of mikið?

Já	74%
Nei	26%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú ríkisstjórnarskipti í vor?

Segðu skoðun þína á visir.is **VÍSIR**

Virðisaukaskattur lækkar á matvörum um mánaðamót:

Hreinlætisvörur lækka ekki

MATARVERÐ Verð á hreinlætisvörum, eldhúsrúllum, klósettpappír, kertum, servíettum og gjafavörum sem seldar eru í matvöruverslunum lækkar ekki um mánaðamót þegar virðisaukaskattur á matvörum lækkar.

Virðisaukaskattur lækkar á almennum matvörum, sælgæti, súkkulaði, gosi, ávaxtasöfum, kolsýrðu vatni og kexi og vörugjöld af matvörum á borð við gos, ávaxtasafa, ís, kex, sultur, ávaxtagrauta, kaffi, te og kakó verða felld niður. Þó að virðisaukaskattur lækki á sykri og sætindum bera þessar vörur enn vörugjöld.

Virðisaukaskattur lækkar á bókum, tímaritum, blöðum og hljómdiskum en virðisaukaskattur á DVD-myndum og myndböndum helst óbreyttur. Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að aðalrökin fyrir því að lækka skatt á hljómdiska en ekki DVD-myndir séu þau að bókin og platan hafi yfirleitt verið á berjast í samkeppni.

„Samtök tónlistarmanna hafa haldið því fast fram að það kæmi þeim illa að virðisaukaskattur á bókum væri lægri en á tónlist," segir hann.

Virðisaukaskattur af heitu vatni, rafmagni, olíu til húshitunar, laugarvatns, afnotagjöldum sjónvarps og hljóðvarps, aðgangi að vegamannvirkjun og útleigu á hótel- og gistiherbergjum lækkar. Sama gildir um virðisaukaskatt af veitingaþjónustu. **- ghs**



LÆKKAR EKKI Verð á kertum, servíettum, gjafavörum og hreinlætisvörum lækkar ekki um mánaðamót.

Félag heyrnarlausra:

Táknmálið verði viðurkennt

FÉLAGSMÁL Hjördís Anna Haraldsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, afhendir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra undirskriftalista til stuðnings við félagið og hagsmunabaráttu þess í dag. Afhendingin verður í menntamálaráðuneytinu klukkan þrjú.

Í fréttatilkynningu segir að mörg hundruð manns hafi skrifað sig á undirskriftalistann, sem Valdís Jónsdóttir heyrnar- og talmeinafræðingur hóf á vefsíðu sinni. Þessi viðbrögð sýni að fólk telji lífsnauðsynlegt fyrir heyrnarlausa að fá táknmál viðurkennt sem íslenskt mál. - sþs

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

BOÐEIND TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

Fermingartilboð
Með Boðeind í leik og starfi



Almennt verð kr. 101.679,-
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Meðalgreiðsla kr. 3.627
miðað við 36 mánuði

Taska og mús fylgja frítt með

Skjár: 15,4" WXGA Glare Type
Upplausn: 1280x800
Örgjörri: Intel Pentium Single core 1.73GHz - 2MB L2 cache
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Hljóðkort: Intel High definition
Netkort: 10/100/1000 LAN - Þráðlaust 802.11 a/b/g
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Innbyggð vefmyndavél 1.3MegaPixla & hljóðnemi
Helstu tengi: Kortalesari, 4x USB 2.0
1x FireWire, 1x S-Video, 56k modem
Stýrikerfi: Windows XP Professional - Vista uppfærsla frí
Rafhlaða: 8 Cellu, 4400mAh, 65WHr & hleðslutæki
Hugbúnaður: Norton Systemworks vírusvörn og eldveggur
Nero 6 skrifarahugbúnaður, Asus DVD hugbúnaður
Rapid Recovery - Endursetur tölvuna á nokkrum mínútum
Asus Director Pro - Media@ show - o.fl.

Vintage
Örgjörvi: AMD 64bita 3200 + - socket AM2
Vinnsluminni: 1GB DDR2 PC667/Max:4GB
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16MB buffer - 7200rpm - vökvalegur
Hljóðkort: 6 rása með S/PDIF tengi
Netkort: 10/100/1000 LAN
Geisladrif: 16x DVD dual layer brennari/skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows Vista Home Basic
Lyklaborð/Mús: Logitech EX110 þráðlaust
Hugbúnaður: eTrust vírusvörn og Pest patrol vörn - Nero skrifarahugbúnaður
Open Office ritvinnsluhugbúnaður
Recovery PRO afritunarbúnaður

Windows Vista Home Basic

Almennt verð kr. 90.402,-
Staðgreiðsluverð kr. 84.900,-
Meðalgreiðsla kr. 3.274 miðað við 36 mánuði

Hagsmunasamtök deila um álverið

Talsmaður Sólar í Straumi segir tölur Hags í Hafnarfirði um tekjur bæjarins af álverinu í Straumsvík ýktar. Talsmenn samtakanna eru ósammála um mikilvægi álversins. Alcan breytti tölum um hafnfirsk fyrirtæki sem þjónusta álverið.

STÓRIÐJA Samtökin Sól í Straumi saka samtökin Hag Hafnarfjarðar um að dreifa hræðsluáróðri í fjölmiðla um afleiðingar stækkunar álversins í Straumsvík. Sól í Straumi berst gegn því að álverið í Straumsvík verði stækkað en Hagur Hafnarfjarðar hvetur íbúa bæjarins til að samþykkja stækkun.

Hafnfirðingar munu kjósa um stækkun álversins, sem mun auka framleiðslugetuna úr 180 þúsund tonna álframleiðslu á ári í 460 þúsund tonn, hinn 31. mars.

Pétur Óskarsson hjá Sól í Straumi segir það ekki rétt að álverinu í Straumsvík verði lokað þótt stækkun verði hafnað. Hann segir að lengi hafi staðið á heimasíðu Alcan, eiganda álversins, að ekki séu uppi áætlanir um að loka því þótt Hafnfirðingar hafni stækkun.

Pétur segir ekki rétt að ríflega hundrað fyrirtæki í Hafnarfirði þjónusti álverið í Straumsvík eins og talsmenn Hags í Hafnarfirði halda fram. Að sögn Péturs eru fyrirtækin um fimmtíu. „Mér finnst ólíklegt að fjöldi hafnfirskra fyrirtækja sem þjónusta álverið tvöfaldist rétt fyrir kosningar," segir Pétur.

PÉTUR ÓSKARSSON OG INGI RÚTSSON Talsmenn samtakanna Sól í Straumi og Hagur Hafnarfjarðar berjast annars vegar gegn stækkun álversins og hins vegar með henni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Pétur gagnrýnir einnig þá staðhæfingu Hags í Hafnarfirði að tekjur Hafnarfjarðarbæjar af álverinu séu á milli fimm og sjö prósent af tekjum bæjarsjóðs. „Staðreyndin er að tekjur Hafnarfjarðar af álverinu eru á milli eitt og tvö prósent. Tekur bæjarins af álverinu voru 108 milljónir árið 2006," segir Pétur.

Ingi Rútsson, formaður samtakanna Hagur Hafnarfjarðar, segir samtökin hafa gríðarlegra hagsmuna að gæta í kosningunni um álverið því kosið sé um afkomu 1.500 Hafnfirðinga. Hann segir rétt að ríflega hundrað fyrirtæki í Hafnarfirði komi að þjónustu við álverið í Straumsvík. Ingi segir að tölur Sólar í Straumi séu úreltar. Á heimasíðu Alcan kemur fram að fyrirtækin séu á annað hundrað. Fyrir nokkrum dögum stóð að fyrirtækin væru um fimmtíu.

Að sögn Inga byggja samtökin upplýsingar sínar um tekjur Hafnarfjarðarbæjar á tölum frá Samtökum atvinnulífsins. Ingi segir að samkvæmt þeim hafi tekjur Hafnarfjarðar vegna álversins verið um 490 milljónir árið 2006.

ingifreyr@frettabladid.is

HAGUR HAFNARFJARÐAR

Forsvarsmenn: Ingi B. Rútsson formaður og Jóhanna Fríða Dalkvist stjórnarmaður.
Stefna: Hvetja til þess að álverið í Straumsvík verði stækkað. Vilja að Hafnfirðingar greiði atkvæði með stækkun í íbúakosningunum hinn 31. mars.
Rök fyrir stefnu: Ef stækkun verður ekki samþykkt mun álverinu líklega verða lokað. 1.500 Hafnfirðingar byggja afkomu sína á álverinu og þess vegna má því ekki loka. Ríflega hundrað fyrirtæki í Hafnarfirði þjónusta álverið. Tekjur Hafnarfjarðarbæjar af álverinu eru um hálfur milljarður á ári, eða fimm til sjö prósent af heildartekjum bæjarins.
Heimasíða: www.hagurhafnarfjarðar.is

SÓL Í STRAUMI

Forsvarsmaður: Pétur Óskarsson. 20 manna hópur stýrir vinnu samtakanna.
Stefna: Hvetja til þess að álverið í Straumsvík verði ekki stækkað. Vilja að Hafnfirðingar greiði atkvæði gegn stækkun í íbúakosningunum þann 31. mars.
Rök fyrir stefnu: Samtökin Sól í Straumi eru ekki á móti álverinu heldur stækkun þess, sem þau telja óþarfa því atvinnulífið í bænum blómstri. Helstu ástæður eru aukin mengun, sjónmengun og að í framtíðinni muni byggð í Hafnarfirði teygja sig að álverinu. Sól í Straumi telur ófært að hafa svo stórt álver í þéttbýli.
Heimasíða: www.solistraumi.org. Ætla að opna kosningaskrifstofu 9. mars.

Steingrímur J. Sigfússon segir netlögregluembætti ekki ætlað að ritskoða efni:

Deild sem glímir við lögbrot á netinu

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir þeirri netlögreglu sem hann talaði um í sjónvarpsþættinum Silfri Egils á sunnudag ekki vera ætlað að stunda ritskoðun af neinu tagi. Hugmyndin sé fyrst og fremst að lögregluyfirvöld skipuleggi sig betur til þess að glíma við lögbrot á netinu, sérstaklega varðandi dreifingu kláms og barnakláms.

Í þættinum sagðist hann vilja setja á fót netlögregluembætti sem myndi koma í veg fyrir dreifingu kláms, og önnur lögbrot, á netinu.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Það er veruleiki að ýmis lögbrot hafa færst inn á netið og menn komast ekki undan því að takast á við þau á þessu sviði eins og öðrum," segir hann. „Lögreglan er löngu farin að afhjúpa mál á netinu, til dæmis varðandi barnaklám."

Steingrímur segist hafa hugsað sér að þetta verði með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndunum. Norðmenn séu einna lengst komnir með hugmyndina, en þar starfi sérstök netlögregludeild sem vinni með mál af þessu tagi.

„Það þarf að koma í veg fyrir að ólögleg framleiðsla og miðlun efnis eigi sér stað, þar á meðal á netinu," segir hann. **- sþs**

Parket og flísar á enn betra verði í Múrbúðinni

Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm

Kr. **3.590,-** pr.m²

TAU Valois gólfflísar 33 x 60 cm

Kr. **3.590,-** pr.m²

Steinskífa, náttúrusteinn 30x60

Kr. **1.990,-** pr.m²

Eik ★★★★★ GÆÐAPARKET
2200 x 182 x 14 mm 4 mm

Kr. **2.230,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm

Kr. **795,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm

Kr. **995,-** pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm

Kr. **995,-** pr.m²

Kr. **2.190,-** pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm

Kr. **1.250,-** pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm

Kr. **1.195,-** pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm

Kr. **1.250,-** pr.m²

Austurrískt gæðaparket

ALLT Á EINUM STAÐ

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

NÝ SENDING MIKIÐ ÚRVAL

Rakavarið plastparket

Beiki & eik aðeins **kr. 690.-** pr.m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-15

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Elín Ebba hefur kært Landspítalann til kærunefndar jafnréttismála:

Spítalinn hafnar ásökunum

JAFNRÉTTISMÁL Magnús Pétursson, forstjóri Landspítala - háskólasjúkrahúss, hafnar því að launamunur forstöðuiðjuþjálfa og forstöðusálfræðinga sé tilkominn vegna kynjamismununar. „Þetta hefur ekkert með kyn að gera og ég fullyrði að spítalinn mismunar fólki ekki eftir kynferði," segir Magnús.

Elín Ebba Ásmundsdóttir forstöðuiðjuþjálfi hefur kært þann launamun sem er milli hennar og forstöðusálfræðinga til kærunefndar jafnréttismála.

Elín Ebba segir forstöðusálfræðinga fá um það bil 100 þúsund krónum hærri laun á mánuði en forstöðuiðjuþjálfar, þar sem þeir fái fasta yfirvinnutíma greidda auk aksturssstyrkja. Rökin sem hún hafi fengið fyrir þessum launamun séu þau að störfin séu ekki jafnverðmæt. Það telur hún ekki rétt, spítalinn hafi boðið henni sama launaflokk og forstöðusálfræðingar eru í árið 2003 og þar með viðurkennt störfin jöfn. Það sem hún telur útskýra muninn er kynferði sálfræðinganna.

MAGNÚS PÉTURSSON

ELÍN EBBA ÁSMUNDSDÓTTIR

„Það er ekki verið að brjóta á henni jafnréttislega. Við teljum eðli, umfang, ábyrgð og skyldur þessara starfa einfaldlega ólík, auk þess sem við kaupum meiri vinnu af sálfræðingunum," segir Erna Einarsdóttir, starfsmannastjóri Landspítalans. - kdk

EVRÓPA

Skip rekast á hvali

Spænski sjóherinn hefur gefið út tilskipun um að skip sigli ekki hraðar en á 13 hnúta (24 km) hraða gegnum Gíbraltarsund. Þetta er gert til að vernda hvali sem á þessum árstíma leita inn á Miðjarðarhafið í ætisleit.

FYLGST MEÐ DÓMSUPPKVAÐNINGUNNI Nokkrar konur sem misstu ástvini sína í Srebrenica árið 1995 komu saman í gær skammt frá Sarajevó til að fylgjast með beinni sjónvarpsútsendingu frá því þegar úrskurður Alþjóðadómstólsins í Haag var lesinn upp.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sýknuð af þjóðarmorði

Alþjóðadómstóllinn telur Serbíu hafa gerst brotlega með því að gera ekki gert allt sem hægt var til að koma í veg fyrir þjóðarmorð árið 1995.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR Alþjóðadómstóllinn í Haag kvað í gær upp þann úrskurð að Serbía hefði ekki framið þjóðarmorð gegn Bosníu-múslimum í Bosníustríðinu, sem geisaði á árunum 1992 til 1995. Á hinn bóginn telur dómstóllinn að Serbía hafi brugðist skyldu sinni til að koma í veg fyrir þjóðarmorð sem framið var í Srebrenica í júlí árið 1995.

Enn fremur telur dómstóllinn að Serbía hafi gerst brotleg gegn Alþjóðasáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð með því að framselja ekki Ratko Mladic, fyrrverandi herforingja, sem ákærður er fyrir þjóðarmorð hjá Alþjóðlega sakadómstólnum fyrir fyrrverandi Júgóslavíu.

Þar sem Serbía taldist ekki bera ábyrgð á þjóðarmorði taldi dómstóllinn ekki heldur ástæðu til þess að serbneska ríkið greiddi Bosníu fjárhagslegar bætur.

Dómurinn er einstæður í sögunni, því aldrei áður hefur verið kveðinn upp dómur um það hvort ríki teljist bera ábyrgð á þjóðarmorði.

Boris Tadic, forseti Serbíu, fagnaði dómnum í ávarpi sem hann flutti í gær. Hann sagði hins vegar sárt að dómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að Serbía hefði ekki gert allt sem hægt var til að koma í veg fyrir þjóðarmorð. Hann hvatti jafnframt serbneska þingið til að fordæma fjöldamorðin í Srebrenica.

Í Bosníu mátti hins vegar heyra reiðileg viðbrögð við því að serbneska ríkið hefði verið sýknað af beinni ábyrgð á þjóðarmorði.

„Skömm sé yfir þeim sem fella slíkan dóm. Hvernig geta þeir sagt „ekki sekir um þjóðarmorð" þegar til eru ljósmyndir og myndbönd. Þeir eru enn á ný að pynta fólk, að pynta þessar mæður," hefur AP fréttastofan til dæmis eftir Zinaida Mujic, fulltrúa samtakanna Mæður frá Srebrenica, en hún missti tvo syni í stríðinu.

Af dómnum má þó ráða að dómurunum þykir augljóst að þjóðarmorð hafi verið framið í Srebrenica hinn 11. júlí árið 1995, þegar serbneskir hermenn myrtu um 8.000 Bosníu-múslima, allt karla.

Sakborningur í málinu var Serbía, þrátt fyrir að Bosnía-Hersegóvína hafi fyrst höfðað mál á hendur Júgóslavíu árið 1993, en þá átti Bosníustríðið eftir að standa í tvö ár enn og fjöldamorðin í Srebrenica höfðu ekki verið framin.

gudsteinn@frettabladid.is

Hvalveiðar við Grænland:

Óhætt að veiða tíu hnúfubaka

HVALVEIÐAR Vísindanefnd Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO) telur að óhætt sé að veiða allt að tíu hnúfubaka á ári við Vestur-Grænland án þess að stofninum stafi hætta af. Grænlenska útvarpið greinir frá þessu eins og kemur fram á fréttavefnum skip.is.

Þetta er í fyrsta skipti eftir að hvalveiðum í atvinnuskyni var hætt árið 1986 sem fram kemur ákveðin tillaga frá NAMMCO um fjölda stórra hvala sem veiða megi á ákveðnu svæði. Amalie Jessen, fiskistofustjóri Grænlands, segir að tillaga vísindanefndarinnar byggi á upplýsingum úr hvalatalningum við Vestur-Grænland haustið 2005. - shá

AÐALFUNDUR EXISTA HF.
14. MARS 2007

EXISTA

Aðalfundur Exista hf. verður haldinn miðvikudaginn 14. mars 2007
á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík og hefst fundurinn kl.17:00

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar síðastliðins rekstrarárs.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum:
   a. Breyting á 4. gr. um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 3.600.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.
   b. Breyting á 12. gr. vegna rafrænnar þátttöku í hluthafafundum og rafrænna hluthafafunda.
   c. Breyting á 13. gr. um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu.
   d. Breyting á 15. gr. um upplýsingar í framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.
8. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
9. Tillögur félagsstjórnar um heimild til útgáfu hlutafjár í evrum.
10. Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.exista.com frá sama tíma.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað að Nordica Hótel.

Reykjavík 27. febrúar 2007
Stjórn EXISTA

EXISTA hf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600 www.exista.com

X-TRA mikið fyrir X-TRA lítið

X-tra

AUGLÝSINGASTOFA VÍKURFRÉTTA

Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi • Akranesi • Höfn í Hornafirði

netto

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvar í heiminum er verið að koma upp dómsdagsgeymslu sem mun geyma allar þekktar frætegundir heimsins?*
2. *Hvaða leikara hitti kraftakarlinn Magnús Ver nýlega eftir að hafa verið við tökur á bjórauglýsingu í Bandaríkjunum?*
3. *Hvaða knattspyrnulið varð enskur deildarbikarmeistari í fjórða sinn um helgina?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Stjórnarmaður og hluthafi í Fjárfari segist aldrei hafa greitt hlutafé og stjórn félagsins hafi aldrei fundað:

Margt virðist á huldu um Fjárfar ehf.

BAUGSMÁL Margt er á huldu um einkahlutafélagið Fjárfar, sem kemur við sögu í Baugsmálinu. Þar er ákært vegna tveggja meintra lánveitinga frá Baugi til Fjárfars, til að fjármagna kaup félagsins á hlutabréfum í Baugi. Lítið skýrðist í málinu í gær þó að fyrrverandi stjórnarformaður félagsins væri spurður um tilurð þess.

Sigfús R. Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Heklu, sem skráður var stjórnarformaður félagsins við skráningu þess árið 1998, sagðist vita afskaplega takmarkað um þetta félag sem hann var þó skráður stjórnarformaður í. Þar hafi hann einungis gert fyrrverandi vini sínum og endurskoðanda, Tryggva Jónssyni, þann greiða að taka að sér þessa stjórnarformennsku, aldrei hafi verið haldnir fundir í félaginu og hann ekki lagt krónu í félagið, þó að á pappírunum hafi hann verið einn af stjórnendum þess.

BAR VITNI Sigfús R. Sigfússon kom í fylgd eiginkonu sinnar, Maríu Sólveigar Héðinsdóttur, og bar vitni í Baugsmálinu í gær. Hann sagði meðal annars frá einkahlutafélaginu Fjárfari, sem margt virðist á huldu um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta var svona leynifélag," sagði Sigfús þegar hann rifjaði upp aðkomu sína að félaginu, en Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í Baugsmálinu, vill meina að félagið hafi í raun verið undir stjórn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eins ákærðu í málinu, frá upphafi, en því hefur Jón Ásgeir neitað.

Sigfús var annar skráðra hluthafa í félaginu, og sagðist hann í gær aðeins einu sinni hafa hitt hinn hluthafann, Arnfinn Sævar Jónsson.

Sigfús staðfesti þó að hann hefði skrifað upp á lánsskjöl fyrir Fjárfar. Þegar hann hafi svo fengið bréf frá bankanum um að lánin væru komin í vanskil hafi tekið að renna á hann tvær grímur. Hann hafi sent bréfið áfram til Tryggva og hringt í hann og beðið hann að skrá sig þegar í stað úr stjórn Fjárfars. Við þeirri beiðni hafi Tryggvi þó ekki orðið, eins og komið hafi í ljós.

Ekki skýrðust málin betur þegar Jóhannes Jónsson, kaupmaður í Bónus, kom fyrir réttinn í gær. Hann sagði að Fjárfestingafélagið Gaumur, fjölskyldufyrirtæki hans, hefði komið að Fjárfari þegar það var orðið „munaðarlaust", hann tekið við stjórnarformennsku í apríl 2002. Hann sagðist ekki muna hvort einhver kaus hann til starfa fyrir félagið, sem venjulega er í höndum hluthafa. Hann sagðist telja að fyrirtækið væri enn starfrækt. - bj

120 1886 2006

FIMMTUDAGSKVÖLD ERU
FJÁRMÁLAKVÖLD

Fimmtudaginn 1. mars verður haldið fjármálakvöld í Holtagarðaútibúi.
Dagskráin hefst kl. 20.

Skattamál

Sérfræðingar Landsbankans í skattamálum fara yfir skattaumhverfið á Íslandi, ýmis álitaefni varðandi skattlagningu fjármagnstekna og hagnýt atriði við framtalsgerð.

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is

Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Allir velkomnir

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SÍA ÍS LBI 36455 02/07

Gaumur átti að fá hlut í báti

Jóhannes í Bónus sagði Gaum hafa átt að fá hlut í bátum á Flórída. Stjórnarformaður Baugs sagði engar hótanir hafa falist í orðum Davíðs Oddssonar.

BAUGSMÁL Alltaf stóð til að Fjárfestingafélagið Gaumur eignaðist hlut í bátnum Thee Viking og öðrum bátum sem skráðir voru á Jón Gerald Sullenberger í Flórída.

Þetta kom fram í máli Jóhannesar Jónssonar, kaupmanns í Bónus og stjórnarmanns í Baugi Group, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þegar aðalmeðferð í Baugsmálinu var fram haldið.

Jóhannes gat ekki skýrt hvers vegna greiðslur frá Gaumi, sem er í eigu hans og fjölskyldu hans, til Jóns Geralds vegna bátakaupa á Flórída, féllu niður skömmu áður en reglulegar greiðslur fóru að berast frá Baugi til Nordica, félags Jóns Geralds.

Jóhannes gaf sömu skýringu og tveir ákærðu – þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson – á greiðslunum úr Baugi. Hann sagði þær hafa verið hugsaðar til að styrkja Nordica vegna starfa félagsins fyrir Baug. Jón Gerald, sem ákærður er í öðrum hluta málsins, hefur hins vegar borið að greiðslurnar hafi átt að fjármagna eignarhlut Gaums í bátunum.

Jóhannes sagði Gaum hafa alls greitt um 40 milljónir til Nordica vegna þriggja skemmtibáta, og alltaf hefði staðið til að Gaumur fengi eignarhlut í bátunum í samræmi við það fé sem lagt hefði verið í þá. Þetta er heldur sterkara orðalag en fram kom þegar Jón Ásgeir gaf skýrslu fyrir dómi, en hann sagði að það hefði komið til tals að Gaumur fengi hlut í bátunum.

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs Group, bar einnig vitni fyrir dómi í gær. Hann sagði að engar hótanir hefðu falist í orðum Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, um að rannsókn skattayfirvalda, samkeppnisyfirvalda eða lögreglu á Baugi væri yfirvofandi á fundi með sér í London 26. janúar 2002.

Í VITNASTÚKU Jón Gerald Sullenberger, einn ákærðu (til hægri) fylgdist með þegar Jóhannes Jónsson (til vinstri) bar vitni í Baugsmálinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BAUGSMÁLIÐ

Framburður Hreins í gær var mun hófstilltari en framburður Jóns Ásgeirs fyrir dómi, en hann hélt því fram síðastliðinn fimmtudag að Davíð hefði á fundinum hótað Hreini því að Baugur yrði fyrir barðinu á lögreglu, samkeppnismálum og skattayfirvöldum.

Hreinn sagði fyrir dómi í gær að Davíð hefði á fundinum sagst vera afar andsnúinn því að íslenskir bankar styrktu Baug í áhættufjárfestingum erlendis, og honum hefði verið ljóst að ekki væri að draga úr opinberri umræðu sem verið hafði um Baug í aðdraganda fundarins. Í kjölfarið sagðist Hreinn svo hafa gripið til aðgerða til þess að tryggja að allt innan Baugs væri „110 prósent" tilbúið, kæmi til einhvers konar opinberrar rannsóknar. brjann@frettabladid.is

ORÐRÉTT

„Þetta er fáheyrt, ósvífið og ósatt. Ég hef aldrei, og ekki Jón Ásgeir Jóhannesson heldur, talið að eitthvað slíkt geti komið til greina, þetta er fráleitur lygaáróður.“
Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs Group, varð nokkuð æstur þegar hann svaraði spurningu sækjanda um það hvort hann hefði sagt eitthvað það við Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, á fundi með honum í London 26. janúar 2002, sem túlka mætti sem svo að hann hefði reynt að bera á Davíð fé.

„Því verður ekki neitað að þessar spurningar [sækjanda] eru svo ýtarlegar að það gengur hratt á forvitnina.“
Gestur Jónsson svaraði spurningu dómsformannsins um hversu langan tíma verjendur þyrftu til að spyrja Hrein, en verjendur spurðu í um 15 mínútur samanborið við tæplega tvær og hálfa klukkustund sækjanda.

„Þetta var ekki húsleit, þetta var skemmdarverk, hryðjuverk.“
Jóhannes Jónsson, faðir Jóns Ásgeirs, var harðorður í garð lögreglunnar vegna húsleitar sem gerð var í höfuðstöðvum Baugs 28. ágúst 2002.

„Aldrei var mér boðið í þennan bát.“
Hreinn sagðist lítið vita um skemmtibátinn Thee Viking, en kannaðist við að hafa heyrt orðróm um einhvern bát á Flórída. Þangað hefði hann aldrei komið.

„Ég kannast ekki við þessa nafngift, hún hefur ekki verið notuð dags daglega við mig.“
Jóhannes Jónsson sagðist ekki kannast við að hafa verið kallaður „Big Joe“, en það nafn notuðu allir ákærðu í tölvupóstsamskiptum sín á milli, og hafa staðfest að þeir áttu við Jóhannes.

BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Fimm vitni verða kölluð fyrir dóm. Fjögur þeirra koma fyrir hádegi; þau Guðfinna Bjarnadóttir, fyrrverandi stjórnarmaður í Baugi, Jóhanna Guðmundsdóttir, eiginkona Jóns Geralds Sullenbergers, Hans C. Hustad, stjórnarmaður í Baugi, og Unnur Sigurðardóttir, fyrrverandi starfsmaður Baugs. Eftir hádegi kemur Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums, stjórnarmaður í Baugi og systir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, fyrir dóminn.

SPENNANDI NÁMSKEIÐ

STARFSNÁM

Nám sem virkilega hefur skilað árangri. Lögð er rík áhersla á að styrkja einstaklinginn, þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Skrifstofu- og tölvunám - 258 st.
19.3 til 30.5 | Alla virka morgna

ALMENNT TÖLVUNÁM

Tölvan er stór og ört vaxandi þáttur í daglegu lífi fólks og í rekstri fyrirtækja. Því er símenntun einstaklingsins oft það forskot sem ræður úrslitum við ráðningu starfsfólks.

EDCL tölvunám fyrir byrjendur - 78 st.
11.4 til 23.5 | Tvö kvöld í viku

ECDL tölvunám fyrir byrjendur - 78 st.
27.3 til 24.5 | Tvo morgna í viku

Tölvunám - Fyrstu skrefin - 36 st.
5-21. mars | Tvö kvöld í viku

Tölvunám - Fyrstu skrefin - 36 st.
8-27. mars | Tvo morgna í viku

BÓKHALDSNÁM

Í bókhaldsnámi NTV er lögð áhersla á að kenna vel öll grunnhugtökin og vinnubrögð við bókhald. Kennt er á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

Grunnnám í bókhaldi - 108 st.
29.3 til 4.5 | Alla virka daga

Grunnnám í bókhaldi - 108 st.
11.4 til 21.5 | Tvö kvöld í viku og fh. á lau.

MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

NTV er í forystu hvað varðar kennslu í grafík og margmiðlun. Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

Photoshop Expert - 96 st.
11.4 til 21.5 | Tvö kvöld í viku

Dreamweaver - HTML - 72 st.
13.3 til 14.4 | Tvö kvöld og f.h. á lau.

Dreamweaver - gagnagrunnur - 84 st.
17.4 til 24.5 | Tvö kvöld og f.h. á lau.

Photoshop grunnnám - 30 st.
8.5 til 24.5 | Tvö kvöld í viku

Photoshop grunnnám - 30 st.
15.5 til 31.5 | Tvo morgna í viku

Myndbandavinnsla - Premiere - 36 st.
6-22 mars | Tvö kvöld í viku

SÉRHÆFT DIPLOMA NÁM

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám, sem tengt er alþjóðlegum prófum, og hefur námið verið í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

Kerfisstjórinn - 180 st.
11.4 til október Tvö kvöld í viku og f.h. á lau.

Tölvuviðgerðir - 72 st.
11.4 til 7.5 Tvö kvöld í viku og f.h. á lau.

MCP XP netstjórnun - 108 st.
19.3 til 7.5 | Tvö kvöld í viku og f.h. á lau.

Innritun og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is

ntv.is

Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogur - Fax 544 4501 - skoli@ntv.is

www.icelandexpress.is/afangastadir

Sound of Music, Arsenal, sólstólar og vindsængur, Covent Garden, jeppasafarí, sítt að aftan, Nefertiti, Rín, Châteauneuf-du-Pape...

» Evrópa býður upp á margt skrítið og skemmtilegt og Iceland Express færir þig í fjörið. Næsta sumar verða áfangastaðirnir orðnir 13 og því um að gera að skipuleggja draumafríið til Evrópu sem fyrst.

Þú bókar og finnur nánari upplýsingar um áfangastaðina á **www.icelandexpress.is**

» VERÐ FRÁ: 7.995 kr. Aðra leið með sköttum.
» BÖRN: 50% Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.
Iceland Express, Grimsbæ, Efstaleiti 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

Aðalfundur

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2007

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi sparisjóðsins á árinu 2006.
2. Lagður fram til staðfestingar endurskoðaður ársreikningur sparisjóðsins fyrir árið 2006.
3. Tillaga um ársarð af stofnfé.
4. Tillaga um að nýta heimild í lögum til að auka stofnfé um 5% með ráðstöfun hluta hagnaðar.
5. Tillaga til breytinga á samþykktum. Hún gerir ráð fyrir heimild til stjórnar til hækkunar á stofnfé sparisjóðsins úr kr. 9.500.000.000 í allt að kr. 15.000.000.000 og að hún gildi til ársloka 2011.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun stjórnarlauna.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis verður haldinn í Borgarleikhúsinu við Listabraut í Reykjavík, fimmtudaginn 8. mars 2006 og hefst hann kl. 16.15.

Samkvæmt ákvæðum 23. gr. samþykkta SPRON skulu framboð til stjórnar og varastjórnar tilkynnt stjórn eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn. Kröfu um hlutbundna kosningu þarf að gera skriflega og hún að berast stjórn eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað í fundarbyrjun.

Reykjavík, 26. febrúar 2007
Sparisjóðsstjórnin

ARGUS / 07-0137

spron

ÁTÖK Í NABLUS Palestínumenn köstuðu steinum að ísraelskum hermönnum og reyndu síðan að skýla sér.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök á Vesturbakkanum:

Ísraelar réðust inn í Nablus

NABLUS, AP Ísraelskir hermenn hafa síðustu tvo daga leitað hús úr húsi að sjö palestínskum flóttamönnum í borginni Nablus á Vesturbakkanum.

Á sunnudaginn lokuðu Ísraelar öllum leiðum til borgarinnar og í gær einangruðu þeir síðan gamla miðbæinn, lokuðu götum með steinsteypuklossum og ruslagámum. Þetta eru mestu hernaðaraðgerðir Ísraela í Nablus um langa hríð. Palestínumenn segja aðgerðirnar stefna í voða tilraunum til að koma friðarviðræðum á að nýju. **- gb**

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA Segir heimsókn sína í flóttamannabúðir í Norður-Úganda standa upp úr ferð sinni til Afríku og mikilvægt sé að halda áfram að styðja við menntun þar.

Ísland fæðir afrísk börn

Styrkur íslenskra stjórnvalda veitir 63.000 skólabörnum í Úganda og Malaví matarskammt daglega. Utanríkisráðherra er í opinberri för í Afríku.

UTANRÍKISMÁL Styrkur frá íslenskum stjórnvöldum sér 63.000 skólabörnum í Úganda og Malaví fyrir matarskammti daglega. Rétt fyrir áramótin var ákveðið að veita styrk sem næmi matarskammti 45.000 skólabarna, sem samsvarar fjölda grunnskólabarna á Íslandi. Ákveðið var að fara í samvinnu við Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna og í framhaldinu ákveðið að nýta fjármunina enn betur með því að kaupa matinn af heimamönnum. Þannig nýtist styrkurinn til að gefa átján þúsund fleiri skólabörnum matarskammt en upphaflega var áætlað.

Í opinberri för sinni í Afríku sem hófst fyrir viku hefur Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra kynnt sér störf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Úganda og samstarfsverkefni með þarlendum stjórnvöldum.

Það sem upp úr stendur í ferðinni er för í flóttamannabúðir í Norður-Úganda, að sögn Valgerðar. Tugir þúsunda tóku á móti henni þegar hún kom til Kalangaeyju og er hún fyrsti erlendi ráðherrann til að heimsækja svæðið, þar sem mikil neyð ríkir.

Á ferð sinni fundaði Valgerður bæði með forseta Úganda og jafnréttis-, atvinnu- og félagsmálaráðherra landsins, þar sem málefni kvenna voru rædd meðal annars. Einnig hitti Valgerður nokkrar úgandskar konur sem komu til Íslands á síðasta ári til að nema frumkvöðlafræði við Háskólann í Reykjavík. „Þessar konur hafa stofnað Samtök frumkvöðlakvenna í Úganda og er jafnréttis-, atvinnu- og félagsmálaráðherrann meðlimur í samtökunum. Það var mjög ánægjulegt að heimsækja samtökin þar sem margar konur mættu sem allar standa fyrir atvinnurekstri.“ Valgerður sagði konurnar tala um að erfitt væri að fá lán í atvinnurekstur og að þeim virtist sem minni trú væri á hugmyndum þeirra vegna kynferðis þeirra.

Á sunnudag fór Valgerður frá Úganda til Suður-Afríku þar sem hún fer fyrir viðskiptanefnd níu íslenskra fyrirtækja. Er þetta í fyrsta skipti sem íslensk sendinefnd fer til þessa Afríkuríkis.

Viðskiptasendinefndin stendur fyrir tveimur viðskiptaráðstefnum meðan á förinni stendur til að koma á samböndum. Meðal fyrirtækja í viðskiptasendinefndinni eru Marel, Flugleiðir og Landsbanki Íslands. Valgerður segir góða þátttöku í nefndinni sýna áhuga íslensks viðskiptalífs á viðskiptum í þessum heimshluta.

sdg@frettabladid.is

HVÍTAHÚSIÐ / SÍA

Ný fyrirmynd í flutningum

í fjölmörgum útfærslum

Nýr Mercedes-Benz Sprinter setur nýjan gæðastaðal fyrir sendibíla. Hann er rúmbetri og öruggari en nokkru sinni fyrr og í farþegarými tekur öll hönnun mið af því að ökumanninum líði sem best á langri keyrslu.

Sprinter er framleiddur í fjölmörgum útfærslum, m.a. sérstökum sendibíla-, pallbíla-, fólksflutninga- og leigubílaútfærslum. Þá er hægt að fá Sprinter með föstum palli og sturtum, bæði með einföldu eða tvöföldu húsi. Og eins og með aðrar gerðir af Mercedes-Benz bifreiðum gefst kostur á að fá sérsniðið eintak af Sprinter eftir þörfum hvers og eins. Komdu og gerðu þína sérþöntun á nýjum Sprinter.

Mercedes-Benz

ASKJA - Laugavegi 170 - 105 Reykjavík - Sími 590 2100 - www.askja.is - ASKJA - Atvinnubílar - Skútahrauni 2a - 220 Hafnarfirði - Sími 590 2100.

Umsvifamikill þýskur listaverkasafnari látinn:

Átti 130 verk eftir Picasso

ÞÝSKALAND, AP Þjóðverjinn Heinz Berggruen, þekktur safnari verka eftir listmálarann Picasso, er látinn, 93 ára að aldri.

Berggruen átti rúmlega 130 verk eftir Picasso og var safn hans eitt það stærsta í heiminum. Hann yfirgaf heimaland sitt skömmu áður en seinni heimsstyrjöldin skall á og fluttist til Bandaríkjanna. Eftir styrjöldina fluttist hann til Parísar og hóf listaverkasöfnun. Kynntist hann Picasso árið 1949 og urðu þeir góðir vinir.

Berggruen var duglegur við að gefa verk sín til þekktra safna. Átti hann verk sem spönnuðu allan feril Picasso. **- fb**

Barna- og unglingageðdeild:

Aðstaðan bætt

HEILBRIGÐISMÁL Framkvæmdir eru að hefjast við viðbyggingu göngudeildar BUGL, Barna- og unglingageðdeildar Landspítala. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra tók fyrstu skóflustunguna þegar samningar við verktaka voru undirritaðir.

Nýja húsnæðið verður um 1.250 fermetrar að stærð og mun verktaki skila því fullbúnu í maí á næsta ári. Húsnæðið verður tekið í notkun um það leyti en með nýja húsnæðinu munu aðstæður starfsfólks og sjúklinga stórbatna, segir í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu.

Biðlistar munu ekki styttast þrátt fyrir að húsnæðið stækki. - ghs

SKÓFLAN MUNDUÐ Siv Friðleifsdóttir tók á dögunum fyrstu skóflustunguna að viðbyggingu við BUGL. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ARMENSKIR HERMENN Myndin er tekin í Nagorno-Karabakh í maí árið 1992. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fimmtán ár frá skelfilegum atburðum í Aserbaídsjan:

Fjöldamorðanna í Khojaly minnst

FJÖLDAMORÐ Aserbaídsjanar um heim allan minntust þess á sunnudag að fimmtán ár voru liðin frá fjöldamorðum sem framin voru í bænum Khojaly í héraðinu Nagorno-Karabakh árið 1992.

Á þessum tíma geisaði stríð í Nagorno-Karabakh, sem er hérað í miðju Aserbaídsjan. Í þessu héraði voru Armenar í miklum meirihluta og hafa þeir í raun stjórnað héraðinu sjálfir frá því stríðinu lauk árið 1994.

„Þeir hafa hrakið alla Aserbaídsjana burt. Þarna búa núna aðeins Armenar," segir Zakir Jón Gasanov, formaður Azeri, sem er vináttufélag Íslands og Aserbaídsjan. „En það hefur aldrei verið samþykkt. Ekkert ríki hefur samþykkt þetta, þótt það sé alltaf verið að halda fundi."

ZAKIR JÓN GASANOV Formaður Azeri, vináttufélags Íslands og Aserbaídsjan. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Armenski herinn réðst inn í Khojaly hinn 26. febrúar árið 1992 og náði borginni fljótt á sitt vald, en þar var eini flugvöllurinn í héraðinu og borgin gegndi því lykilhlutverki í samgöngum milli Armeníu og Nagorno-Karabakh.

Bandarísk og rússnesk mannréttindasamtök segja að hundruð óbreyttra borgara hafi þar verið myrt þennan dag, flestir á flótta undan hermönnum, og til eru bæði ljósmyndir og myndbönd af líkum, sem mörg hver eru ansi illa farin.

„Við viljum ekki að þessir atburðir gleymist," segir Zakir Jón. Hann segir aðfarir Armena hafa verið skelfilegar: „Þeir komu og drápu alla, bæði karla, konur og börn. Meira að segja óléttar konur."

Þrátt fyrir að eiginlegu stríði hafi lokið fyrir meira en áratug ríkir enn mikil spenna milli Armena og Aserbaídsjana.

„Það er ennþá verið að berjast við landamæri Armeníu og Aserbaídsjan," segir Zakir Jón. „Á hverjum degi er verið að skjóta eitthvað. Í gær til dæmis var einn maður drepinn." **- gb**

Grunnskólabörnin á höfuðborgarsvæðinu:

Flest börn ganga til skóla

KÖNNUN Meirihluti barna á höfuðborgarsvæðinu fer fótgangandi í skólann, eða 69 prósent þeirra. Þetta sýnir ný könnun frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, úrtak könnunarinnar var 1.200 manns.

Um 34 prósent grunnskólabarna fara með einkabíl í skólann, þrjú prósent með strætó og eitt prósent þeirra fer á hjóli.

Í könnuninni var einnig spurt hvernig viðkomandi ferðaðist til vinnu og kom þá í ljós að 73 prósent fara með einkabíl, tólf prósent gangandi, sjö prósent með strætó og fjögur prósent sem farþegar í bíl. **- kdk**

BÖRN Á LEIÐ Í SKÓLA Um sjötíu prósent grunnskólabarna fara fótgangandi í skólann.

e-kortið er gott fyrir veskið

Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands

Þú sækir um á www.ekort.is

Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

ekort

Svona erum við

Árleg hrossakjötneysla á íbúa í kílógrömmum



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HVAÐ ER SVIFRYK?

Malbiksagnir, sót, jarðvegur og salt

Umræða hefur verið um svifryk og svifryksmengun í þjóðfélaginu upp á síðkastið en ekki vita allir hvað svifryk er og hvernig það myndast.

Hvað er svifryk?

Samkvæmt rannsókn Iðntæknistofnunar frá 2003 eru malbiksagnir taldar vera 55 prósent svifryksins í borginni, sótagnir sjö prósent, agnir úr bremsuborðum tvö prósent, saltagnir ellefu prósent og jarðvegsagnir 25 prósent. Agnirnar eru mjög fínar, innan við tíu míkrómetrar á stærð og svo smáar að mannsaugað greinir þær ekki nema í miklu magni.

Hver er ástæðan fyrir miklu svifryki?

Nagladekkin eru talinn stór áhrifavaldur en malbikið spænist upp í andrúmsloftið þegar ekið er um á nagladekkjum. Sótið kemur úr útblæstri bíla. Jarðvegsagnirnar geta komið

víða að. Hér á landi getur jarðvegurinn flust með sterkum vindi frá hálendinu þó að það gerist reyndar ekki mjög oft og svo getur jarðvegur borist frá byggingaframkvæmdum.

Hvernig getur svifryk haft áhrif á heilsuna?

Astmasjúklingar og einstaklingar með öndunarfærasjúkdóma finna fyrir því þegar svifryksgildin eru há, sérstaklega nálægt miklum umferðargötum. Svifrykið ertir þá öndunarveginn og lungun. Rannsóknir sýna að hjartaáföll aukast þegar styrkurinn er hár og svifryk virðist geta valdið lungnasjúkdómum.

Hvar er svifrykið mælt?

Á tveimur stöðum í Reykjavík, við gatnamót Grensásvegar og Miklubrautar þar sem mesta umferðin er í borginni og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Við gatnamótin eru mælitæki í gám og senda þau mælingarnar jafnóðum.

Hvað er til ráða?

Draga úr notkun á nagladekkjum, nota almenningssamgöngur og ganga meira. Gott er að halda sig frá umferðargötum því að þar er mengunin mest.

SPURT & SVARAÐ

IÐJUÞJÁLFUN

Mikilvægt starf

Iðjuþjálfar fást ekki til starfa á iðjuþjálfunardeild geðdeildar LSH vegna lágra launa. Allt stefnir í að deildinni verði lokað í sumar. Guðrún Pálmadóttir er brautarstjóri iðjuþjálfunarbrautar við Háskólann á Akureyri.

GUÐRÚN PÁLMADÓTTIR

Hvað er iðjuþjálfun?

Iðjuþjálfun gengur út á að styðja fólk og kenna því að takast á við daglegt líf. Iðjuþjálfar aðstoða því einstaklinginn við að takast á við hversdagslífið, vinnuna, áhugamálin og heimilislífið og styðja hann í að yfirstíga þær hindranir sem búa ýmist í honum sjálfum eða í umhverfinu. Starf iðjuþjálfans snýr fyrst og fremst að því að styrkja einstaklinginn.

Er mikilvægt að hafa iðjuþjálfa inni á geðdeildum?

Það er afar mikilvægt enda var það einmitt þar sem iðjuþjálfunin byrjaði. Það skiptir miklu fyrir geðfatlaða að fá hjálp í að takast á við verkefni daglegs lífs og það hefur góð áhrif á heilsuna þegar einstaklingurinn finnur að hann getur leyst af hendi einhver verkefni.

Hefði lokun iðjuþjálfunardeildar áhrif á nemendur í iðjuþjálfun?

Geðdeild LSH hefur reynst heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri afar vel. Mikilvægur hluti námsins felst í starfsnámi og þar hefur iðjuþjálfunardeildin verið einn af okkar öflugustu bakhjörlum.

Kúbískur Kjarval sleginn í dag

Gríðarlegur áhugi er fyrir uppboði sem fram fer í Kaupmannahöfn í dag. Þar verður boðið upp fágætt verk eftir Kjarval og talið að það fari á margföldu matsverði sem er ein og hálf milljón. Einnig verða í dag boðin upp fimm verk eftir Svavar Guðnason í uppboðshúsi Bruun Rasmussen.

„Að ég bjóði? Fyrir sjálfan mig. Nei, Guð minn almáttugur. Ég hef ekki efni á því," segir Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur.

Í dag verður slegið umtalað Kjarvalsverk hjá uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn. Verkið, sem heitir Hvítasunnudagur, er talið einstakt, olía á striga og 100 x 113 sentimetrar á stærð. Verðmat sem uppboðshaldari miðar við er 100 til 150 þúsund danskar sem gera hátt í 1,8 milljónir íslenskra króna. Víst þykir að myndin fari á talsvert hærra verði en svo.

Margir til að bjóða í

Eftir að Morgunblaðið fjallaði um verkið á forsíðu sinni og Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, lýsti því yfir að verkið væri einstakt og hann hefði fullan hug á að eignast það fyrir hönd safnsins hefur áhugi magnast. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fjöldi áhugasamra kaupenda hyggist steðja út til Kaupmannahafnar og/eða vilji bjóða í verkið í gegnum síma. Tryggvi Páll Friðriksson, uppboðshaldari á Gallerí Fold, segist hafa heyrt um nokkurn hóp manna sem ætla að bjóða í verkið og Aðalsteinn Ingólfsson tekur í sama streng.

„Mikið er talað um þessa mynd Kjarvals. Menn eru forvitnir um hana fyrst búið er að magna upp þennan áhuga á henni. Klárt er að hún fer á yfirverði eftir, já, ummæli safnstjóra, það sem menn hafa verið að ræða í fjölmiðlum og þá er forsíða á Morgunblaðinu ekki léleg auglýsing," segir Aðalsteinn.

Búist við troðfullu húsi

Peter Christmas Möller er yfirmaður deildar hjá Bruun Rasmussen sem tekur til nýrri listaverka og hann segir ótrúlega mikinn áhuga sýna sig í tengslum við þetta tiltekna Kjarvalsverk – menn hafi haft samband vegna þess og spurt hvernig best sé að bera sig að boðum í myndina. Hann telur ljóst að matið á verkinu sé mjög lágt svo ekki sé meira sagt. „Enda er hún ein sú áhugaverðasta sem hefur verið boðin upp lengi. Menn ættu að mæta snemma því það verður örugglega troðfullt hús," segir Peter Christmas.

Aðspurður segir hann ómögulegt að segja á hvað verkið fer en nefndar hafa verið tölur allt upp í 15 milljónir íslenskra króna með kostnaði. Hann segir áhuga á norrænni eyjalist hafa aukist mjög undanfarin tvö ár og þar séu verk íslenskra listamanna engin undantekning.

Aðalsteinn segir að verkið hafi vissulega sérstöðu. Einkum sé litið til þess hversu stórt það er miðað við verk Kjarvals frá þessu tímabili en það er talið málað á árunum 1917-1919. Hefur verið á það bent að þarna megi greina fágæta takta hjá Kjarval sem vísi í kúbisma.

„Til eru aðrar Kjarvals-myndir í þessum dúr. Eins og sjá má ef Stóru Kjarvalsbókinni er flett. Kjarval gekk í gegnum perióðu sem við getum kallað kúbisma þó svo sé ekki strangt til tekið. Heldur einhvers konar bræðingur," segir Aðalsteinn.

Svavarsverk einnig boðin upp

Kjarval er ekki einn um hituna. Á morgun eru einnig boðin upp fimmtán verk eftir Svavar Guðnason en hann er líklega sá listamaður sem náð hefur mestum frama íslenskra listamanna á erlendri grund. Enda tilheyrir hann hópi eins þekktasta hóps norrænna listamanna sem nefnast Cobra-hópurinn. Aðalsteinn segir þar merk verk á ferðinni, pappírsverk máluð með krítarlitum, vatnslitum og pastel.

„Þetta eru góð verk úr safni Róbert Dalmanns Ólsen sem var góður vinur Cobra-hópsins, skrifaði um þá og átti verk eftir þá alla. Mikil tíðindi eru að safn hans skuli nú brotið upp með þessum hætti. Dalmann Ólsen þekkti Svavar á besta skeiði, þegar hann var hvað frjóastur og pródúctívastur. Var auk þess glöggskyggn sjálfur. Þetta eru ekki undirmálsverk, eru lágt metin (6 til 8 þúsund danskar) og fara örugglega á töluverðan pening," segir Aðalsteinn.

AÐALSTEINN INGÓLFSSON Segir menn forvitna um Kjarvalsverkið enda sé búið að magna upp spennu í tengslum við verkið, bæði með ummælum safnstjóra og í fjölmiðlum.

HVÍTASUNNUDAGUR Gríðarlegur áhugi er fyrir þessu Kjarvalsverki sem slegið verður í dag á uppboði hjá Bruun Rasmussen. Talið er að fjölmargir verði til að bjóða í verkið og það fari á margföldu matsverði sem er um ein og hálf milljón.

FJÖGUR AF FIMMTÁN SVAVARS-VERKUM Að sögn Peters Christmas Möller hjá Bruun Rasmussen gætir vaxandi áhuga á íslenskri myndlist. Mikill áhugi er á Kjarvalsverkinu og búist er við troðfullu uppboðshúsi í dag. Einnig verða boðin upp fimmtán verk eftir Svavar Guðnason. Aðalsteinn Ingólfsson segir verkin engin undirmálsverk nema síður sé en þau eru úr búi Róberts Dalmann Ólsen, góðs vinar Cobra-listamannanna og átti mörg verk eftir þá. Sætir tíðindum að einkasafn hans sé nú brotið upp með þessum hætti.

FRÉTTASKÝRING
JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON
jakob@frettabladid.is

INNBLÁSTUR FYRIR SKÖPUNARGLEÐINA
Ókeypis Panduro Hobby föndurlisti á íslensku!
Einnig fáanlegur í Skólavörubúðinni.

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Borgartúni 29 Glerárgötu 34 Höfðabakka 3

Veiðiheimildir til Norðmanna:

Mega veiða 625 tonn við Ísland

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur gefið út reglugerð þar sem Norðmönnum eru veittar heimildir til að línuveiða í íslenskri lögsögu.

Samkvæmt reglugerðinni er norskum línuskipum heimilt að veiða í íslenskri lögsögu 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu miðað við afla upp úr sjó.

Auk þess er þeim heimilt að veiða allt að 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó. - shá

GLÆSIFLEY Banaslys á skemmtibátum í Noregi eru algeng. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hættuleg dægradvöl:

Slys á skemmtibátum algeng

NOREGUR Árlega farast að meðaltali 33 Norðmenn í skemmtibátaslysum. Á síðasta ári týndu 34 Norðmenn lífi við skemmtisiglingar; 30 karlar og fjórar konur.

Algengast er að fólk falli fyrir borð eða báti hvolfi en á síðasta ári létust sjö þegar bátum var siglt í strand á mikilli ferð.

Norsk yfirvöld rekja ástæður slíkra slysa til þess að bátarnir eru mjög hraðskreiðir og stjórnendur þeirra hafi ekki næga kunnáttu eða þjálfun til siglinga.

Að auki er staðfest að fjórtán þeirra sem létust á síðasta ári voru ölvaðir. - shá

Skagfirskar kýr mjólka vel:

Búbót besta kýr Skagafjarðar

LANDBÚNAÐUR Kýrin Búbót frá bænum á Egg í Hegranesi mjólkaði mest allra skagfirskra kúa á síðasta ári. Hún skilaði um 10.692 lítrum af mjólk og er það mesta magn sem kýr í héraðinu hefur mjólkað á einu ári til þessa. Frá þessu segir skagfirska blaðið Feykir.

Kýrin Frekja frá Tunguhálsi II var næst í röðinni með 10.390 kíló, en hún átti gamla metið í afurðum sem var 10.631 kíló.

Í þriðja sæti var kýrin Örk sem einnig er á bænum á Egg. - kdk

Fylgist með – og látið vita

Miklar breytingar eru í vændum á skattlagningu matvara. Verð á flestum matvörum á að lækka um 6,1% og í nokkrum tilvikum um 14,1% við lækkun virðisaukaskatts. Neytendastofa hvetur alla til að vera vakandi og fylgjast með því hvort verð lækkar ekki örugglega 1. mars. Með því að geyma kassakvittanir úr verslunum og bera saman eftir 1. mars má greina verðbreytingarnar á einfaldan hátt. Leitið skýringa í verslun ef verð lækkar ekki.

Á heimasíðu Neytendastofu, **www.neytendastofa.is**, hefur verið opnuð vefgátt undir heitinu ***Verðlagsábendingar – láttu vita!*** Þar er með skjótvirkum hætti hægt að koma á framfæri ábendingum um það hvort lækkanir á vöruverði hafi ekki skilað sér. Á síðunni eru einnig aðgengilegar upplýsingar um þær matvörur sem eiga að lækka í verði sem og aðra þá þætti sem lækkunin tekur til, s.s. veitingaþjónustu, hótelgistingu og fleira.

Neytendur – stöndum vaktina saman!

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • www.neytendastofa.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar eru blessunarlega frjálslyndir og umburðarlyndir gagnvart náunga sínum.

Móralski minnihlutinn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ekki þarf að koma á óvart að traustur meirihluti þjóðarinnar álíti að stjórnendur Hótels Sögu hafi gert rangt með því að neita gestum klámráðstefnu um gistingu, eins og skoðanakönnun Fréttablaðsins leiðir í ljós. Íslendingar eru blessunarlega upp til hópa fremur frjálslyndir og umburðarlyndir í viðhorfum til gjörða náunga síns, að minnsta kosti svo lengi sem engin lög eru brotin og viðkomandi athafnir káfa ekki upp á aðra en iðkendurna sjálfa.

Hitt kom aftur á móti nokkuð á óvart hversu atvinnustjórnmálamenn landsins voru illa úr takt við þjóð sína í þessu máli. Við Austurvöll og Tjörnina brast á með þverpólitískri samstöðu um að fordæma bæri fyrirhugaða heimsókn framleiðenda fullorðinsefnisins og helst koma í veg fyrir hana með öllum ráðum.

Formaður Samfylkingarinnar spurði forsætisráðherra hvað hann ætlaði að gera í málinu og borgarstjóri ræddi um lögreglurannsókn eins og það væri hlutverk lögreglunnar að gefa út siðferðisvottorð fyrir erlenda ferðamenn.

Á meðan móralski minnihlutinn hamaðist sat þögli meirihlutinn hjá og furðaði sig á ofstopanum.

Burtséð frá því hvort fólk hafi gaman af því að sjá annað fólk allsbert á skjá og álíti það dónalegt eða bara skemmtilegt, þá er ekki hjá því komist að framleiðsla slíks myndefnis er umfangsmikill og fyllilega löglegur iðnaður úti í hinum stóra heimi.

Frá Bretlandi bárust til dæmis þær fréttir í síðustu viku að einn umsvifsmesti blaðaútgefandi landsins, Richard Desmond, væri að íhuga að skrá sjónvarpsfyrirtæki sitt, PortlandTV, í kauphöllina þar í landi. Fyrirtækið rekur 25 rásir með fullorðinsefni og er metið á um 26 milljarða króna. Leiða breskir fjölmiðlar getum að því að Sir Angus Grossart verði stjórnarformaður PortlandTV eftir skráningu, en hann er fyrrverandi varaformaður Bank of Scotland og stjórnarformaður ríkislistasafna Skotlands. Þetta eru sem sagt engir minnipoka- eða utangarðsmenn heldur áhrifamiklir viðskiptajöfrar. Og þeir líta ekki á sig sem neina klámkarla, eða svo vitnað sé í Richard Desmond: „Ég veit ekki betur en að klám sé ólöglegt, og ég fæst ekki við neitt ólöglegt ... að kalla mig klámframleiðanda er álíka og að kalla stjórnanda Glaxo eiturlyfjasala.“ Fyrir þá sem ekki vita er rétt að geta þess að Glaxo er einn stærsti lyfjaframleiðandi heims.

Auðvitað er Desmond hins vegar argasti klámhundur í augum fjölda fólks, sama hvað hann sjálfur segir. Í því liggur einmitt vandinn að aðkomu stjórnvalda að kynlífsiðnaðinum. Það sem er klám í augum eins getur verið fantasía í augum annars og hver treystir sér til að draga mörkin?

Ýmsir virðast þó treysta sér til þess, eins og hefur komið í ljós á undanförnum vikum. Þar á meðal þingmennirnir og borgarfulltrúar okkar.

Samstaðan í þessum hópi er reyndar frekar ótrúverðug. Ekki er ólíklegt að sú skoðun hafi verið útbreidd að það væri ekki hægt að tapa á því að vera á móti heimsókn útlendu gestanna. Er óskandi að slíkur popúlismi sé hin raunverulega skýring í sem flestum tilfellum. Það er að minnsta kosti mun bærilegri tilhugsun en að móralismi stjórnmálamannanna hafi ráðið ferðinni yfir línuna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Markbréf

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. hefur tekið ákvörðun um að opna á nýjan leik fyrir innlausn hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðnum Markbréfum, en almenn frestun á innlausn var ákveðin á fundi stjórnar þann 18. janúar sl.
Er það mat stjórnarinnar að skilyrði frestunar sem fram koma í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði séu ekki lengur fyrir hendi. Opnað verður fyrir innlausnir í dag, 27. febrúar 2007.
Nánari upplýsingar eru veittar hjá ráðgjöfum í verðbréfa og lífeyrismálum hjá Kaupþingi í síma 444-7000.

Reykjavík, 26. febrúar 2007
f.h. Markbréfa
Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

KAUPÞING

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sáttaleiðin

Nokkur spenna hefur ríkt milli Davíðs Oddssonar og stjórnenda fjármálafyrirtækja frá því í október á síðasta ári. Bankar hafa íhugað að færa uppgjör sitt í evrum í stað íslenskra króna, sem hefur verið Davíð á móti skapi. Hefur það komið skýrt fram í viðtölum við hann og samtölum hans við forystumenn bankanna. Og nú þarf hann líklega ekki að vera hræddur um að bankarnir flýi land vegna þessarar afstöðu sinnar. Ástæðan er sú að matsfyrirtækið Moody's gefur bönkunum hæstu einkunn. Hvers vegna? Meðal annars vegna þess að Seðlabankinn er tilbúinn til að hlaupa undir bagga verði bankarnir fyrir áfalli.

Stuðningsleiðin

Fulltrúar Moody's hittu stjórnendur Seðlabankans í aðdraganda þess að þeir gáfu bönkunum þessa fínu lánshæfiseinkunn. Davíð Oddsson hefur líklega ekkert dregið úr mikilvægi þessara fyrirtækja fyrir íslenskt samfélag, sem Seðlabankinn myndi styðja við bakið á kæmi eitthvað uppá. „Ef líkur á utanaðkomandi stuðningi eru metnar meiri en 98 prósent þá hlýtur viðkomandi banki sömu einkunn og stuðningsaðili hefur," segir í frétt greiningardeildar Landsbankans. Skilaboð Davíðs hafa verið skýr samkvæmt þessu. Og í þessu samhengi skipta krónan og seðlaprentunarvald Seðlabankans máli. Krónuumhverfi bankanna hefur nú orðið til að styrkja þá.

Evruleiðin

Það er því ólíklegra en áður að Kaupþing eða önnur fjármálafyrirtæki íhugi að flytja starfsemi sína í bráð til Írlands eða annarra álitlegra landa. Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson geta verið sáttir enda jókst verðmæti allra viðskiptabankanna í Kauphöllinni í gær. Þetta þýðir að ódýrara verður fyrir bankana að fjármagna starfsemi sína og fleiri fjárfestar beina til þeirra viðskiptum. Sérstaklega stórir öflugir aðilar sem setja það sem skilyrði að viðskiptabankar þeirra séu með bestu einkunn Moody's. Davíð Oddsson getur líka verið kátur. Hann hefur á sinn hátt gert krónuna að mikilvægari gjaldmiðli fyrir íslensk fjármálafyrirtæki. Hvað verður þá um evruumræðuna?

bjorgvin@frettabladid.is

Tvískinningur ráðamanna

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR
Í DAG | Ferða- og fundafrelsi

Málefnið, hversu gott eða göfugt það er, má nefnilega ekki kippa úr sambandi þeim umgengnisvenjum, lögum og rétti sem hér gilda.

Bændasamtökin á Íslandi eru öflug. Þau hafa með dyggum stuðningi Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins séð til þess að við búum við arfavitlaust og rándýrt landbúnaðarkerfi sem meðal annars leiðir til þess að matarverð hér á landi er miklu hærra en í nánast öllum Evrópulöndum. Nú hafa bændasamtökin tekið að sér siðferðisvörslu og útlendingaeftirlit fyrir þjóðina.

Söguþráðurinn í síðustu viku er nánast óskiljanlegur og að mínu mati mjög umhugsunarverður. Það er jafnvel spurning hvort kona eigi ekki að verða óttaslegin þegar hlutirnir ganga svona fyrir sig. Málefnið, hversu gott eða göfugt það er, má nefnilega ekki kippa úr sambandi þeim umgengnisvenjum, lögum og rétti sem hér gilda.

Fyrir nokkrum árum síðan vildu stjórnvöld banna hópi manna að koma hingað vegna þess að vera fólksins í landinu mundi móðga gesti ríkisstjórnarinnar. Þeir sem var meinað að koma til landsins voru meðlimir í Falun Gong félagsskapnum sem hefur mótmælt mannréttindabrotum kínversku ríkisstjórnarinnar. Forseti Kína var í heimsókn og ráðamennirnir í stjórnarráðinu töldu að það mundi særa blessaðan gestinn að berja þetta fólk augum án þess að geta látið handtaka það.

Hópurinn sem bændasamtökin héldu frá landinu var af allt öðrum toga og viðfangsefni þeirra sem í honum eru hreint ekki göfug. Hin frábæru samtök Stígamót höfðu vakið athygli á því að hér ætlaði að hittast hópur fólks sem vinnur í klámiðnaði. Stígamót, sem þekkja best hinar hörmulegu afleiðingar kynferðilegs ofbeldis, lýstu vanþóknun sinni á að þessi hópur ætlaði að hittast hér. Lögreglan kannaði málið og komst að þeirri niðurstöðu að gestirnir, ógeðfelld sem okkur finnst iðja þeirra, hygðu ekki á ólöglegar athafnir hér á landi og því væru ekki forsendur til að hefta för fólksins.

Næst stóð upp sómakært fólk, aðallega karlar, og lýstu því yfir hversu mikla óbeit þeir hefðu á klámi – so what else is new? Og allir þingflokkar lýstu því yfir að þeim þætti þetta fólk ógeðfellt og vildu þeir nú óska þess að það ætlaði ekki að hittast hér í okkar ósiðspillta landi. Bændasamtökin sáu að við svo búið mætti ekki standa og rufu samninga sem óþjóðalýðurinn hafði gert við fyrirtæki sem leigir hjá bændunum.

Þetta er allt svo mikill tvískinnungur að konu er nóg boðið. Þrjár eða fjórar búðir sem ég kalla klámbúðir eru í innan við fimm mínútna göngufæri frá heimili mínu hér í 101 Reykjavík. Svokallaðir súlustaðir eru að því sagt er arðvænlegur atvinnuvegur hér á landi. Þeir sem ráða gera ekkert til að stöðva það. Þingflokkarnir áttu ekki von á röggsemi bændasamtakanna og héldu að þeir gætu mómælt ráðstefnuhaldinu án þess að þurfa að láta athafnir fylgja orðum.

Á Alþingi hafa verið fluttar tillögur um að gera kaup á vændi ólögleg en nú er einungis bannað að selja blíðu sína eins og kallað er en það er ekki bannað að kaupa blíðu fólks. Þetta er auðvitað algjör viðsnúningur vegna þess að þau sem þurfa að stunda vændi eru fórnarlömb en ekki öfugt. Þess vegna ætti að vernda það fólk með lögum en ekki þau grey eða þá dóna sem kaupa sér slíka þjónustu.

Þessar tillögur hafa ekki verið samþykktar á hinu háa Alþingi. Það hefur vakið athygli mína að konur sem sitja á Alþingi fyrir Sjalfstæðisflokkinn hafa ekki fengist til að flytja slíkar tillögur, hvað þá að nokkur sjálfstæðiskarl, sem nú lýsa allir yfir óbeit sinni á klámi, hafi stutt slíka tillögugerð. – Þetta hlýtur þó að breytast núna eftir að allir eru komnir út úr skápnum að þessu leyti. Klámbúðunum í nágrenni við mig hlýtur að verða lokað og lög sem banna kaup á vændi hljóta að verða samþykkt, annars eru allar yfirlýsingar landsfeðranna frá því í síðustu viku einfaldlega svindl.

Kona er sjálf svo uppnæm fyrir klámi að hún umber illa hárfínustu bláa brandara. Hún hefði verið til í að standa með mótmælaspjald við bændahöllina og segja fólkinu sem þar ætlaði að búa að henni fyndist atvinna þess ógeðfelld. Hún getur hins vegar ekki sætt sig við að bændasamtökin taki ferða- og fundafrelsi af fólki sem ekki ætlar að fremja hér lögbrot. Hvað ef bændum yrði í nöp við rauðhærða – eiga þeir þá ekki að fá inni á hótelinu þeirra? Spyr sú sem ekki veit.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

Óðagot bæjarstjórans í Kópavogi

UMRÆÐAN
Skipulagsmál

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Bæjarstjórinn í Kópavogi hefur sagt í viðtali að það sé líklegt að Reykjavíkurborg sé að koma í veg fyrir framkvæmdir við vatnsveitu Kópavogs svo Orkuveitan geti haldið áfram að selja Kópavogi vatn, „á okurverði". Þessar ásakanir bæjarstjórans eru alvarlegar í garð borgarstjórnar Reykjavíkur og miðað við þau orð sem fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa látið falla síðustu daga er ekki að heyra að neinir kærleikar séu milli flokksfélaganna beggja vegna lækjar.

En Gunnar gleymdi að nefna að árið 1995 hækkaði Orkuveitan gjaldskrána til þeirra sveitarfélaga sem kaupa vatn af Orkuveitunni. Kópavogsbær, einn sveitarfélaga ákvað að una ekki þeirri ákvörðun og krafðist mats hjá dómkvöddum matsmönnum sem endaði með því að Kópavogi var gert að greiða 40% meira fyrir vatnið en skv. kröfu Orkuveitunnar. Því hljómar það furðulega að Gunnar Birgisson skuli ítrekað væna Reykjavíkurborg og Orkuveituna um okur. Þessi undarlega samningatækni bæjarstjórans hefur kostað Kópavogsbúa tugi milljóna. Frá árinu 1996 hafa forystumenn bæjarins aldrei óskað eftir formlegum viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um vatnsverð né heldur gert tilraun til að ná við þá betri samningum og er því ljóst að stórlyndi bæjarstjórans er ástæða þess að Kópavogur greiddi meira fyrir vatnið en þar til í fyrra þegar Orkuveitan ákvað einhliða að lækka vatnsgjaldið til Kópavogs.

Ástæða þess að bæjarstjóranum liggur svo á að koma Vatnsveitu Kópavogs í gagnið, verkið hafið án þess að tilskilin leyfi liggi fyrir og hugsanlega með ólögmætum hætti, er raunverulega sú að um mitt þetta ár hefur meirihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs skuldbundið Kópavogsbæ til að selja Garðbæingum vatn á undirverði. Verði vatnsveita Kópavogs ekki komin í gagnið á þeim tíma munu Kópavogsbúar væntanlega þurfa að kaupa vatn af Orkuveitu Reykjavíkur og niðurgreiða til Garðbæinga en þeir fórnuðu vatnsbólum sínum svo ný hesthúsabyggð megi rísa á Kjóavöllum. Allt hófst þetta þegar hlaupið var undir bagga með fjárvana fjárfestum í Glaðheimum. - Hversu lengi munum við sjá áhrif þess á bæjarsjóð Kópavogs?

Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs.

HOLLUR MATUR
Auður Árdís Eiðsdóttir, ráðskona á leikskólanum Mýri, útbýr mat úr lífrænt ræktuðu hráefni fyrir börnin. Hún segir engar unnar matvörur vera keyptar, hvorki úr fiski né kjöti.
HEILSA 2

REYKLAUS
Í tilefni þess að bannað verður með lögum að reykja á veitingahúsum ætla Lyf og heilsa að bjóða þeim aðstoð sem hyggjast hætta að reykja. Stuðningur og einstaklingsráðgjöf verður í boði í apótekum Lyfja og heilsu.
HEILSA 3

ALLT HITT

[HEILSA]

Rannsókn er fyrirhuguð á tíðni óvæntra skaða á sjúkrahúsum hérlendis. Rannsóknin er samvinnuverkefni Landlæknisembættisins, Landspítala - háskólasjúkrahúss, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og í henni verður stuðst við svipaða aðferðafræði og notuð hefur verið við sams konar rannsóknir í öðrum löndum.

Fyrirlestur um merkingu matvæla verður haldinn á vegum Umhverfisstofnunar í dag frá klukkan 15.00 til 16.00 að Suðurlandsbraut 24, 5. hæð. Helstu niðurstöður úr eftirlitsverkefni Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um merkingar tilbúinna matvæla verða kynntar og farið verður lauslega yfir nýjustu breytingar og væntanlegar breytingar á reglugerð um merkingu matvæla.

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 27. febrúar, 58. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.43	13.40	18.39
Akureyri	8.33	13.25	18.19

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Guðmundur Finnbogason segir skátahreyfinguna bjóða ungmennum upp á eina bestu íþrótta- og tómstundaiðju sem völ er á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölbreytt áhugamál

Guðmundur Finnbogason hefur verið í skátunum í átján ár.

Vífill, skátafélag Garðabæjar, verður fjörutíu ára sumardaginn fyrsta, en svo skemmtilega vill til að afmælið ber upp á aldarafmæli skátahreyfingarinnar. Guðmundur Finnbogason gekk til liðs við Vífil fyrir fjórum árum en hefur verið í skátunum í átján ár. Hann segir fátt jafnast á við það tómstunda- og íþróttastarf sem hreyfingin innir af hendi.

„Starf okkar gengur að miklu leyti út á að skipuleggja útiveru, svo sem leiki, útilegu, göngu- og skoðunarferðir fyrir börn og ungmenni, enda erum við æskulýðshreyfing," útskýrir Guðmundur. „Markmiðið er að kenna þeim samvinnu og innræta ábyrgðartilfinningu. Skátastarfið vegur því ágætlega upp á móti því umhverfi sem krakkarnir alast upp við, þar sem of litlar kröfur eru gerðar til þeirra."

Guðmundur var sjálfur níu ára þegar hann gekk til liðs við skátafélag Selfoss, Fossbúa. „Á þeim tíma var ótrúlega vinsælt á meðal jafnaldra minna að ganga í félagið á Selfossi," segir hann. „Ég hafði gaman af öllu sem fram fór innan félagsins. Ég viðurkenni að mér þótti að vísu svolítið hallærislegt að vera skáti á unglingsárunum. Samt hvarflaði aldrei að mér að hætta. Sú ánægja sem skátafélagið veitti mér vó þyngra en svo að ég léti spéhræðslu fæla mig í burtu."

Guðmundur segir algengt að krakkarnir taki við foringja- eða leiðbeinendastöðum haldi þeir áfram í skátunum, enda sé mikið lagt upp úr að kenna þeim að axla ábyrgð. Svo fór í hans tilviki, þar sem hann tók til starfa með Vífli eins og áður sagði. „Ég væri þó ekki enn að þessu, væri þetta ekki svona gefandi, skemmtilegt og fjölbreytt áhugamál."

roald@frettabladid.is

Göngustafir gera mikið meira úr gönguferðinni. Með því að grípa með sér göngustafi eða bara skíðastafina hreyfir maður handleggina hressilega, brennir mun meira og styrkir handleggsvöðvana í leiðinni.

Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösum

Auður matráðskona á Mýri kappkostar að því að gefa börnunum hollt og fjölbreytt fæði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lífrænt ræktað speltpasta í pottunum

Sérstök matarhefð hefur skapast á leikskólanum Mýri í Skerjafirði. Þar er Auður Árdís Eiðsdóttir ráðskona.

Auður eldar fyrir rúmlega fimmtíu manns og hefur stórt og gott eldhús að vinna í. Hún er með rétt úr speltpasta í pottunum daginn sem kíkt er í heimsókn. Það ber hún fram með fersku grænmeti og heimabökuðu brauði. Hún segir allar kornvörur keyptar í Yggdrasil, sem tryggi að þær séu lífrænt ræktaðar. „Við notum alltaf speltpasta eða heilhveitipasta, líka hýðishrísgrjón og gróft haframjöl, allt lífrænt," segir hún. Aðspurð segir hún þessar vörur eitthvað dýrari en þær sem ræktaðar eru með hefðbundnum hætti en þó kosti maturinn á Mýri það sama og í öðrum leikskólum Reykjavíkur. Lögð sé mikil áhersla á grænmeti og ávexti í mataræðinu en það ráði hún ekki við að kaupa lífrænt því hún verði að halda sig innan kostnaðarmarka.

Auður segir unnar matvörur úr fiski eða kjöti ekki keyptar í eldhúsið á Mýri. „Ef ég hef fisk- eða kjötbollur blanda ég í þær sjálf og sömuleiðis geri ég lasagne, súpur og sósur frá grunni. Einnig baka ég brauðin sem ég ber með mat en kaupi gróf brauð í Björnsbakaríi til að hafa í kaffitímanum," lýsir hún.

Sjálf kveðst Auður ekki hafa innleitt þessa stefnu í matarmálum leikskólans. „Það hefur alltaf verið skemmtileg stemning í kringum matinn á Mýri," segir hún brosandi og heldur áfram. „Ég byrjaði hér fyrir þremur árum og hef lagt mig fram um að viðhalda þeim hefðum sem hér höfðu skapast. Þessi leikskóli hefur haft matarmenningu í öndvegi að minnsta kosti frá því um 1994 og mikil áhersla hefur verið lögð á gott, hollt og fjölbreytt fæði. Mér finnst gaman að halda því við. Börnin taka því vel, en misvel eins og eðlilegt getur talist. Við prófum gjarnan eitthvað nýtt og kynnum fyrir þeim nýja rétti en höldum líka í þetta íslenska eins og hangikjöt, saltkjöt og slátur og svo auðvitað soðinn fisk."

Í framhaldi af síðustu setningu er Auður spurð í gríni hvort hún rói kannski til fiskjar sjálf til að afla heimilinu viðurværis. „Nei," svarar hún hlæjandi. „Ég geri það nú ekki þó stutt sé á sjóinn hér í Skerjafirðinum."

gun@frettabladid.is

Lyf gætu haft jákvæð áhrif á námshæfni einstaklinga með Downs-heilkenni.

Lyf auka afkastagetu

Vísindamenn telja að sérstök lyf geti aukið námshæfni einstaklinga með Downs-heilkenni.

Downs-heilkenni er ein algengasta orsök námserfiðleika og til mikils að vinna að finna lausn á vandanum. Vísindamenn við Stanford-háskólann í Bandaríkjunum skoðuðu lyf sem notað var við flogaveiki á sjötta áratugnum. Músum með svipuð einkenni og einstaklingar með Downs-heilkenni var gefið lyfið einu sinni á dag í hálfan mánuð. Að þeim tíma liðnum gátu mýsnar lært hluti sem þær gátu ekki áður og hegðuðu sér meira eins og venjulegar mýs. Virknin hélt áfram í tvo mánuði eftir að lyfjagjöf var hætt.

Með rannsókninni vildu vísindamennirnir kanna þann möguleika hvort heili einstaklinga með Downs-heilkenni verði fyrir áhrifum af efninu GABA sem hægir á virkni tauga í heilanum.

Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður er langt í land enda þarf að ákvarða hvaða áhrif lyfið hefur á manneskjur.

Tekið af vef BBC.

Fangar læra barnagæslu

Ný leið til að kenna föngum ábyrgðartilfinningu.

Nokkrir fangar í fangelsi í Nashville í Bandaríkjunum taka nú þátt í nýstárlegu námskeiði innan fangelsismúranna. Á námskeiðinu fá fangarnir í hendurnar tölvuvædd smábörn sem þeir verða að sjá um. Dúkkurnar gráta, ropa og pissa og verða fangarnir að bregðast rétt við til að fá frið.

Námskeiðið á að kenna föngunum að axla ábyrgð og sýna þolinmæði.

Alonzo Cheeks sem situr inni fyrir bílstuld heldur á tölvuvæddu barni sínu.

Sigríður Pálína segir að mælt sé með að fólk taki upp heilbrigðari lífsstíl samhliða reykbindindinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stuðningur skiptir máli

Hinn 1. júní munu öll veitingahús á Íslandi verða reyklaus samkvæmt lögum og því eru margir sem hafa hugsað sér að hætta að reykja fyrir þann tíma. Stuðningur og ráðgjöf geta hjálpað í baráttunni við tóbakið og því hefur verið ákveðið að bjóða upp á einstaklingsviðtöl og ráðgjöf í apótekum Lyfja og heilsu fyrir þá sem vilja hætta að reykja.

Í tuttugu apótekum Lyfja og heilsu víðs vegar um landið verður héðan í frá boðið upp á viðtöl og ráðgjöf fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Sigríður Pálína Arnardóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjum og heilsu, segir að þeir sem hafi áhuga geti bara gengið inn í næsta apótek af götunni og pantað sér viðtal. „Við reiknum með svona sex til átta viðtölum á mann og hvert viðtal hefur ákveðið þema. Farið verður í hvernig tóbakið hefur áhrif á líkamann, sjúkdóma sem reykingar valda og næringarráðgjöf. Hvert viðtal kostar fimm hundruð krónur og við miðum við að þau séu með svona viku millibili en annars ræður fólk því sjálft. Þó að við séum öll með sama faggrunn í viðtölunum okkar eru þau að sjálfsögðu einstaklingsmiðuð," segir Sigríður.

Auk ráðgjafar og stuðnings í viðtölunum verður þátttakendum boðið upp á blóðþrýstingsmælingu og kolmónoxíðmælingu. „Við erum með mæli sem mælir kolmónoxíð í útöndunarlofti en það binst blóðrauðanum fastar en súrefni og veldur auka álagi á hjarta og æðakerfi. Þegar hætt er að reykja minnkar styrkur kolmónoxíðs í útöndunarlofti hins vegar mjög fljótt þannig að árangur er mælanlegur strax á fyrsta sólarhring. Tveimur til þremur dögum eftir að reykingum er hætt er styrkur kolmónoxíðs orðinn sá sami og hjá þeim sem hafa aldrei reykt."

Stuðningur skiptir miklu máli þegar hætt er að reykja og bendir Sigríður á að gott geti verið að hringja í reyklausa símann hjá Lýðheilsustöð á milli viðtala í Lyfjum og heilsu. „Allir sem koma til okkar fá svo afhent fræðsluefni til að lesa heima og fylgst er með hvernig fólki gengur með bindindið eftir að viðtölunum lýkur."

Sigríður segir að ráðgjafar Lyfja og heilsu mæli með því við alla sem koma í viðtöl að þeir taki upp heilbrigðari lífsstíl samhliða reykbindindinu. „Við erum með mjög flott prógramm sem er sett saman af næringarfræðingum en þegar hætt er að reykja hægir á brennslu líkamans og því mikilvægt að huga vel að mataræði og hreyfingu."

emilia@frettabladid.is

Örvar collagen-framleiðslu

Restylane heldur húðinni stinnri.

Ný rannsókn á hrukkubananum Restylane hefur leitt í ljós að efnið örvar jafnframt framleiðslu collagens, náttúrulegs efnis sem heldur húðinni stinnri, gagnstætt því sem talið var.

Restylane hefur í gegnum tíðina verið sprautað í varir, kinnar og enni til að gefa aukna fyllingu og slétta úr hrukkum, með góðum árangri.

Húðsýni voru tekin úr ellefu sjálfboðaliðum, eldri borgurum með brunasár af völdum sólar, eftir að efninu var sprautað í þá. Rannsóknin, sem var framkvæmd við Michigan-háskóla, leiddi í ljós að efnið örvar collagen-framleiðslu líkamans og kemur auk þess í veg fyrir niðurbrot þess. Síðast en ekki síst er regluleg notkun þess talin hafa langtíma áhrif, gagnstætt því sem menn héldu. Efnið hefur því meiri virkni en framleiðendur og almenningur álitu.

Rannsóknin náði ekki til annarra hrukkubana en Restylane, svo ekki er vitað hvort þeir hafi sams konar áhrif. Hún skilur hins vegar eftir nokkrar spurningar, meðal annars hvað í efninu valdi endurnýjun fruma og hvort það megi nota til endurnýjunar annarra fruma.

Frá þessu er greint á www.cnn.com. *- rve*

Restylane, sem notað er gegn hrukkum, örvar framleiðslu collagens.

GREEN PEEL

ANDLITS LYFTING
Verð 12.200 kr
Tilboðsverð 9.900 kr
ef þú pantar í dag
Green peel andlitslyfting sem tekur einungis 4-5 daga.
Kínastofan • Stórhöfði 17 • 110 Rvk • 577 7007

Baðvogir
BOSCH
Baðvog, PPW 2200
Fullkomin baðvog sem mælir þyngd, fitu og vatnsprósentu.
Tækifærisverð: 9.900 kr.


BOSCH
Baðvog, PPW 5310
Fullkomin baðvog sem mælir þyngd, fitu, vöðva og vatnsprósentu.
Minni fyrir 10 einstaklinga.
Tækifærisverð: 8.800 kr.
ATARNA - STÍNA M. / FÍT
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

TT námskeið

Vertu í góðum málum!
Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin
Ný og kraftmikil TT-námskeið!
Innritun hafin núna í síma 581 3730.
Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!
Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.
TT-1
- Lokuð 9 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Glæsilegur lokafundur þar sem sérfræðingar í hári og fördun veita ráð
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

TT-2
- Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT-1

Loksins! TT á besta tíma: 16:30 og 17:40 og aukið rými fyrir morgunhænurnar: 6:15 og 7:20
Barnagæsla – Leikland JSB
Vertu velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Þú í form núna!
Við kynnum vinsælasta líkamsræktar spjallvef landsins til sögunnar
vaxtarvorur.is
Sérverslun með NOW fæðubótarefni
VAXTARVÖRUR
Kaplahrauni 19, Hfj. S: 565-9595. Opið 13-19 virka daga - 12-16 lau.

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

27. febrúar Hreinsun líkamans með jurtum og mat
Kolbrún Björnsdóttir

01. mars Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

15. mars Góð ráð fyrir heilbrigðan lífstíl
Goran Kristofer Micic

15. mars Heilsukostur - Kökur og eftirréttir
Meistarakokkar Maður lifandi

29. mars Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi

Persona.is

EYGLÓ GUÐMUNDSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

Kulnun í hjónabandi

Ég er 45 ára kona í þeirri erfiðu stöðu í mínu hjónabandi að allt hjónalíf okkar á milli er liðið undir lok. Þá á ég við að við höfum ekki sofið saman eða deilt rúmi í næstum því 2 ár, við förum ekkert saman, ekki heldur í ferðalög eða nein frí. Við búum jú saman og gengur ágætlega með daglegan rekstur á heimilinu og uppeldi barnanna okkar en þess utan virðist allt kólnað á milli okkar. Málið er að hvorugu okkar virðist líða mjög illa með þetta. Það gerðist ekkert sérstakt á milli okkar sem getur skýrt hvernig komið er heldur hefur þetta bara dofnað svona smátt og smátt og nú er allt orðið kalt. Ég hef stungið upp á því að við færum í hjónaráðgjöf en það vill hann alls ekki og segist ekki hafa neinn áhuga á því. Hvað segið þið sem hafið unnið með fólki í vanda, hversu lengi getur svona ástand staðið yfir áður en annar aðilinn eða báðir springa? Svo er eitt líka farið að naga mig svolítið og það er hvort það sé möguleiki að karlmaður með ágætlega fríska kynhvöt lifi án kynlífs í 2 ár án þess að vera farinn að líta í kringum sig? Einhvern veginn held ég að konur eigi auðveldara með að loka á kynlíf yfir ákveðinn tíma. Hvað á ég að gera, er ekki betra að ljúka svona sambandi ef við treystum okkur ekki til að endurlífga það sem við áttum áður?

Sæl
Af lýsingu þinni að dæma mætti ætla að langur tími sé liðinn frá því að þið hjónin fóruð að fjarlægjast hvort annað og nú er svo komið að þið virðist nánast lifa aðskildu lífi fyrir utan uppeldi barna og rekstur heimilis. Að mörgu leyti er fremur sérstakt að þið virðist sætta ykkur við þetta ástand, en aftur á móti getur það verið vel skiljanlegt þar sem tilfinningar ykkar gagnvart hvort öðru hafa dofnað yfir lengri tíma á þann hátt sem þú lýsir. Oft er mjög erfitt að snúa ferlinu við þegar svona langt er komið, það krefst mikils vilja og áhuga af beggja hálfu, en eftir því sem þú segir er sá áhugi ekki endilega til staðar hjá eiginmanni þínum. Það sem ég velti fyrir mér er hvort kuldinn milli ykkar sé algjör, ef svo er væri ráð hjá ykkur að setjast niður, annaðhvort bara þið tvö eða með einhverjum ráðgjafa, og ræða hvernig þið viljið að framtíð ykkar líti út. Geta báðir aðilar sætt sig við að búa saman og reka saman heimili án þess að lifa eðlilegu hjónalífi og finna fyrir þeim tilfinningum sem fylgja þegar um ástarsamband er að ræða?

Þegar ástin er til staðar er yfirleitt löngun hjá báðum aðilum að lifa kynlífi með maka sínum, löngunin getur verið mismunandi mikil eftir aðstæðum en þó er eðlilegt að hún komi upp þegar aðstæður eru ákjósanlegar. Mikil streita og þreyta getur minnkað löngun í að stunda kynlíf með makanum, þetta getur átt við bæði karlmenn og konur, en þegar fólki líður vel blómstrar yfirleitt kynlífslöngunin ef djúp ást er milli tveggja einstaklinga. Aftur á móti er það iðulega þannig að ef ástin er kulnuð milli hjóna er heldur ekki mikil kynlífslöngun til staðar í garð makans, þetta þarf þó ekkert endilega að þýða að viðkomandi sé farinn að líta í kringum sig heldur er það mjög einstaklingsbundið. Ég held að það mikilvægasta í stöðu ykkar nú væri að leita ykkur ráðgjafar til þess að átta ykkur á hvert þið viljið stefna, hvort sem það er að reyna að laga ástandið eða að fara hvort í sína áttina. Góð hjónabandsráðgjöf er nýtileg til svo margs, þar á meðal til að fá góða ráðgjöf um hvernig er best að haga sér gagnvart börnunum ef fólk ákveður að best sé að leiðir skilji.

Gangi ykkur vel,
Eygló Guðmundsdóttir, sálfræðingur.

Guðdómleg knattspyrna

Klerkakeppnin í knattspyrnu er hafin í Vatíkaninu. Fyrsti leikurinn var frekar grófur.

Áhorfendur kalla að guðsmóðirin vilji mörk. Margir laga prestskragann svo ópin heyrist betur, og einn og einn lætur hempuna ekki aftra sér í því að lemja trommur af miklum móð. Knattspyrna er trúarbrögð og þessir menn eru sérfræðingar í þeim.

Boltinn er farinn að rúlla í Vatíkaninu þar sem klerkakeppnin hófst um helgina. Þar keppa 16 lið frá hinum ýmsu trúarstofnunum, kirkjum, háskólum, söfnuðum og einfaldlega þeim sem vilja vera með. Þátttaka er ekki einskorðuð við þjóðerni og sameinast allar þjóðir heims í einu markmiði: að koma tuðrunni yfir línuna.

Fyrsti leikurinn var á milli tveggja prestaskóla. Annar þeirra teflti fram blönduðu liði með spilurum frá þremur heimsálfum, hitt liðið var skipað Brasilíumönnum. Úrslitin komu á óvart, því Brasilíumennirnir töpuðu 6-0. Þrátt fyrir bón Pio Laghi kardínála og dómara leiksins að leikurinn yrði prúðmannlega leikinn var hart tekið á því og fyrsta markið kom úr vítaspyrnu.

Leiknum lauk samt sem áður með faðmlögum og vinahótum, enda markmið mótsins að sýna fram á að hægt sé að sameinast í leik þrátt fyrir að tungumálaörðugleikar, himinn og haf skilji leikmenn að. Og hvar er betra að sýna fram á það en á iðagrænum knattspyrnuvelli í bakgarði Guðs undir hvelfingu Péturskirkjunnar?

tryggvi@frettabladid.is

Slagorð þar sem Jesús og heilög guðsmóðir komu við sögu endurómuðu í Vatíkaninu um helgina.

Vatíkanið á ekkert landslið í knattspyrnu, enda hafa prestar í nógu öðru að snúast. Það þýðir ekki að þeir séu ekki liðtækir á vellinum.

Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag

Póstsendum um land allt

Heilsuhornið

S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Þeir eldri höfðu betur í boccia

Boccia-keppnin í Árskógum endaði með sigri eldri borgaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nemendur Öldusselsskóla og eldri borgarar í Breiðholti reyndu með sér í boccia í félagsmiðstöðinni Árskógum í síðustu viku.

„Þetta var fyrst og fremst keppni og það voru eldri borgararnir sem unnu," upplýsir Elsa Haraldsdóttir, deildarstjóri félagsstarfsins í Árskógum, þegar hún er spurð út í boccia-keppnina þar í liðinni viku. Hún segir keppnina hafa verið haldna í tilefni svonefndra Breiðholtsdaga og hugmyndin gangi út á að efla tengslin milli unglinganna og eldra fólksins í hverfinu. „Það var haldin svona keppni í fyrra líka og þá rústuðu eldri borgararnir unglingunum," segir hún glaðlega. Elsa segir mikið líf í starfsemi Árskóga alla daga hvort sem þeir heiti Breiðholtsdagar eða ekki og þangað séu allir velkomnir á hvaða aldri sem eru. *- gun*

Alltaf gaman þegar þeir yngri og eldri skemmta sér saman.

Flott án fíknar í Hamraskóla

Forseti Íslands opnaði nýja heimasíðu verkefnisins Flott án fíknar í Hamraskóla.

Klúbburinn Flott án fíknar var stofnaður í Hamraskóla í gær. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, kom af því tilefni í heimsókn og opnaði heimasíðu verkefnisins.

Flott án fíknar er verkefni sem tekur til þriggja þátta, neyslu tóbaks, áfengis og ólöglegra fíkniefna. Verkefnið byggist á samningsbundnu klúbbastarfi og viðburðadagskrá þar sem unglingar skemmta sér saman á heilbrigðan og uppbyggilegan hátt. Flott án fíknar er íslensk hugmynd sem verið hefur í þróun í fjögur ár í Lindaskóla í Kópavogi og reynst vel. Ungmennafélag Íslands hefur tekið að sér verkefnastjórn og kynningarstörf í þeim tilgangi að allir unglingar landsins geti notið góðs af.

Nokkrir skólar eru þátttakendur í verkefninu og nú hefur Hamraskóli bæst í hópinn. Fyrsta uppákoman á vegum klúbbsins var hópferð áttundu bekkinga í World Class í Laugum þar sem þeir fengu að kynnast Shokk-salnum, líkamsræktarsal fyrir börn og unglinga.

Ólafur Ragnar Grímsson heimsótti Hamraskóla í gær og opnaði heimasíðuna Flott án fíknar.

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Þrýstijöfnun er lykilorðið
iq-care.com
Ein besta heilsudýna í heimi
IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.
VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

S-CAPE
WALLHUGGER
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.
Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.
• Mest seldi botninn í heiminum.
• Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
• Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
• Sér stilling fyrir höfuðlag.
• Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
• Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
• Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
• 12 ára ábyrgð.

SWISSFLEX
50 ára reynsla
Loftrúm án rafmagns

PROFLEX
Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.
Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi.
Frábær reynsla.
• Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
• Stýring er einföld og þægileg.
• Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
• Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
• 5 ára ábyrgð.
Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.

Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa ★★★★★
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa ★★★★★
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

Spilakvöld eru alltaf skemmtileg. Gaman að bjóða frænkum og frændum sem hittast sjaldan, búa til stóran pottrétt og taka síðan fram spilin eftir kaffið.

Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Hópur sjálfboðaliða í Kópavogsdeild Rauða krossins prjónar og saumar ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast **Föt sem framlag**, mun hittast og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, **miðvikudaginn 28. febrúar kl. 16-18**.

Á dagskrá er kynning á verkefninu og almennt spjall. Kaffi á könnunni og með því. Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • Opin virka daga kl. 11-15 • www.redcross.is/kopavogur

Skrúfað frá ljósinu

Franska fyrirtækið Maxime Chanet Design útbýr ljós úr ótrúlegustu hlutum, eins og vatnskrönum.

Ímyndunaraflið virðist ekki eiga sér nein takmörk eins og sjá má á hönnun franska fyrirtækisins Maxime Chanet Design sem hefur útbúið ljós úr gamaldags vatnskrana og rekaviði.

Hönnun fyrirtækisins getur ef til vill gefið góðar hugmyndir mörgum sem eiga ýmsa ónotaða hluti í geymslunni eða úti í skúr. Ef fólk treystir sér ekki í handverk er hægt að nálgast þessi ljós á vefsíðunni maximechanet-design.com. - *keþ*

Kveikt er á ljósinu með því að skrúfa frá krananum.

Kranaljósið sómir sér vel á vegg í stofunni.

Standlampi úr rekavið frá Maxime Chanet Design.

Gömul trjágrein sem fengið hefur nýtt líf.

Svefn & heilsa
www.svefn.is

sport

» ÍÞRÓTTABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS 1.TBL 2007

ER ARSENAL SPRUNGIÐ?

EIÐUR SMÁRI SANNFÆRÐI TODD Á EINNI ÆFINGU

HELGA MARGRÉT VILL MIKLU FREKAR SLÁTUR EN PIZZUR

ÓLÖF MARÍA KASÓLÉTT EN SAMT Á PARI

LÍFIÐ VÍKUR FYRIR LAUGINNI

SUNDDROTTNINGIN RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR STEFNIR Á TOPPINN Á ÓLYMPÍULEIKUNUM Í PEKING EFTIR EITT OG HÁLFT ÁR. TIL AÐ NÁ SETTU MARKI ÞARF HÚN AÐ FÓRNA ÖLLU ÞVÍ SEM FLESTIR TELJA SJÁLFSAGÐA HLUTI.

FRÉTTABLAÐIÐ

HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is

Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!

Garmin nüvi 660

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN. Bluetooth VÉLASALAN radiomidun

R. SIGMUNDSSON

Umboðsmenn | **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan · **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

FRJÁLSAR OG FÚL

FRÁ RITSTJÓRA
Óskar Hrafn Þorvaldsson

Frjálsíþróttaunnendur hljóta að brosa hringinn þessa dagana. Eftir erfið ár þar sem hetjur á borð við Guðrúnu Arnardóttur, Völu Flosadóttur, Jón Arnar Magnússon og Magnús Aron Hallgrímsson hafa hætt keppni er að koma upp kynslóð af frjálsíþróttafólki sem hefur alla burði til að verða í hópi fremstu íþróttamanna heims í sinni grein. Hin fimmtán ára gamla Helga Margrét Þorsteinsdóttir er með betri árangur en besta sjöþrautarkona heims, hin sænska Caroline Kluft, var með á hennar aldri og það er líka mál manna að við eigum ekki færri en þrjá unga herramenn sem hafa allir burði til að komast í fremstu röð í tugþraut. Þessir ungu drengir, Þorsteinn Ingvarsson, Sveinn Elías Elíasson og Einar Daði Lárusson, þykja afburðaefni og í raun komnir langt fram úr Jóni Arnari Magnússyni þegar hann var á þeirra aldri. Það er vonandi að íþróttahreyfingin og stórfyrirtæki landsins sjái sóma sinn í því að styðja þannig við bakið á þessu efnilega fólki að það geti sinnt íþróttinni og uppfyllt þær vonir og væntingar sem við það er bundið.

Eggert Magnússon sannaði sig sem rekstarmaður þegar hann var formaður KSÍ. Á þeim átján árum sem hann stýrði sambandinu jókst veltan gífurlega, hagnaðurinn í takt við það og hann gerði sambandið að stórfyrirtæki með veltu upp á hálfan milljarð á ári. Hann sannaði sig hins vegar ekki sem knattspyrnustjórnandi á þessum átján árum. A-landslið karla náði aldrei neinum sérstökum árangri á meðan Eggert var við stjórnvölinn hjá KSÍ. Það var einungis undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar sem almennilegur árangur náðist en fyrir og eftir hans tíma er ekki hægt að segja að ráðningar Eggerts í stöðu landsliðsþjálfara hafi heppnast vel. Logi Ólafsson, Atli Eðvaldsson, Logi aftur með Ásgeiri Sigurvinssyni og nú síðast Eyjólfur Sverrisson. Það vita allir að Eggert er mikill áhugamaður um fótbolta en áhuginn er ekki nóg. Þekkingin þarf að fylgja með þegar tekið er við stjórn liðs í ensku úrvalsdeildinni.

Það er ekki hægt annað en að vorkenna þeim manni sem tekur við af Alfreð Gíslasyni sem landsliðsþjálfari í handbolta. Því miður virðist ekki vera hægt að fá Alfreð til að halda áfram en eftirmaður hans glímir við það verkefni að taka við af einum allra besta handboltaþjálfara heims. Ekki verður efast um það hér að bæði Geir Sveinsson og Dagur Sigurðsson eru afskaplega hæfir menn en þeir eru ekki Alfreð Gíslason. Svo mikið er víst.

> Það vita allir að Eggert er mikill áhugamaður um fótbolta en áhuginn er ekki nóg.

sport
Útgefandi: 365, Ritstjóri: Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Valgarð Gíslason af sundkonunni Ragnheiði Ragnarsdóttir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Sjá viðtal á blaðsíðu 10-11.

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Lítið hefur farið fyrir atvinnukylfingnum Ólöfu Maríu Jónsdóttur undanfarna mánuði. Ástæðan er einföld. Hún er ólétt og á að eiga eftir tæpan mánuð. Hún stefnir þó á að spila á evrópsku mótaröðinni strax í júní og fer þá með mann sinn og barn á ferðalag.

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Atvinnukylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir ætlar að mæta galvösk á evrópsku mótaröðina með barn sitt þrátt fyrir að það verði aðeins tveggja og hálfs mánaða gamalt. SPORTMYND/ÚR EINKASAFNI

KASÓLETT Á PARI

Ég er bara kasólétt hérna í Bandaríkjunum og tek því frekar rólega," segir atvinnukylfingurinn Ólöf María Jónsdóttir þegar hún er spurð að því hvernig undirbúningur og æfingar gangi fyrir evrópsku mótaröðina sem hófst nú í byrjun árs.

„Ég hef verið þokkalega dugleg að æfa, hjólað á þrekhjóli hérna heima, æft pútt og vippur og stundað hugarþjálfun. Ég hafði hins vegar ekki spilað nokkuð lengi þar til ég dreif mig út á golfvöll fyrir nokkrum dögum. Ég spilaði níu holur og fór þær á pari. Ég var ansi ánægð með það og ekki síður að geta gengið holurnar níu. Það er ekki laust við að það hafi verið horft á mig á golfvellinum með bumbuna út í loftið. Það er farið að sjást ágætlega á mér þótt ég sé nú frekar pen," segir Ólöf María hlæjandi.

Hún stefnir á að taka þátt í sínu fyrsta móti á evrópsku mótaröðinni þetta árið á Norður-Írlandi í byrjun júní og færa sig síðan yfir til Hollands. Hún hræðist ekkert að taka með nýfætt barn á ferðalag. „Ég er löngu búin að ákveða þetta og hef haft góðan tíma til að undirbúa mig fyrir það. Það eru margar stelpur með börn á mótaröðinni og fyrst það gengur hjá þeim þá getur það gengið hjá mér," segir Ólöf María sem fær hjálp frá eiginmanni sínum fyrsta mánuðinn í Evrópu en síðan móður sinni.

Ólöf María segist lengi hafa verið undir þá sök seld að hugsa um golf 24 tíma á sólarhring og það er ekki laust við að hún hlakki til að takast á við annað krefjandi verkefni samhliða golfinu. „Ég mun ekki æfa jafn mikið og ég gerði en vonandi verða æfingarnar markvissari. Síðan mun ég ekki hafa tíma til að velta mér upp úr spilamennskunni þegar heim er komið. Það mun örugglega hjálpa mér og það er spennandi hjá hvernig mömmunni Ólöfu Maríu gengur á evrópsku mótaröðinni. Hvort hún er betri spilari verður tíminn að leiða í ljós," segir Ólöf María.

Stefna hennar þetta árið er að halda kortinu á mótaröðina þannig að hún verði einnig með á næsta ári. „Ég mun keppa á átta til tíu mótum og þarf að vera á meðal 90 efstu á peningalistanum. Það þarf ekki nema eitt gott mót til að það náist." «

» GOTT AÐ EIGA GÓÐA AÐ

Mikill kostnaður fylgir því að keppa á evrópsku mótaröðinni og því er gott fyrir Ólöfu Maríu að hafa góða styrktaraðila. „Ég gæti þetta aldrei án hjálpar frá Kaupþing. Goldsmith og Golfklúbbnum Keili," segir Ólöf María. Auk þess fær hún fatnað frá Sportís, skó frá Ecco og golfkylfur frá Ping. Allt þetta gerir það að verkum að Ólöf María getur tekið þátt í keppni þeirra bestu án þess að hafa áhyggjur af því að láta enda ná saman.

988

ÞÚSUND Er upphæðin sem **Ólöf María Jónsdóttir** hefur unnið sér í verðlaunafé á þeim tveimur árum sem hún hefur keppt á evrópsku mótaröðinni. Hún hefur tekið þátt í 20 mótum og besti árangur hennar er 35. sæti á Nykredit Masters í Danmörku í september 2005.

DRAUMALIÐIÐ

» ATLI EÐVALDSSON er einhver farsælasti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið af sér. Hann lék 70 landsleiki fyrir Íslands hönd og átti tíu ára atvinnumannaferil í Þýskalandi og Tyrklandi þar sem hann lék með þýsku liðunum Borussia Dortmund, Fortuna Düsseldorf og Bayer Uerdingen sem og Genclerbirligi frá Tyrklandi. Atli var til að mynda annar markahæsti leikmaður þýsku 1. deildarinnar veturinn 1984 til 1985 með 21 mark og fékk skó frá Puma nefnda í höfuð sér, Atli Goal. Við fengum Atla til að stilla upp draumaliði þeirra leikmanna sem hann lék með á löngum og gifturíkum ferli.

„Þetta er alveg frábært lið sem mundi án nokkurs vafa ná mjög langt í hvaða deild sem er í Evrópu. Ég sæi okkur nú jafnvel bara taka meistaradeildina í nefið," segir Atli og hlær.



Skilum ónýtu rafhlöðunum!

Eru galtómar rafhlöður á þínu heimili? Þær gera ekkert gagn liggjandi ofan í skúffu. Þú getur t.d. farið með þær út á næstu bensínstöð Olís eða söfnunarstöð eða fengið þér endurvinnslutunnu fyrir flokkað heimilissorp.

Rafhlöður eiga ekki að fara í ruslið heldur á að skila þeim til úrvinnslu. Það er í raun sáraeinfalt og nokkrar leiðir í boði: Hægt er að skila inn ónýtum rafhlöðum m.a. á bensínstöðvum Olís, söfnunarstöðvum sveitarfélaga um allt land og einnig er hægt að setja þær í endurvinnslutunnur fyrir flokkað heimilissorp. Á vef Úrvinnslusjóðs, www.urvinnslusjodur.is, er að finna upplýsingar um staðsetningu söfnunarstöðvanna.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Kynntu þér málið á **www.urvinnslusjodur.is**

olís · Efnamóttakan hf · GÁMAÞJÓNUSTAN HF. BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ · HRINGRÁS ENDURVINNSLA

ÚRBÚNINGS-KLEFANUM

» BRYNJAR KEYPTI Í BLOKK

Íslenskir knattspyrnumenn í atvinnumennskunni erlendis hafa margir hverjir fjárfest í framtíðarhúsnæði í Reykjavík. Þannig hefur til að mynda **Eiður Smári Guðjohnsen** keypt einbýlishús í Fossvoginum, **Hermann Hreiðarsson** í Árbænum og **Rúnar Kristinsson**, sem flytur heim nú í sumar, keypti fallegt hús í Frostaskjólinu, í næsta nágrenni við KR-völlinn. Einn er þó maðurinn sem breytti út af venjunni því **Brynjar Björn Gunnarsson**, leikmaður Reading í ensku úrvalsdeildinni, fjárfesti í látlausri blokkaríbúð á Meistaravöllum.

» GJÖRBREYTT ÞÝSKALAND

Umfjöllun um handbolta hefur gjörbreyst í Þýskalandi eftir að velheppnuðu heimsmeistaramóti lauk þar í byrjun þessa mánaðar. **Alfreð Gíslason**, landsliðsþjálfari Íslands og þjálfari Gummersbach, segir það vera mikinn mun hvernig fjölmiðlar fjalli um deildina, bæði í sjónvarpi og dagblöðum. „Það var til að mynda sýnt tíu mínútna brot úr leik okkar gegn Magdeburg á dögunum á ARD, stærstu sjónvarpsstöðinni. Það hefði aldrei gerst fyrir HM," segir Alfreð, ánægður með að tekist hafi að koma handboltanum á kortið svo um munar í Þýskalandi.

» EINAR AÐ KOMA TIL

Stórskyttan **Einar Hólmgeirsson** hjá Grosswallstadt, sem missti af heimsmeistaramótinu í Þýskalandi vegna slitins liðbands í þumalfingri, er allur að koma til. Búist var við að Einar yrði frá í þrjá mánuði en batinn hefur verið framar vonum og bindur Einar vonir við að vera kominn inn á völlinn eftir tvær til þrjár vikur. Hann nær því lokaspretti þýsku deildarinnar áður en hann gengur í raðir Flensburg í sumar.

OFURMENNIÐ
Varnarmaðurinn frábæri Kolo Toure hefur leikið 42 af 45 leikjum Arsenal á tímabilinu. Hann spilaði ekki tvo fyrstu leiki Arsenal í deildarbikarnum, gegn West Brom og Everton, og missti síðan af deildarleik gegn Chelsea í desember.

ÁGÚST 2006

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

SEPTEMBER 2006

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

OKTÓBER 2006

S	M	Þ	M	F	F	L
	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

NÓVEMBER 2006

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

DESEMBER 2006

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

JANÚAR 2007

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

FEBRÚAR 2007

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28			

Leikmenn Arsenal hafa spilað 45 leiki á þeim sjö mánuðum sem liðnir eru af keppnistímabilinu. Ef allt gengur upp og liðið kemst í úrslit meistaradeildarinnar sem og ensku bikarkeppninnar fara leikirnir örugglega yfir 60.

ERU LEIKMENN ARSENAL SPRUNGNIR?

Það er ekkert grín að ná árangri og keppa á öllum vígstöðvum. Leikmenn Arsenal geta sennilega kvittað undir það því liðið hefur spilað 45 leiki á þessu tímabili, í úrvalsdeildinni, meistaradeildinni, deildarbikarnum og bikarnum. Slíkt tekur á bæði líkamlega og andlega. EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Þegar leikmenn spila tvo leiki á viku samfleytt mánuð eftir mánuð verða þeir þreyttir. Og við erum ekki að tala um einhverja létta æfingaleiki heldur leiki í hæsta gæðaflokki þar sem allt er undir í hverjum leik. Leikmenn Arsenal hafa fengið að kynnast þessu á yfirstandandi tímabili. Gott gengi hefur þýtt að þeirra dagskrá hefur verið þéttskipuð leikjum. Af þeim liðum sem nú eru eftir í meistaradeildinni hefur Arsenal spilað flesta, alls 45 talsins, og því má spyrja hvort leikmenn liðsins séu ekki komnir að fótum fram, andlega eða líkamlega. Liðið hefur ekki unnið í síðustu þremur leikjum og tapaði úrslitaleik deildarbikarsins gegn Chelsea á sunnudaginn.

Guðjón Þórðarson, þjálfari Skagamanna, sem þekkir álagið á knattspyrnumönnum í Englandi hvað best eftir að hafa stýrt Stoke, Barnsley og Notts County, segir hættu á því að menn gangi frá sér líkamlega og andlega undir svona álagi.

„Það er rosalega erfitt, bæði fyrir sál og líkama, að spila svona marga leiki. Það er hætt við því að ungir leikmenn eins og Cesc Fabregas og Kolo Toure, leikmenn sem bera mikla ábyrgð, haldi ekki út. Það er auðvitað skemmtilegt að spila svona marga leiki og gaman þegar vel gengur en létt er það ekki," segir Guðjón.

Hann treystir Arsene Wenger, knattspyrnustjóra Arsenal, þó fullkomlega fyrir því að sjá til þess að álaginu á leikmenn sé dreift. „Wenger veit hvað hann er að gera og reynir að dreifa álaginu eins og hægt er. Það eru hins vegar nokkrir leikmenn sem erfitt er að hvíla og er vandamál. Þetta er krítískur tími fyrir ungan leikmannahóp," segir Guðjón.

Álagið á leikmönnum Arsenal mun heldur ekki minnka á næstu vikum. Liðið hefur leikið tveimur leikjum færra í ensku úrvalsdeildinni heldur en flest önnur lið þannig að lítil hvíld er fram undan. Hvort Arsene Wenger tekst að halda leikmönnum ferskum á sál og líkama verður að koma í ljós en það mun reyna mikið á þennan snjalla franska knattspyrnustjóra það sem eftir lifir vetrar. «

» LEIKIR Á TÍMABILINU

Arsenal	45 leikir
Chelsea	44 leikir
Liverpool	42 leikir
Barcelona	40 leikir
Celtic	40 leikir
Manchester United	40 leikir
AC Milan	39 leikir
Internazionale	37 leikir
Roma	37 leikir
Valencia	37 leikir
PSV	36 leikir
Lille	35 leikir
Real Madrid	35 leikir
Bayern München	33 leikir
Lyon	33 leikir
Porto	26 leikir

FITUBRENNSLA OG AUKIN ORKA MEÐ ORIGINAL GREEN TEA TÖFLUM

Himnesk hollusta · Sundaborg 5 · 104 Reykjavík
Sími 554 7273 · Fax 554 7374 · www.himneskt.is
HIMNESK HOLLUSTA

HVAR ER HANN NÚ?

» PÉTUR GUÐMUNDSSON

Körfuboltakappinn Pétur Guðmundsson, sem er 48 ára gamall, er hávaxnasti leikmaður sem íslenskur körfubolti hefur alið af sér. Hann er 2,18 metrar á hæð og er eini Íslendingurinn sem hefur gert sig gildandi í NBA-deildinni bandarísku sem er sterkasta körfuboltadeild í heimi. Pétur fór út árið 1975 og eyddi tveimur árum í bandarískum menntaskóla. Síðan fékk hann skólastyk til að læra og spila körfubolta í Háskólanum í Washington. Hann var valinn af Portland Trailblazers í NBA-deildinni í nýliðavalinu árið 1981 og spilaði með liðinu í eitt ár. Eftir nokkura ára flakk á milli Íslands, Englands og Bandaríkjanna, hóf hann að spila hinu fornfræga Los Angeles Lakers-liði árið 1986 og ári síðar var hann seldur til San Antonio Spurs. Þar lék hann í tvö ár áður en hann kom heim aftur, fyrst sem leikmaður og síðar sem þjálfari.

Í dag býr hann hins vegar í Seattle í Bandaríkjunum. Þangað flutti hann árið 2004 og starfar sem þjónustufulltrúi hjá Precor, sem framleiðir alls kyns æfingatæki svo sem hlaupabretti og þrekhjól. Auk þess þjálfar hann úrvalslið 14-15 ára drengja. Hann segist kunna vel við sig í Seattle og er ekki á leiðinni heim.

SUMAR 2007

VOR-SUMAR-HAUST-VETUR

Danmörk paradís fjölskyldunnar

28. febrúar

Munið bókunarfrestinn!
Verð miðast við að bóka og greiða staðfestingargjald fyrir 28. feb.

Skotland

Nýr möguleiki!

ÍSLAND · FÆREYJAR · DANMÖRK · NOREGUR · SKOTLAND · HJALTLAND

Áætlun 1. jan - 19. maí 2007
Allir tímar eru staðartímar

Dagur	Höfn	Koma	Brottfór
Mán.	THN	06:00	17:00
Þri.	SFJ	09:00	
Mið.	SFJ		17:00
Fim.	THN	11:00	18:00
Fös.	BRG	17:00	20:00
Lau.	HST	12:00	17:00
Sun.	BRG	08:00	09:00

Áætlun 19. maí - 16. júní 2007 og 1. sept - 29. sept 2007
Allir tímar eru staðartímar

Dagur	Höfn	Koma	Brottfór
Mán.	THN	06:00	17:00
Þri.	SFJ	09:00	
Mið.	SFJ		18:00
Fim.	THN	11:00	17:00
Fös.	LWK	05:00	05:30
Fös.	BRG	18:00	19:00
Lau.	HST	09:00	14:00
Sun.	BRG	09:00	06:00
Sun.	LWK	16:00	16:30

Áætlun 16. júní - 1. sept 2007
Vikur sem hafa jafnar tölur
Vika 24,26,28,30,32 og 34
Allir tímar eru staðartímar

Dagur	Höfn	Koma	Brottfór
Mán.	THN	06:00	08:30
Þri.	BRG	00:00	09:00
Mið.	SCR	00:30	02:00
Mið.	THN	15:30	18:00
Fim.	SFJ	09:00	13:00
Fös.	THN	06:00	08:30
Lau.	HST	17:00	21:00
Sun.	LWK	16:00	16:30

Áætlun 16. júní - 1. sept 2007
Vikur sem hafa oddatölur
Vika 25,27,29,31,33,og 35
Allir tímar eru staðartímar

Dagur	Höfn	Koma	Brottfór
Mán.	THN	06:00	08:30
Mán.	SCR	20:30	22:00
Þri.	BRG	14:00	19:00
Mið.	THN	15:30	18:00
Fim.	SFJ	09:00	13:00
Fös.	THN	06:00	08:30
Fös.	LWK	21:00	21:30
Lau.	HST	17:00	21:00
Sun. á siglinga			

THN Þórshöfn
SFJ Seyðisfjörður
HST Hanstholm
BRG Bergen
LWK Lerwick
SCR Scrabster

Til viðbótar:
19 maí: Koma til Hanstholm 12:00 og brottfór kl.15:00
2. júní: Koma til Hanstholm kl.11:00 og brottfór kl.15:00
9. júní: Koma til Hanstholm kl.11:00 og brottfór kl.15:00
16. júní: Koma til Hanstholm kl.11:00
2. sept: Koma til Bergen kl.08:00 og brottfór kl.08:30
2. sept: Engin koma til Lerwikur
31. ágúst: Engin koma til Lerwikur
1. sept: Koma til Hanstholm kl.14:30 og brottfór kl.18:00

Sigldu á vit ævintýranna með Norrænu. Sigling til sex landa, Færeyja, Hjaltlands, Danmerkur, Noregs, Skotlands og Íslands. Frábær og slakandi ferð með góðu skipi.

NORRÆNA

GÓÐ ÁSTÆÐA TIL AÐ FERÐAST

WWW.SMYRIL-LINE.IS

Danmörk
29.000

Verð frá 29.000 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka. Gist í svefnpokaplássi.
Verð frá kr. 38.800 á mann m.v. fjóra farþega og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). Miðannatímabil

Afsláttur fyrir 65 ára og eldri

Hringferð
35.900

Innifalið: Verð á mann í 2m klefa út.
Fyrir 65 ára og eldri kr. 31.900
Innifalið: Verð á mann í 2m klefa út.
Lágannatímabil og bókað fyrir 28. feb.

Færeyjar
20.600

Verð frá 20.600 pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Færeyja og til baka. Gist í svefnpokaplássi.
Verð frá kr. 26.700 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Sigt til Færeyja og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). Miðannatímabil

Noregur
25.300

Verð frá 25.300 pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Noregs og til baka. Gist í svefnpokaplássi.
Verð frá kr. 33.300 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Sigt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn). (Miðannatímabil)

Danmörk Noregur
27.100

Verð frá 27.100 pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í svefnpokaplássi.
Verð frá kr. 36.100 pr. mann m.v. fjóra farþega og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í fjögurra m. klefa (inn). Miðannatímabil

Verð miðast við að bóka og greiða staðfestingargjald fyrir 28. febrúar.

SMYRIL LINE · EXPLORERS OF THE NORTH ATLANTIC

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is · www.smyril-line.is

SMYRIL LINE ÍSLAND
Norræna FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600
Fax: 552 9450 · info@smyril-line.is
www.smyril-line.is

1100

LEIKI spilaði NBA-bakvörðurinn **Dennis Johnson** á ferli sínum. Hann varð

þrefaldur meistari NBA með félögum sínum í Boston Celtics, árin 1979, 1984 og 1986. Dennis Johnson lést fimmtudaginn síðastliðinn, 21. febrúar, 52 ára að aldri.

» BJARNI ÁRMANNSSON, FORSTJÓRI GLITNIS

„Íþróttir voru mér í æsku ekkert mjög hugleiknar og ekki datt mér í hug að ég myndi síðar á ævinni hlaupa 42,2 km í keppni. Árið 1995 hljóp ég í fyrsta skipti í keppni þegar ég hljóp í Jónsmessuhlaupi í Laugardalnum. Sú tilfinning að sigrast á sjálfum sér og sínum markmiðum er stór hluti af upplifun á hamingjunni. Ég ætlaði síðan að hlaupa maraþon sumarið 2000 en varð frá að hverfa vegna meiðsla. Það mótlæti fyllir mann síðar þakklæti fyrir að geta tekið þátt í íþróttum og þannig sett sér ný markmið og verið sáttur við sjálfan sig. Maraþonhlaupið kom síðan 2005 og tvö fylgdu í fyrra. Toppurinn á íþróttaferlinum verður því alltaf að vera í framtíðinni og til þess þarf metnaðurinn að standa. Árangur í fortíðinni er ánægjuleg minning, árangur í framtíðinni hluti af hamingjunni yfir að vera til," segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, um toppinn á íþróttaferlinum.

TOPPURINN Á FERLINUM



Á þessum tveimur myndum má sjá muninn á formi Eiðs Smára. Á myndinni til vinstri er hann nýstiginn upp úr meiðslum í leik með KR gegn Val sumarið 1998 en til hægri er hann á fullri ferð með Bolton síðla árs 1999.

HAFÐI ALDREI SÉÐ NEITT ÞESSU LÍKT

COLIN TODD, maðurinn sem gaf Eiði Smára Guðjohnsen annað tækifæri sem atvinnumaður í knattspyrnu, hafði alltaf trú á því að hann myndi komast í röð fremstu leikmanna heims. Todd segir að það hafi aðeins tekið Eið Smára eina æfingu að sannfæra hann um að semja við íslenska sóknarmanninn. EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

Ég hafði heyrt af honum áður, frá því að hann var hjá PSV sem táningur. Og orðið sem fór af honum þá var á einn veg – þarna væri gríðarlega efnilegur sóknarmaður á ferð sem ætti að geta náð mjög langt," segir Todd.

Forsöguna ættu flestir að þekkja. Eiður Smári fór 16 ára til PSV þar sem honum var spáð glæstri framtíð. 18 ára varð hann fyrir því að fótbrotna illa í unglingalandsleik og á næstu tveimur árum gat Eiður ekki spilað fótbolta að neinu viti. Svo virtist sem ferill hans væri að fjara út. Sumarið 1998 tók hann fram takkaskóna á ný og hóf að spila fyrir KR í efstu deildinni á Íslandi. Og fyrst Eiður gat spilað án þess að kenna sér meins gerði umboðsmaður hans á þeim tíma hvað hann gat til að koma sínum manni að hjá erlendu félagi. Á meðal þeirra sem hann hringdi í var knattspyrnustjóri Bolton, áðurnefndur Colin Todd.

„Ég man vel eftir þessu símtali. Ég vissi varla hvað ég átti að halda þegar það var skorað á mig að fá hann á æfingu. Ég vissi af meiðslunum og hafði því ákveðnar efasemdir en mig dauðlangaði að sjá hann," útskýrir Todd.

ALGJÖRIR YFIRBURÐIR

Úr varð að Eiður Smári flaug til Dublin í júlí 1998, þar sem Bolton var við æfingar á undirbúningstímabilinu. Todd segir að sér hafi brugðið mikið þegar hann leit Eið Smára fyrst augum. „Ég hafði verið varaður við því að hann væri ekki í formi en þetta var engu að síður talsvert áfall. Ég vissi ekki við hverju átti að búast," segir Todd en Eiður Smári hafði þyngst töluvert á þeim tíma sem hann gat ekki æft.

„En um leið og hann byrjaði að sparka boltanum á þessari fyrstu æfingu sá ég að þarna var einstakt efni á ferð. Þarna var hann, 15-20 kílóum þyngri en flestir aðrir og í engu formi, en hvað tækni og leikskilning varðar hafði hann yfirburði. Ég hafði aldrei séð neitt þessu líkt," segir Todd en þess ber að geta að Bolton var á þessum tíma í úrvalsdeildinni og með leikmannahóp eftir því.

„Hann er leikmaður með náttúrulega og meðfædda hæfileika og þegar maður hefur tækifæri á að fá slíka leikmenn í sitt lið er ekki hægt að sleppa því. Þannig að ég ákvað að taka sénsinn," útskýrir Todd.

Todd gekk að stjórnarformanni sínum og bað um að samið yrði við Eið Smára – og það hið snarasta. „Eftir smá reitabolta og spil var ég búinn að gera upp hug minn. Ég vildi fá þennan leikmann." Eftir að hafa spilað einn æfingaleik var Eiði Smára boðinn samningur hjá Bolton sem hann þáði með opnum örmum.

VELGENGNIN KEMUR EKKI Á ÓVART

Eiður Smári fékk lítið sem ekkert að spila á sinni fyrstu leiktíð með Bolton – hans tími fór í allsherjar enduruppbyggingu á líkama og sál. Todd segir að fyrir tvítugan strák hafi slíkt hlutskipti reynst erfitt. Á næstum mánuðum var líkamlegt ástand Eiðs Smára sveiflukennt og leikformið eftir því.

„Ég þurfti að sannfæra hann nokkrum sinnum um að glata ekki trúnni á sjálfan sig. Það gera sér ekki margir grein fyrir sjálfsaganum sem þarf í slíka uppbyggingu. Ég var vanur að segja við hann: „Það eru tveir kostir í stöðunni. Annaðhvort geturðu farið aftur til Íslands og spilað þar sem yfirburðamaður á meðan líkaminn leyfir, eða þú getur lagt harðar að þér hér í Englandi og lagt grunninn að farsælum ferli sem atvinnumaður." Svo fór að Eiður Smári valdi síðari kostinn," segir Todd.

Eftir að Eiður Smári komst inn í myndina hjá aðalliði Bolton segir Todd að ekki hafi verið aftur snúið. „Á undirbúningstímabilinu 1999 náði hann síðan settum markmiðum varðandi þyngd og leikform. Hann fór að spila reglulega, um leið kom sjálfstraustið og hann varð óstöðvandi."

Bolton féll úr úrvalsdeildinni á fyrsta tímabili Eiðs með liðinu, sem eftir á að hyggja reyndist ekki svo slæmt fyrir hann persónulega. Tímabilið 1999-2000 stimplaði Eiður Smári sig inn sem einn allra besti leikmaður 1. deildarinnar, skoraði samtals 20 mörk í deild og bikar og var á endanum seldur til Chelsea fyrir fjórar milljónir punda. Framhaldið ættu flestir að þekkja og í dag er Eiður Smári leikmaður Barcelona – því sem margir telja vera besta félagslið heims.

„Hann er nú kominn á þann stall sem hann hefði verið fyrir löngu kominn á hefði hann ekki lent í meiðslunum. Hann er sannarlega einn af allra bestu leikmönnum sem ég hef nokkurn tímann þjálfað og samið við. En velgengni hans kemur mér samt ekki á óvart. Innst inni hafði ég alltaf trú á því að hann myndi ná svona langt." «

» Colin Todd um

EIÐ SMÁRA SEM LEIKMANN

„Hans helsti styrkleiki er leikskilningurinn og hæfileikinn til að mynda spil í kringum sig. Hann getur nánast séð fram í tímann og þegar Eiður fær sendingu frá samherja veit hann nær undantekningarlaust hvað er best að gera við boltann í framhaldinu. Ég myndi hins vegar segja að karakterinn væri hans helsti kostur. Hjá PSV var hann sagður vera búinn að vera, á Íslandi var hann sagður búinn að vera og um tíma var hann búinn að vera hjá Chelsea. En alltaf sannar Eiður hið gagnstæða. Þess vegna hef ég litlar áhyggjur af honum hjá Barcelona."

FRAMTÍÐ EIÐS SMÁRA HJÁ BARCELONA „Hann er í sömu stöðu hjá Barcelona núna og hann var hjá Chelsea síðustu ár. Hann er leikmaður sem er hluti af hópnum og kemur við sögu með reglulegu millibili en spilar samt ekki eins mikið og hann hefði örugglega viljað. Ef mið er tekið af sögunni mun hann eflaust spjara sig."

ÁKVÖRÐUN CHELSEA AÐ SELJA EIÐ SMÁRA „Hann hefði tekið sig betur út en margir aðrir við hliðina á Drogba á þessu tímabili, miðað við leikkerfið sem Chelsea spilar. Ég nefni þó engin nöfn."

» Todd um Arnar

Colin Todd gerði nokkur mjög góð kaup á leikmönnum frá Norðurlöndunum á tíma sínum hjá Bolton. Eið Smára fékk hann frítt. Af öðrum leikmönnum sem Todd fékk til Englands má nefna **Per Frandsen** og **Claus Jensen** frá Danmörku, „En miðað við væntingar og endanlegan ábata held ég að **Arnar Gunnlaugsson** toppi þá alla," segir Todd og hlær. „Arnar kostaði félagið ekki krónu og hann stóð sig hreint frábærlega fyrir félagið. Hann var síðan seldur til Leicester fyrir algjört hámarksverð – tvær milljónir punda. Saga Öskubusku í Bolton er saga Arnars Gunnlaugssonar."

interio

Höfum opnað geggjaða húsgagnaverslun á Íslandi

Interio | Dalvegi 18 | 201 Kópavogur | sími 554 5333 | interio.is



AF JÖFNUÐI OG ÓJÖFNUÐI

Viðunandi árangur í Meistaradeildinni er eina von Ítala til að halda í þá litlu sjálfsvirðingu sem enn er til staðar eftir niðurlægingu fótboltans þar í landi síðasta árið. „Campionato horribilis“ kalla Ítalir leiktíðina hroðalegu sem er sundurtætt eftir Calciopolihneykslið og ólæti áhorfenda. Eina ljósglætan hefur verið góður leikur Internazionale sem setti á dögunum Evrópumet í fjölda sigurleikja í röð. Dugleysi keppinauta þeirra í deildinni varpar þó skugga á þennan góða árangur og falli Inter úr leik gegn Valencia í Meistaradeildinni mun það þykja til sannindamerkis um að yfirburðir liðsins heima fyrir séu ekki vegna eigin verðleika. Aukinheldur yrði það enn til að auka minnimáttarkennd Ítala gagnvart Spánverjum en þeir líta til Primera Liga með mikilli lotningu og telja spænsku deildina þá sterkustu í heimi. Æ fleiri hrósa svo ensku deildinni en það hefur ekki verið mikil tíska á Ítalíu að hrósa Englendingum.

NAUTABANINN
Einar Logi Vignisson

Engin deild í Evrópu er jafn jöfn og sú spænska og hefur það verið þannig allan þennan áratug. Þessi leiktíð er þó óvenju jöfn og mikil spennan í toppbaráttunni þar sem fjögur lið eiga raunhæfa möguleika á titlinum og gætu reyndar tvö lið í viðbót blandað sér í baráttuna. Þessu eru Spánverjar einkar stoltir af en það dregur eilítið úr gleðinni að bestu liðin eru ekki eins sterk og verið hefur undanfarin ár. Barcelona og Sevilla hafa leikið töluvert lakar en í fyrra og tapað býsna mörgum leikjum. Real Madrid hefur gert vel að ná að hala inn stig þrátt fyrir að leika lengstum ekki vel. Í raun alveg skelfilega illa á köflum og í ofanálag hafa leikmenn liðsins verið grófir og misst stjórn á skapi sínu oftar en góðu hófi gegnir. Glansinn hefur máðst af „Draumaliðinu númer tvö“ eins og stundum var farið að kalla Barcelona og vísað til draumaliðs Cruyff. Því hafa margir litið til Sevilla og vonað að liðið verði meistari, ekki síst til að undirstrika breiddina á Spáni. En þótt Sevilla sitji í toppsætinu er leikur liðsins óstöðugur og óþarflega mörg stig hafa tapast gegn minni háttar andstæðingum. Rétt eins og hjá Ítölum þá er árangur í Meistaradeildinni það viðmið sem spænskir horfa til og þar standa spænsku liðin heldur tæpt. En það breytir því ekki að engin deildarkeppni verður eins spennandi á vordögum og sú spænska.

> **Þeir líta til Primera Liga með mikilli lotningu og telja spænsku deildina þá sterkustu í heimi.**

BARCELONA

» LYKILMAÐUR

RONALDINHO

Aldur: 26
Treyjunúmer: 10
Staða: Framliggjandi miðjumaður
Þjóðerni: Brasilískur
Landsleikir: 71
Landsliðsmörk: 27

Spænska úrvalsdeildin 2006-2007
Leikir: 20
Mörk: 16
Skot á mark: 31
Stoðsendingar: 4
Gul spjöld: 6

» ÚRSLIT SÍÐUSTU 5 LEIKJA

25. feb.	**Barcelona-Athletic Bilbao**	3-0	Spænska deildin
21. feb.	**Barcelona-Liverpool**	1-2	Meistaradeildin
18. feb.	**Valencia-Barcelona**	2-1	Spænska deildin
11. feb.	**Barcelona-R. Santander**	2-0	Spænska deildin
4. feb.	**Osasuna-Barcelona**	0-0	Spænska deildin

» TÖLFRÆÐI Í SPÆNSKU ÚRVALSDEILDINNI

Árangur á heimavelli:	10 sigrar, og 2 jafntefli
Árangur á útivelli:	4 sigrar, 5 jafntefli og 3 töp
Stærsti heimasigur:	4-0 gegn Villarreal
Stærsti útisigur:	3-0 gegn Racing Santander 4-1 gegn Real Mallorca



» GÆTI GERT GÆFUMUNINN

SAMUEL ETO'O

Þegar þessi snjalli kamerúnski framherji er í stuði þá standast fáir honum snúning. Hann er hins vegar jafn óútreiknanlegur og íslenska veðráttan. Það er þó ljóst að ef hann er í formi þá öðlast sóknarleikur Barcelona nýtt líf. Hraði hans gerir það að verkum að varnarmenn andstæðinganna geta aldrei slakað á.

» STUÐNINGSMAÐURINN

„Ég veit ekki hvar ég verð staddur í heiminum en það verður allt látið víkja fyrir þessum leik. Ég spái að Barcelona vinni þennan leik, 2-1 og draumurinn væri að Eiður Smári myndi skora sigurmarkið.“

Eiríkur Hauksson, Eurovision-fari og stuðningsmaður Barcelona.

BARCELONA - REAL MADRID

11. MARS 2007 Á SÝN

Leikir Barcelona og Real Madrid eru ekki bara knattspyrnuleikir heldur snúast þeir um margt annað. Þeir eru blóðugt stríð á milli höfuðborgar Katalóníu annars vegar og höfuðborgar Spánar hins vegar. Leikirnir ganga undir nafninu „El Clasico“ og er miklu meira undir í þessum leikjum heldur en grannaslögum Espanyol og Barcelona eða Real og Atletico Madrid. Katalónía er hérað í austurhluta Spánar sem finnst það vera sjálfstætt og eitt tákn þess sjálfstæðis er knattspyrnuliðið Barcelona. Hatur Katalóníumanna í garð Real Madrid skýrist ekki síst af því að einræðisherrann Franco var mikil stuðningsmaður Real. Stjórn hans bannaði notkun katalónsku sem tungumáls og kom í veg fyrir að katalónsk tákn væru sýnd. Það er því kannski ekki skrýtið að hatrið sé mikið á milli og leikir þessara liða séu ekki bara leikir á milli tveggja stærstu knattspyrnuliða Spánar heldur svo miklu, miklu meira.

» 5 SÍÐUSTU INNBYRÐISVIÐUREIGNIR

22. okt. 2006	Real Madrid-Barcelona	2-0
1. apr. 2006	Barcelona-Real Madrid	1-1
19. nóv. 2005	Real Madrid-Barcelona	0-3
10. apr. 2005	Real Madrid-Barcelona	4-2
20. nóv. 2004	Barcelona-Real Madrid	3-0

Sigrar í innbyrðisleikjum frá upphafi

Barcelona **57**, Real Madrid **66**, **29** jafntefli

» TÍMABILIÐ Í TÖLUM

Barcelona		Real Madrid
1	**Sæti**	4
24	**Leikir**	24
14	**Sigrar**	13
7	**Jafntefli**	4
3	**Töp**	7
49	**Mörk skoruð**	31
20	**Mörk fengin á sig**	20
Ronaldinho 16	**Markahæstur**	Ruud v Nistelrooy 11
Deco 6	**Stoðsendingar**	Robinho 4
Deco 8	**Gul spjöld**	Sergio Ramos 10

» STAÐAN Í DEILDINNI

Barcelona	24	14	7	3	49:20	49
Sevilla	24	14	5	5	44:22	47
Valencia	24	13	4	7	35:23	43
Real Madrid	24	13	4	7	31:20	43
A. Madrid	24	11	7	6	30:21	40

REAL MADRID

» LYKILMAÐUR

RUUD VAN NISTELROOY

Aldur: 30
Treyjunúmer: 17
Staða: Sóknarmaður
Þjóðerni: Hollenskur
Landsleikir: 53
Landsliðsmörk: 27

Spænska úrvalsdeildin 2006-2007
Leikir: 23
Mörk: 11
Skot á mark: 26
Stoðsendingar: 0
Gul spjöld: 5

» ÚRSLIT SÍÐUSTU 5 LEIKJA

24. feb.	**Atl. Madrid-Real Madrid**	1-1	Spænska deildin
20. feb.	**Real Madrid-B. München**	3-2	Meistaradeildin
17. feb.	**Real Madrid-Real Betis**	0-0	Spænska deildin
10. feb.	**Real Sociedad-Real Madrid**	1-2	Spænska deildin
4. feb.	**Real Madrid-Levante**	0-1	Spænska deildin

» TÖLFRÆÐI Í SPÆNSKU ÚRVALSDEILDINNI

Árangur á heimavelli:	5 sigrar, 3 jafntefli og 3 töp
Árangur á útivelli:	8 sigrar, 1 jafntefli og 4 töp
Stærsti heimasigur:	2-0 gegn Real Sociedad og Barcelona 3-1 Racing Santander
Stærsti útisigur:	4-1 gegn Levante og Osasuna

» GÆTI GERT GÆFUMUNINN

DAVID BECKHAM

Hann hefur komið gífurlega sterkur inn eftir að Fabio Capello, þjálfari Real Madrid, ákvað að taka hann inn í liðið á nýjan leik. Beckham lagði til að mynda upp tvö mörk í sigurleiknum gegn Bayern München í meistaradeildinni og er enn einn hættulegasti spyrnumaður heims.

» STUÐNINGSMAÐURINN

„Þetta veltur svolítið á því í hvaða ham Barcelona er. Ef Eto'o og Messi eru í formi þá verður þetta erfitt en ég treysti því að Madrid nái upp sömu stemningu og gegn Bayern í meistaradeildinni. Þá vinnum við leikinn, 2-1.“

Þorsteinn Stephensen, athafnamaður og stuðningsmaður Real Madrid.

Hollari máltíðir í næstu matvöruverslun.

EAS máltíðarvörurnar innihalda öll helstu næringarefni sem eru að finna í hollum mat m.a. fyrsta flokks prótein, orkurík kolvetnasambönd, trefjar, vítamín og steinefni ásamt því að vera snauðar af fitu og hitaeiningum. Innihaldsefnin eru í réttum hlutföllum til að mæta kröfum þínum um hágæða máltíð sem hjálpar þér við þyngdarstjórnun og uppbyggingu. Fyrir mestan árangur ætti að nota eina til þrjár EAS máltíðir á dag samhliða reglulegri hreyfingu og hollu mataræði.
Slástu í hóp þeirra þúsunda Íslendinga sem náð hafa frábærum árangri með EAS máltíðum. Njóttu bragðsins og finndu muninn.

Nánari upplýsingar um **EAS** vörur fást í síma 555-2866 (EAS deild) og á **www.eas.is**

LÍFIÐ LAGT TIL HLIÐAR

RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR er 22 ára gömul. Hún er fremsta sundkona landsins og mun taka þátt í heimsmeistaramótinu í Brisbane í Ástralíu eftir tæpan mánuð. Þessi glæsilega stúlka sem hefði auðveldlega getað orðið fyrirsæta fórnar nú öllu fyrir sundið. Hún æfir 13 sinnum í viku og hefur ekki tíma fyrir neitt annað. Dagskráin næsta eina og hálfa árið er klár. Hún samanstendur af flugvélum og sundlaugum.

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Ég var einmitt að koma af fundi og þar fékk ég að vita hvernig næsta eitt og hálf ár lítur út hjá mér. Það verða ferðalög og aftur ferðalög, fullt af mótum en reyndar líka tveggja vikna sumarfrí. Síðan tekur við ár þar sem allt verður lagt undir fyrir Ólympíuleikana í Peking haustið 2008," segir sunddrottningin Ragnheiður Ragnarsdóttir.

ALLT LAGT TIL HLIÐAR

Það er ekki tekið út með sældinni að ætla sér að ná árangri í sundi. Það fyrsta sem fólk lærir er: „Þú átt ekkert líf. Laugin er lífið þitt." Ragnheiður getur skrifað undir þessa lýsingu því hún er ekki að vinna, þurfti að fresta skóla, hefur ekki tíma fyrir kærasta og er alltaf bílstjóri þegar vinkonur hennar fara út að skemmta sér. Það er allt lagt til hliðar, lífið sjálft er lagt til hliðar fyrir sundið.

„Það er alveg ljóst að maður gerir ekki mikið annað á meðan undirbúningur fyrir stórmót stendur yfir," segir Ragnheiður og hlær. Aðspurð hvort þetta sé ekki einn stór hringur þar sem hvert stórmótið reki annað og eilífur undirbúningur sé í gangi játar hún því. „Það er sjaldan tími til að anda. Evrópumeistaramótið fór fram í Valencia í desember á síðasta ári. Strax eftir það hófst undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið í Ástralíu þannig að það var ekki hægt að slaka neitt á yfir jólin. Ég hef æft tíu til þrettán sinnum í viku síðan þá, bæði sundæfingar og þrekæfingar og er komin í ágætisform. Við förum út til Ástralíu tveimur vikum fyrir mótið og verðum þar í stífum æfingabúðum. Undirbúningurinn miðast að sjálfsögðu við að toppa þar," segir Ragnheiður.

ENGIN ORKA FYRIR KÆRASTA

Og það er ekki nóg að æfa bara. Ragnheiður þarf líka að huga að mataræðinu og hvíldinni. „Ég borða engan sykur, reyki hvorki né drekk. Það þýðir lítið að æfa eins og brjálæðingur og eyðileggja það síðan með kæruleysi utan laugarinnar. Þetta er auðvitað hálfgert munkalíf en ég reyni að nýta sumarfríin til að skemmta mér. Á meðan er ég bara vinsæll bílstjóri fyrir vinkonur mínar í partíum," segir Ragnheiður og hlær.

Það má mikið vera ef ungir menn þess lands líta þessa glæsilegu stúlku ekki hýru auga en Ragnheiður er á lausu. Hefur bara hreinlega hvorki orku né tíma fyrir kærasta.

> VISSULEGA LÍT ÉG Í KRINGUM MIG OG SÉ JAFNALDRA MÍNA VERA FARNA AÐ BÚA, GIFTAST OG EIGNAST BÖRN EN ÉG GÆTI ÞAÐ EKKI NÚNA. ÞAÐ ER DÝRT AÐ VERA AFREKSMAÐUR Í SUNDI.

Ragnheiður Ragnarsdóttir fórnar mörgu fyrir sundið en sér ekki eftir því. Hún stefnir að því að uppskera sem til var sáð á Ólympíuleikunum í Peking haustið 2008.
SPORTMYND/VALLI

ÍSLANDSMET

22,55 SEK: 50 metra skriðsund í 25 metra braut.
Sett í Reykjavík 19. nóvember 2006

55,95 SEK: 100 metra skriðsund í 25 metra braut.
Sett í Helsinki 8. desember 2006

1:03,66 MÍN: 100 metra fjórsund í 25 metra braut.
Sett í Helsinki 8. desember 2006

26,23 SEK: 50 metra skriðsund í 50 metra braut.
Sett í Canet 8. júní 2006

Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar s. 565 3323
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

Bílapartar ehf S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

www.bilapartar.is - bilapartar@bilapartar.is

Partasalan Sími 557 7740
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

Viðgerðir

Almennar viðgerðir, hjólastillingar, bremsuviðgerðir. Kaplahrauni 1. S. 565 4332.

Til sölu

Til sölu notaðar skósmíðavélar. Uppl. í s. 553 7105, e. kl. 17 næstu daga.

Verslun

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljómtæki

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

Nýl. Dell Inspiron 9200 fartölva m/17"skjá. Kostar ný um 250þ. Selst ódýrt. S. 861 4401.

Til bygginga

Verkfræði -arkitekta og- rafmagnsteikningar, byggingarstjórn. Uppl. í s. 824 7587.

Hreingerningar

Öll almenn ræstingarþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sími 862 6778 & 868 5599. hreingerningar.is

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Þarft þú að stofna fyrirtæki? Við getum aðstoðað! Útbúum öll nauðsynleg gögn. Centurion Ísland ehf. 617 8060.

Fjármál

Fjárhagsaðstoð
Nánari upplýsingar í síma 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Markaðsstofan ehf, Nethyl 2d, 110 Rvk.

Ráðgjöf

Fjárhagsaðstoð
Nánari upplýsingar í síma 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Markaðsstofan ehf, Nethyl 2d, 110 Rvk.

Málarar

Þarftu að láta mála?
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóðarflutningar
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).



Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Smiðslausnir ehf. geta bætt við sig fleiri verkefnum. Tökum að okkur uppsetningu innréttinga, hurða, milliveggja ásamt parketlögn og allri almennri smíðavinnu. Tilboð eða tímavinna. S. 696 2400, Benni.

Stíflueyðir

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

Fjárhagsaðstoð
Nánari upplýsingar í síma 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Markaðsstofan ehf, Nethyl 2d, 110 Rvk.

NÁMSKEIÐ

TIL SÖLU

Rafvirkjun

Trésmíði

Smiður getur bætt við sig verkum í kvöld- og helgarvinnu. Öll almenn innisem og útivinna. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í síma 697 3263.

Viðgerðir

Fataviðgerðir
Tek að mér að gera við fatnað og skipta um rennilása. Er vandvirk. S. 863 5039.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Komdu með í átak!
Erum að fara af stað með hóp þar sem áhersla er lögð á að léttast og láta sér líða vel. Aðhald, reglulegar mælingar, fræðsla og árangurstengd verðlaun í boði. Nánari uppl. hjá Írisi í s. 862 4207 eða Gunnari í s. 864 6446.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir til sölu. Verð 45.000 kr. stgr. Uppl. í 891 6447, Ólafur.

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Snyrting

Dýrahald

Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir.
Kíktu á heimsíðu okkar www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 - www.dalsmynni.is

Óska eftir Labrador hvolpi má vera lítið blandaður. Uppl. í s. 843 9193.

Yndislegur enskur setter hvolpur til sölu. Kynnið ykkur tegundina á www.englishsetter.com. Hann er tilbúinn til afhendingar,bólusettur og örmerktur. Uppl. í síma 896 2896.

Gisting

Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu falleg og björt 2ja herb 42,7 fm íbúð á góðum stað í 101. Leiga 80þ. á mán. Laus 1.mars. S. 895 5009.

Til leigu vönduð 110 fm íbúð í Rjúpnasölum, Kópavogi. Stæði í bílageymslu fylgir. Uppl. í s. 692 5163.

3ja herb. 65 fm. íbúð í tvíbýli í Njarðvík. Sér inng. Leiga 85 þ. á mán. Uppl. í s. 421 4271, e. kl. 19.

5 snyrtil. herb. til leigu í Fellahv. m/sameiginl. að. eldh. og wc. Leiga 45 þús./mán. Innif. er hiti+rafm. Losna fljótl. S. 697 8720.

Lúxus herbergi með útsýni á besta stað í 101. Uppl. í s. 615 1007, e. kl. 12:30.

Húsnæði óskast

Hjón um 50 og unglingsdóttur í MK vantar gott húsn. helst í Kóp., frá apríl í ca2ár. Reglusamt fólk í góðum störfum með góða greiðslugetu. Grænir fingur ef óskað er. Jökull, s. 867 7716.

Par leitar að 2ja herb. íbúð á Höfuðborgasv. Reyklaus. Greiðslug. ca.80 þ. S. 692 8981 & 616 9847.

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að leigja veitinga- og verslunarhúsnæði. Uppl í s. 822 2966. Anna.

Geymsluhúsnæði



Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Hrói Höttur
Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14.

Leikskólinn Skerjagarður
Við á leikskólanum Skerjagarði erum að leita að skemmtilegu fólki í lið með okkur til að vinna með frábærum krökkum á stað þar sem ríkir gleði og góður starfsandi.
Upplýsingar í s. 822 1919 & 848 5213.

Veitingahúsið - Lauga-ás.
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

Steinsteypusögun og kjarnaborun
Óska eftir starfsmönnum í steinsteypusögun og kjarnaborun.
Upplýsingar í s. 893 3236

Lagnavinna
Óska eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann við hitaveitulagnir o.fl.
Uppl. í s. 892 1919.

Dag-og kvöldvinna
Rótgrófið og traust markaðsfyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 35 - 60+ til að vinna við úthringingar 5 daga vikunnar eða 2-5 kvöld vikunnar. Fyrirtækið framkvæmir m.a. landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagasamtökum í landinu og fer starfið fram frá skrifstofu okkar sem staðsett er í Reykjavík.

Hæfniskröfur:
Góð íslenskukunnátta (talað mál).

Upplýsingar eru veittar virka daga í síma 699 0005 (kvöldvinna) og 869 0291 (dagvinna) milli kl.12-20.

Europris, störf í boði. S. 533 3366. Europris.

Björnsbakarí óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Erótískar ljósmyndir óskast
Rauða Torgið vill kaupa fallegar, erótískar ljósmyndir kvenna, 20 ára og eldri. Frekari upplýsingar á www.raudatorgid.is

Óska eftir þjónum og aðstoðarfólki í veitingasal. Kvöld- og helgarvinna. Rauðará Steikhús, sími 562 6766 & 699 2363.

Ræstingar
Starfsfólk óskast í ræstingar. Uppl. í s. 897 0350.

Vélstjóri & Stýrimaður óskast á 190 tonna togskip. 950 hestafla vél. Uppl. í s. 865 4992.

Vilt þú tryggja þér sumarvinnu?
Skalli Hraunbæ óskar eftir starfsfólki í kvöld- helgar og dagvinnu nú þegar og í sumar. Upplýsingar í s. 567 2880.

Vantar beitningamenn á Reykjavíkursvæðinu. Mikil vinna. Uppl. í s. 849 0794.

ATVINNA

ARNARVERK EHF.

Meiraprófbílstjórar Vélamenn

Arnarverk ehf óskar efiir meiraprófbílstjóra á dráttarbíl og vélamenn vana vinnu á gröfu og jarðýtu til framtíðarstarfa.

Reynsla, réttindi og lipurð í mannlegum samskiptum.
Um framtíðarstörf er að ræða.
Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa í síma 864 2387. Umsóknir sendist á: Arnarverk1@simnet.is.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Hofsstaðaskóli
Grunnskólakennarar

Vegna forfalla eru lausar stöður:
- íþróttakennara, fullt starf
- tónmenntakennara, fullt starf

Umsóknir berist skólastjóra, Matrgréti Harðardóttur, sem veitir nánari upplýsingar í síma 565 7033, netfang margreth@hofsstadaskoli.is.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN við KÍ.

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningarsvið

Atvinna óskast

24 ára kk óskar e.næturvinnu um helgar. S. 867 8898.

Starfsfólk frá Lettlandi. Smiðir, verkamenn, bílstjorar o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

22.02.2007 www.johanng.is Vertu velkomin(n)!

Ýmislegt

Uppskriftir
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Einkamál

Hyundai Accent 98' árg. til sölu, sk '07 . verð 120þ. Upplýsingar í síma 661 0735.

TIL LEIGU

Skrifstofuherbergi við Grensásveg

Til leigu skrifstofuherbergi,

með aðgangi að snyrtingu og eldhúsi.

Rafmagn og hiti innifalinn.

Upplýsingar í síma 824 6610

Frum

TILKYNNINGAR

Úthlutun aflaheimilda fyrir árið 2007 úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks

Ísland hefur verið aðili að Atlantshafs túnfiskveiðiráðinu (ICCAT) frá árinu 2002. Samkvæmt stjórnununarráðstöfunum ráðsins, sem Ísland hefur samþykkt, koma í hlut Íslands aflaheimildir fyrir árið 2007 sem nema 53,34 tonnum af bláuggatúnfiski. Um er að ræða veiðiheimildir samkvæmt samþykkt ICCAT úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks (e. bluefin tuna in the East Atlantic and the Mediterranean).

Útgerðir sem áhuga hafa á að taka þátt í þessum veiðum skulu sækja um veiðiheimildir til sjávarútvegsráðuneytisins fyrir 15. mars næstkomandi.

Í umsókninni skal koma fram áætlun um veiðarnar þar sem fram komi m.a. veiðitímabil, veiðisvæði, veiðiaðferð og nýtingu afurða. Ráðuneytið áskilur sér rétt til þess að hafna umsóknum sé ljóst að viðkomandi skip hafi ekki búnað til veiðanna eða að það sé fyrirséð að það muni af öðrum ástæðum ekki stunda þær.

Sjávarútvegsráðuneytið
26. febrúar 2007

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 7.605 **+2,13%** **Fjöldi viðskipta:** 960
Velta: 19.411 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Hampiðjan	9,46%	**FL Group**	0,93%
Mosaic	6,62%	**Össur**	0,82%
Eimskipafélagið	3,80%	**365**	0,79%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,75 -0,79% ... Actavis 69,10 -0,58% ... Alfesca 4,86 +0,62% ... Atlantic Petroleum 613,00 +1,32% ... Atorka 7,13 -0,56% ... Bakkavör 65,20 -0,61% ... Eimskipafélagið 38,20 +3,80% ... FL Group 32,00 -0,93% ... Glitnir 28,30 +3,66% ... Kaupþing 1.032 +2,79% ... Landsbankinn 32,90 +3,14% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,30 +6,62% ... Straumur-Burðarás 21,40 +1,91% ... Össur 121,50 -0,82%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN
nánar á visir.is

ÖRYGGIS GÆTT Vörður frá Securitas hefur auga með verslun í Kringlunni í Reykjavík. Samið hefur verið um sölu öryggisfyrirtækisins frá Teymi hf. til óstofnaðs félags í eigu Fons. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Securitas selt og létt á skuldum

Teymi hf. hefur samið um sölu Securitas til félags í eigu Fons eignarhaldsfélags hf. á 3,8 milljarða króna. Söluhagnaður er sagður nema hálfum milljarði.

Teymi hf. hefur selt allan eignarhlut í dótturfélaginu Securitas hf. á 3,8 milljarða króna að frádregnum vaxtaberandi skuldum til óstofnaðs félags í eigu Fons Eignarhaldsfélags hf., samkvæmt tilkynningu til Kauphallar í gær.

Yfirtökudagur er samkvæmt kaupsamningi 1. mars næstkomandi og nemur söluhagnaður Teymis um hálfum milljarði króna fyrir reiknaðan tekjuskatt. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að söluverðið verði allt greitt á þessu ári, en samningurinn er háður niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykki samkeppnisyfirvalda.

Þá hefur Landsbanki Íslands hf. yfirtekið kröfu Teymis á Hands Holding, með ábyrgð Teymis, að bókfærðri fjárhæð 2.688 milljónir króna miðað við 31. desember 2006. „Áhrif framangreinda ráðstafana á efnahagsreikning Teymis eru þau að vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé lækka um 5,4 milljarða króna miðað við síðustu áramót," segir í tilkynningunni, en skuldir fara úr 27,3 milljörðum króna í 21,9 milljarða.

Securitas verður hluti af samstæðureikningi Teymis út febrúar en fjárhæðir úr reikningum Securitas munu birtast undir aflagðri starfsemi í fyrsta ársfjórðungsuppgjöri 2007 með samanburði við fjórða ársfjórðung 2006.

Haft er eftir Árna Pétri Jónssyni, forstjóra Teymis, að allt frá stofnun félagsins í nóvember síðastliðnum hafi verið forgangsverkefni að draga úr skuldsetningu og vaxtabyrði félagsins.

Salan á Securitas og krafa á hendur Hands Holding eru sagðar jákvæðar fréttir fyrir Teymi, segir greiningardeild Glitnis. „Kaup Dagsbrúnar á Securitas reyndust góð fjárfesting þar sem Securitas er nú selt með ágætum söluhagnaði. EV/EBITDA margfaldari Securitas í viðskiptunum er um 12,7 en félagið var keypt fyrir rúmu ári síðan á EV/EBITDA 11,5," segir greiningardeildin og telur einnig jákvætt af félaginu að hafa fært kröfuna á hendur Hands holding út úr efnahag Teymis í formi ábyrgðar Teymis á láninu gagnvart Landsbankanum. „Þessar aðgerðir eru til þess fallnar að létta skuldabyrði Teymis og styrkja þannig afkomugrundvöll félagsins. Fróðlegt verður að sjá hver framvindan verður með eignarhlut Teymis í Hands Holding, hvort Hands verði selt eða hvort viðunandi arðsemi náist."

olikr@frettabladid.is

Hagnaður Sjóvár þrefaldast á milli ára

Sjóvá hagnaðist um 11,9 milljarða króna í fyrra sem er rúmlega þrefalt meiri hagnaður en árið 2005. Eigið fé stóð í rúmum 9,3 milljörðum króna í árslok og eigin iðgjöld fyrirtækisins jukust um tíu prósent á árinu.

Forsvarsmenn Sjóvár segja að fjárfestingastarfsemi hafi gengið vel og nefna þar að góður árangur hafi náðst í kaupum á fasteignum erlendis undir forystu móðurfélagsins Milestone sem er í eigu Karls Wernerssonar og systkina hans.

Afkoma af tryggingastarfsemi hefur farið batnandi og munar þar mestu um að rekstrarkostaður lækkaði úr 3,22 milljörðum í 2,53 milljarða. Tjón urðu þó meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, einkum á seinni hluta síðasta árs. - eþa

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lífrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Aðalfundur

Atorku Group hf.
verður haldinn
þriðjudaginn 6. mars 2007
kl. 16:00 í Iðusölum.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
3. Staðfesting ársreiknings.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með afkomu félagsins á liðnu reikningsári.
6. Tillaga um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum félagsins.
7. Kosning stjórnar félagsins skv. 17. grein samþykkta.
8. Kosning endurskoðenda félagsins skv. 24. grein samþykkta.
9. Tillögur um breytingar á samþykktum.
10. Tillaga stjórnar félagsins um Starfskjarastefnu Atorku Group hf. lögð fram til samþykktar.
11. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund. Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 1, Kópavogi, hluthöfum til sýnis, sjö dögum fyrir aðalfund. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við inngangin við upphaf fundarins.

Stjórn Atorku Group hf.

ATORKA

BALTASAR KORMÁKUR LEIKSTJÓRI ER 41 ÁRS Í DAG

„Það er minnimáttarkennd ef þú þorir ekki að standa á þínu, að vera þú sjálfur. Vera krúttlegur Íslendingur í stað þess að vilja láta taka sig alvarlega. Þetta finnst mér leiðinlegur kvilli, mein á þjóðarsálinni.“

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 27. FEBRÚAR 1933

Reichstag brennur í Berlín

Þennan dag árið 1933 kom upp stórbruni í Reichstag, þýska þinghúsinu í Berlín. Nasistaflokkurinn var þá kominn til valda, en Hitler var gerður kanslari 30. janúar sama ár. Nasistar kenndu kommúnistum um brunann og notuðu hann sem fyrirslátt til að draga úr borgaralegum réttindum íbúa Þýskalands. Þinghúsbyggingin skemmdist mikið og þegar Adolf Hitler mætti til að berja ósköpin augum lýsti hann yfir: „Þetta er tákn frá Guði!“ Hann fundaði strax með Paul von Hindenburg, forseta landsins, og þrýsti á um aukin völd. Það gekk eftir og var mikilvægt skref fyrir nasistana því nú var Hitler ekki lengur upp á atkvæðagreiðslur í þinginu kominn, en þar var flokkur hans ekki með meirihluta.

Strax næsta dag var afnumið ýmiss konar persónufrelsi í Þýskalandi, svo sem málfrelsi og réttur til fundahalda. Við þetta fór líklega um margan Berlínarbúann, sem sá í brunnu þinghúsinu endurspeglast dauða lýðræðis í Þýskalandi. Hollenskum kommúnista að nafni Marinus van der Lubbe var kennt um brunann, en hann var handtekinn við þinghúsið meðan það brann. Málatilbúnaðurinn var þess efnis að van der Lubbe hefði ætlað að skapa óróa í landinu með brunanum. Ekki fór þó fram hjá fólki að bruninn hentaði nasistunum ágætlega og margir veltu því fyrir sér hvort það hefði ekki verið Hitler sjálfur sem stóð fyrir íkveikjunni.

MERKISATBURÐIR

1900 Verkamannaflokkurinn í Bretlandi er stofnaður. Verkamannaflokkurinn komst fyrst í ríkisstjórn 1924 undir forystu Ramsay MacDonald. Sú stjórn lifði einungis í nokkra mánuði.

1964 Ítalska ríkisstjórnin óskar eftir tillögum um hvernig bjarga megi skakka turninum í Pisa. Hugmyndir komu hvaðanæva úr heiminum en byggingavinna hófst ekki fyrr en 1999.

1991 George Bush eldri tilkynnir um lok fyrri flóabardagans, að íraski herinn hafi verið sigraður, Kúvæt sé frelsað og að hernaðaraðgerðir flóabardagans muni enda á miðnætti.

VÉLAR ICELAND EXPRESS Rúmlega 300 þúsund manns fljúga nú árlega með Iceland Express.

Iceland Express fjögurra ára

Iceland Express fagnar fjögurra ára afmæli í dag en á þessum degi árið 2003 var fyrsta flug félagsins til Kaupmannahafnar og London. Rúmlega 300 þúsund manns fljúga nú árlega með Iceland Express. Íslendingum á ferðalagi til annarra landa hefur fjölgað um ríflega 35% frá því félagið kom inn á markaðinn. Þá hefur ferðamönnum til Íslands fjölgað um 17% á sama tíma.

Félagið hefur frá upphafi boðið upp á daglegt flug til Kaupmannahafnar og London. Í maí 2005 bættust við þrjár ferðir á viku til Frankfurt Hahn í Þýskalandi. Í maí 2006 stækkaði leiðakerfi Iceland Express aftur þegar fimm nýir áfangastaðir bættust við: Alicante á Spáni, Berlín og Friedrichshafen í Þýskalandi og Gautaborg og Stokkhólmur í Svíþjóð. Sumarið 2007 bætast við fimm nýir áfangastaðir og einnig verður boðið upp á beint flug frá Akureyri og Egilsstöðum til Kaupmannahafnar tvisvar í viku í sumar.

Flugfloti Iceland Express er ein 150 sæta og tvær 166 sæta Boeing MD-90 vélar sem reknar eru af svissneska félaginu Hello AG. Næsta sumar munu ein Boeing 737-500 og ein Boeing 737-700-vél frá Sterling ásamt Boeing 757-200-vél frá Astraeus bætast við flotann.

SAGA STEPHENSEN: ÚTSKRIFAÐIST MEÐ TVÖFALT BA-PRÓF

Tókýó frábær reynsla

Saga Stephensen útskrifaðist um síðustu helgi úr Háskóla Íslands með tvöfalt BA-próf í íslensku og japönsku.

Þurfti hún að ljúka rúmlega 120 einingum til að klára námið, sem stóð yfir í fjögur ár. Þar af dvaldi hún í eitt ár í Japan til að komast betur inn í japönskuna.

„Ég var alltaf áhugasöm um Asíu en byrjaði að læra íslensku í háskólanum. Á öðru ári var byrjað að kenna japönsku og ég ákvað að prófa og fannst það bara mjög spennandi og skemmtilegt,“ segir Saga. Hún bjó í höfuðborg Japans, Tókýó, og segir það hafa verið frábæra reynslu. „Það er svolítill munur að koma héðan og fara í svona fjölmenna borg. Það er ýmislegt sem er öðruvísi en mér fannst samt ekkert erfitt að komast inn í hlutina. Fólkið er alveg ótrúlega vinalegt og hjálpsamt. Maður er alltaf mjög velkominn og þegar maður spurði til vegar var labbað með manni í tíu mínútur,“ segir hún.

Saga segist vel geta hugsað sér að fara aftur til Japans, bæði til að læra tungumálið betur og til að kynnast menningunni á nánari hátt. Hún hefur undanfarið starfað í sérskóla í London sem aðstoðarkennari en stefnir á framhaldsnám í haust. „Ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að gera en ég veit um skóla í London sem kennir „japanese studies“. Síðan kemur kennslufræðin hérna heima til greina,“ segir Saga, sem á greinilega framtíðina fyrir sér. freyr@frettabladid.is

SAGA STEPHENSEN Saga útskrifaðist með tvöfalt BA-próf frá Háskóla Íslands um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

Aðalsteinn M. Richter

arkitekt, Nökkvavogi 52, Reykjavík

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 16. febrúar sl. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 28. febrúar, kl. 13.

Elisabeth Richter
Kristján Richter — **Kristbjörg Ólafsdóttir**
Svend Richter — **Björg Yrsa Bjarnadóttir**
Anna Gerður Richter — **Örn Ármann Jónsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson

Hermann Jónasson

Geir Harðarson

Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

VERÐLAUNAHAFARNIR Sjötíu og þrír unglingar tóku þátt í Freestylekeppni Tónabæjar, sem haldin var í 27. skiptið í Loftkastalanum á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/BILLI

Sigurvegarar í freestyle

Freestylekeppni Tónabæjar fór fram í 27. skiptið á föstudag. Keppnin var haldin í Loftkastalanum, og telst Árna Jónssyni, verkefnisstjóra Freestyle og Músíktilrauna, til að um 400 manns hafi verið viðstaddir. „Keppnin er alltaf jafn vinsæl. Ég var líka ánægður með að það mættu töluvert margir foreldrar.

Þeir eru svo mikilvægir í þessu starfi, hvatning krakkanna og stuðningur kemur þaðan,“ sagði hann. „Það er líka mikilvægt að vera með verkefni eins og Freestyle og Músíktilraunir, þar sem við bendum á hvað ungt fólk er jákvætt, hresst og skemmtilegt, og skapandi í því sem það gerir,“ bætti hann við.

73 unglingar á aldrinum 13-17 ára tóku þátt í keppninni, en atriðin voru 25. Í ár varð hópurin Liþium Íslands- og Reykjavíkurmeistari, Ritmó lenti í öðru sæti og Zyncron í því þriðja, en Vídeza hlaut FRÆ verðlaunin. Elva Friðjónsdóttir varð Íslandsmeistari og hlaut FRÆ verðlaunin í flokki einstaklinga, Eva Óliversdóttir varð Reykjavíkurmeistari og Linda Ósk Valdimarsdóttir hreppti þriðja sætið.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

John Steinbeck rithöfundur 1902.

Ariel Sharon, fyrrum forsætisráðherra Ísraels, 1928.

Elizabeth Tylor leikkona 1932.

Chelsea Clinton forsetadóttir 1980.

Josh Groban tónlistarmaður 1981.

BT BOMBA

32 " LCD VEGGSJÓNVARP

32"

HD ready
Upplausn fyrir næstu kynslóðir Blueray eða HD-DVD spilara

HDMI tengi
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

Skerpa 1:5000
Svartur er dekkri og hvítur bjartari

Svartími 8ms
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

VGA tengi
Notaðu sjónvarpið serm 32" tölvuskjá

SAMSUNG
LE32R72B

*15.999

20.000 VERÐLÆKKUN

6.007	15.999	159.999
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.	Raðgreiðslur 12 mán.	Staðgreitt

32" LCD VEGGSJÓNVARP

32"

HD ready
Upplausn fyrir næstu kynslóðir Blueray eða HD-DVD spilara

HDMI tengi
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

Skerpa 1:1200
Svartur er dekkri og hvítur bjartari

Svartími 8ms
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

VGA tengi
Notaðu sjónvarpið serm 32" tölvuskjá

SONY
KDL32S2000

*9.999

44.000 VERÐLÆKKUN

3.873	9.999	99.999
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.	* Raðgreiðslur 12 mán.	Staðgreitt

26" LCD VEGGSJÓNVARP

26"

20.000 VERÐLÆKKUN

HD ready
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

HDMI tengi
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

Skerpa 1:5000
Svartur er dekkri og hvítur bjartari

Svartími 9ms
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

VGA tengi
Notaðu veggsjónvarpið sem26" tölvuskjá

SAMSUNG
LE26R72B

*9.999 Raðgreiðslur

3.873	9.999	99.999
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.	* Raðgreiðslur 12 mán.	Staðgreitt

40" LCD VEGGSJÓNVARP

40"

50.000 VERÐLÆKKUN

HD ready
Upplausn fyrir næstu kynslóðir Blueray eða HD-DVD spilara

HDMI tengi
Tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray eða HD-DVD spilara

Skerpa 1:5000
Svartur er dekkri og hvítur bjartari

Svartími 8ms
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

VGA tengi
Notaðu sjónvarpið serm 40" tölvuskjá

SAMSUNG
LE40R72B

*22.999 Raðgreiðslur

8.516	22.999	229.999
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.	* Raðgreiðslur 12 mán.	Staðgreitt

SONY PSP

19.999
29.999

LEIKJADAGAR Í BT

PC
Verð frá
499

MEDION V10

6363IS
MEDION V10 M2 VISTA
Intel® Celeron D 360 (3,46GHz)
nVidia GeForce 7300 SE - 256 MB TC
- TV out - D-SUB
160 GB 8MB 7200 rpm SATA
512 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
DVD Skrifari Dual Layer
Þráðlaust netkort
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Lyklaborð og Mús
-- Hugbúnaður ---
Windows Vista Basic
Power DVD
Nero Burning ROM Software
Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
Antivirus (90 days)

20.000 verðlækkun

4.963	49.999
*Raðgreiðslur 12 mán.	Staðgreitt

TOSHIBA SATELLITE L30-106

PSL33E-02T026N5
TOSHIBA SATELLITE L30-106
Intel® Dual Core T2060
15,4" WXGA skjár
- 1.280 x 800 upplausn
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
60GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort

Windows Vista Basic
Microsoft OneNote™ 2003
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

14.000 verðlækkun

6.889	69.999
*Raðgreiðslur 12 mán.	Staðgreitt

STUÐ MILLI STRÍÐA: Saga mannsins

FREYR GÍGJA GUNNARSSON UPPHEFUR FRJÁLSAN VILJA

Allt frá því Guð veitti sköpunarverki sínu sjálfræði til að valsa um aldingarðinn Eden hefur mannskepnan sýnt að frelsi er eitthvað sem hún getur ekki höndlað. Skötuhjúin Adam og Eva voru varla fyrr komin að eplatrénu þegar þau létu ginnast af gylliboði höggormsins og átu eitt skitið epli. Löggjafarvaldið var ekki par sátt við glæpinn og vísaði þeim rakleiðis úr landi. Svona skyldi ekki þrífast í paradís á meðan hann réði lögum og lofum.

Síðan þá hefur maðurinn ráfað um auðnir og óbyggðir jarðarinnar og reynt að afla sér lífsviðurværis eftir fremsta megni. Reyndar tók það sinn tíma fyrir manninn að átta sig á því að hann væri manneskja með hugsun og að hann gæti drottnað yfir öðrum verum híbýla sinna. Gat varla yljað sér við eld né drepið sér til matar. Húkti bara inni í hellum en svo uppgötvaði einhver hellisbúinn að hægt væri að tálga tré, í framhaldinu var byrjað að höggva í stein og loks var maðurinn orðinn konungur „frumskógarins“.

Síðan spruttu upp þjóðir hér og þar. Sólbrúnir og fáklæddir Grikkir sátu á rökstólum og veltu fyrir sér tilurð mannsins og vitund hans á meðan þeir böðuðu sig með fáklæddum smástelpum og samkvæmt gamalli þjóðtrú sendi skaparinn mann sem átti að leiða sköpunarverkinu fyrir sjónir að allir í skóginum ættu að vera vinir. Þrátt fyrir miklar vinsældir á sínum tíma virðist sá boðskapur vera bæði gleymdur og grafinn í dag.

Fyrir löngu ætti að vera runninn upp sá tími að skaparinn grípi inn í og vinsi út þá sem hafa étið yfir sig af ávöxtum skilningstrésins. Engu að síður situr hann hjá og horfir á sköpunarverk sitt reyna tortíma sjálfu sér með ógnarhraða. Enda trúir þessi mæti maður því að á einhverjum tímapunkti átti maðurinn sig á aðstæðum sínum og reyna bjarga sér. Því það var einmitt punkturinn með þessu öllu saman, að veita listaverkinu frjálsan vilja.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TÓNLIST Rut Ingólfsdóttir, stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur, leikur einleik á tónleikunum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ PJETUR

Kammersveit í Hallgrímskirkju

Í kvöld verða tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur í Hallgrímskirkju, en þeir eru liður í frönsku menningarhátíðinni sem stendur fram á vor. Hefjast tónleikarnir kl. 20 en á efnisskránni, þar sem íslenskir og franskir listamenn leggja saman krafta sína, verða fjögur verk eftir frönsk tónskáld, en einleikararnir og stjórnandinn koma frá báðum löndunum. Það er einstakt tækifæri fyrir listamenn að starfa með félögum sínum frá öðrum löndum og er sérstakt ánægjuefni að tónskáldið Nicolas Bacri verður viðstaddur tónleikana en þar verða flutt tvö verk eftir hann: Konsert fyrir flautu og kammersveit og Concerto amoroso „Le printemps“ fyrir óbó, fiðlu og strengjasveit. Þá eru á efnisskránni verk eftir Maurice Ravel, Pavane pour une Infante défunte fyrir kammersveit, og Fr. Poulenc, Konsert í G-dúr fyrir orgel, strengjasveit og pákur. Einleikarar á tónleikunum eru Áshildur Haraldsdóttir, flauta, Daði Kolbeinsson, óbó, Rut Ingólfsdóttir, fiðla, og Vincent Warnier, orgel, en stjórnandi Kammersveitarinnar að þessu sinni er Daniel Kawka.

Warnier er einn fremsti ungi orgelleikari Frakka nú um stundir. Hann hélt einleikstónleika á sunnudag í Hallgrímskirkju. Hann hefur víða farið og leikið á orgel en alþjóðahylli hans hófst með fyrstu verðlaunum á Chartreskeppninni 1992. Hann starfar við kirkju heilags Stefáns í París. Nicolaus Bacri er í hópi virtra tónskálda franskra. Íslenska einleikara sem koma fram í kvöld er óþarft að kynna, Áshildur, Rut og Daði er vel kunn hér á landi sem fremstu listamenn þjóðarinnar á sín hljóðfæri.

Með tónleikunum fer að ljúka þrítugasta og þriðja starfsári Kammersveiitarinnar en hún var stofnuð 1974. Hún nýtur styrks borgar og ríkis og lýtur forystu Rutar Ingólfsdóttur. **- pbb**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

24 25 26 **27** 28 1 2

Þriðjudagur

TÓNLEIKAR

12.15 Franski gítarleikarinn **Pierre Laniau** kemur fram á hádegistónleikum í **Íslensku óperunni** og leikur úrval þeirra verka sem hann hefur flutt á alþjóðlegum og fjölbreyttum ferli sínum.

FYRIRLESTRAR

12.10 **Hvernig varðveitum við gripina?** nefnist sérfræðileiðsögn **Nathalie Jacqueminet** um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins. Í erindi sínu mun Nathalie meðal annars útskýra hvað átt er við með fyrirbyggjandi forvörslu.

Stefnumót við Jökul

Leikfélagið Snúður og snælda
Sýnir þrjá einþáttunga eftir Jökul Jakobsson

Aðeins 4 sýningar

Fim. 1.mars
Sun. 4.mars
Fim. 8.mars
Sun. 11.mars nokkur sæti laus

Sýnt í Iðnó kl. 14.00
Miðapantanir í Iðnó
S. 562 9700

Flagari í framsókn *The Rake's Progress* **IGOR STRAVINSKY**

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
fös. 2. mars - SÝNINGIN HEFST KL. 20
ALLRA SÍÐASTA SÝNING- TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15

GULLÖLD GÍTARSINS
HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUD. 27. FEB. KL. 12.15
Pierre Laniau - gítarleikari
Miðaverð kr. 1.000
POURQUOI PAS? FRAMBOÐ VOR Á ÍSLANDI

Landsvirkjun

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun 4/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus. sun. 15/4 kl. 14:00, sun. 22/4 kl. 14:00. **Sýningum lýkur í apríl!**

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 **örfá sæti laus**, fös. 2/3 **örfá sæti laus** og lau. 3/3 **örfá sæti laus.**
Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Þri. 27/2 kl. 16:00 uppselt, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 örfá sæti laus.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.
Lau. 3/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**, sun. 4/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**.
Aukasýningar: lau. 10/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 11/3 kl. 13:30 örfá sæti laus og 15:00, lau. 17/3 kl. 13:30 og 15:00, sun. 18/3 kl. 13:30 og 15:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.



„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 1/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20
Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

MEIN KAMPF
Mið 28/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 4/3 kl. 20 Sun 11/3 kl. 20
Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. Lau 3/3 kl. 22:30 UPPS.
Fim 8/3 kl. 21 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Mið 28/2 kl. 20 UPPS. Lau 10/3 kl. 14 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl. 14 AUKAS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 AUKAS.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 2/3 kl. 20 AUKAS.
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Mán 5/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Þri 6/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Mið 7/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

DAGUR VONAR
Fim 1/3 kl. 20 UPPS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 UPPS. Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Fös 9/3 kl. 20 UPPS. Fim 15/3 kl. 20
Fös 16/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 4/3 kl. 14 Sun 11/3 kl. 14
Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14
Síðustu sýningar

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 1/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 4/3 kl. 13, 14, 15, Sun 11/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13, 14, 15
Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 Uppselt á þessar sýningar!
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Sun 4/3 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Grænn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Með konu í hverri höfn

Hjartaknúsarinn Jude Law er ekki allur þar sem hann er séður. Eins og kom fram í Fréttablaðinu og síðar The Sun var Law sagður heillaður af íslensku þjóðinni og þá ekki síst X-Factor kynninum Höllu Vilhjálmsdóttur. Law er staddur í Los Angeles um þessar mundir og virðist síður en svo við eina fjölina felldur ef marka má fréttir helgarinnar. Á sunnudaginn greindi breska sunnudagsblaðið News of the World nefnilega frá því að leikarinn væri kominn með nýja upp á arminn.

Sú ku heita Kim Hersov og er að mati viðmælanda News of the World skuggalega lík fyrrum unnustu Law, ensku leikkonunni Siennu Miller. Hersov þessi var fyrirsæta en gegnir nú ritstjórastöðu hjá glanstímaritinu Harpers & Queen.

News of the World hefur eftir vini Law að Hersov hafi tekist að sameina félagslífið og móðurhlutverkið en fyrirsætan fyrrverandi er einstæð tveggja barna móðir. „Og Law kann mjög vel að meta það. Ekki skemmir fyrir að hún lítur ekki út fyrir að vera að nálgast fertugt," bætir vinurinn við. Hersov er góðvinkona fyrirsætanna Elle Macpherson og Kate Moss, en svo skemmtilega vill til að Sienna Miller sást einmitt í ástaratlotum við fyrrverandi kærasta Moss, Jamie Burke, á sólarströnd í Mexíkó.



KÓNGARNIR Í HOLLYWOOD Þeir Francis Ford Coppola, George Lucas og Steven Spielberg afhentu Martin Scorsese langþráð verðlaun fyrir bestu leikstjórnina.

SCORSESE SIGURVEGARI KVÖLDSINS

Stjörnurnar skinu skært í Kodak-höllinni á sunnudagskvöldið þegar Óskarsverðlaunin voru afhent í 79. sinn. Fátt kom á óvart þegar umslögin voru opnuð.

Ellen DeGeneres uppskar mikil hlátrasköll þegar hún sagði þetta vera kvöldið sem öllu máli skipti fyrir gestina. „Annað hvort sláið þið í gegn eða verðið að engu," sagði DeGeneres. Þessi gamla stjarna úr Ellen-sjónvarpsþáttunum fór á kostum og þótti ná upp mjög afslöppuðu andrúmslofti í höllinni. Lítið var um pólítískar yfirlýsingar á hátíðinni að undanskildum Al Gore en myndin Óþægilegur sannleikur var kjörin besta heimildarmyndin. Hóf Gore ræðu sína á orðunum „My Fellow Americans" sem jafnan eru upphafsorðin í ávarpi Bandaríkjaforseta.

Martin Scorsese stóð loksins uppi sem sigurvegari eftir fimm tilraunir. Hann var útnefndur besti leikstjórinn og kvikmynd hans, The Departed, hlaut Óskarinn sem besta kvikmyndin. Scorsese var fyrst tilnefndur fyrir Raging Bull árið 1981 og þeir voru ófáir sem töldu að þetta yrði árið hans. „Er hægt að ganga úr skugga um að þetta sé rétt nafn í umslaginu?" spurði Scorsese þegar hann tók við styttunni góðu. „Margir, jafnvel ókunnugt fólk, hafa komið að máli við mig og sagt að ég ætti að fá þessi verðlaun," bætti hann við. The Departed hlaut alls fjórar styttur, þar á meðal fyrir besta handritið byggt á áður birtu efni.

Alan Arkin skákaði Eddie Murphy sem besti karlleikari í stoðhlutverki í Little Miss Sunshine en flestir höfðu veðjað á Murphy eftir velgengni hans og Dreamgirls á Golden Globe. Aðrir stórir flokkar fóru nokkuð eftir bókinni, Helen Mirren þótti best sem Elísabet Englandsdrottning í The Queen, Forest Whitaker stóð uppi sem sigurvegari fyrir leik sinn í The Last King of Scotland og Jennifer Hudson hlaut styttuna góðu fyrir túlkun sína á Effie White í Draumastúlkunum. Reyndar kom þýska myndin Das Leben der Anderen skemmtilega á óvart þegar hún var valin besta erlenda myndin en fram að því hafði El Laberinto del Fauno eða Pan's Labyrinth sópað til sín verðlaunum í fjölda tæknilegra flokka.

freyrgigja@frettabladid.is

DRAUMUR RÆTIST „Einu myndirnar sem ég sá á yngri árum voru í aftursætinu hjá mömmu og pabba í bílabíóum," sagði Forest Whitaker, sem hlaut verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki.

GÓÐUR KYNNIR Ellen DeGeneres fór á kostum sem kynnir kvöldsins og gerði mikið grín að þeim tilnefndu við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

DROTTNINGIN Helen Mirren hefur tekið öll verðlaun sem í boði eru fyrir The Queen.

HELSTU SIGURVEGARAR

Besta myndin: The Departed
Besti leikstjóri: Martin Scorsese (The Departed)
Besti karlleikari: Forest Whitaker (Last King of Scotland)
Best leikkonan: Helen Mirren (The Queen)
Besti leikari í aukahlutverki: Alan Arkin (Little Miss Sunshine)
Besta leikkona í aukahlutverki: Jennifer Hudson (Dreamgirls)
Besta erlenda myndin: Das Leben der Anderen (Þýskaland)
Besta heimildarmyndin: An Inconvenient Truth

Munthe plus Simonsen á Íslandi

Föt frá danska merkinu Munthe plus Simonsen eru seld um heim allan. Síðastliðið fimmtudagskvöld var opnuð búð þar sem eingöngu er seldur klæðnaður frá þessum verðlaunuðu hönnuðum á Vatnsstígnum í Reykjavík. Að sögn Dagmarar Unu Ólafsdóttur, sem rekur verslunina, höfða flíkurnar til flottra kvenna á öllum aldri. Í opnunarpartíinu á fimmtudaginn voru slíkar konur á hverju stráði, og ekki annað að sjá en að þeim hafi litist vel á varninginn.

HÝRAR Á BRÁ Eva, Karlotta og Þórhildur voru brosmildar á fimmtudagskvöldið.

KVENNAFERÐ Þær Sigurbjörg, Bjarney og Helen gerðu sér ferð á Vatnsstíginn til að kynna sér danska merkið.

SÆLLEGAR Birna og Maja voru sælar á svip eftir að hafa skoðað framboðið, enda dönsk hönnun þekkt fyrir gjörvileika.

Í GÓÐUM HÓPI Mæðgurnar Þórunn og Ingibjörg Lárusdætur og Sigríður Þorvaldsdóttir stóðu á tali við glæsikvendin Maríu Ellingsen og Röggu Gísla. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ THULE OG MASTERCARD

ENGIN HLJÓMSVEIT Í HEIMINUM HEFUR SELT EINS MIKIÐ AF MIÐUM Á ÍSLANDI OG DEEP PURPLE. NÚ SNÚA ÞEIR AFTUR MEÐ STÓRTÓNLEIKA Í HÖLLINNI

DEEP PURPLE

LAUGARDALSHÖLL
27. MAÍ 2007

MIÐASALA HEFST
FIMMTUDAGINN 1. MARS
MASTERCARD FORSALA
MIÐVIKUDAGINN 28. FEB.

SÉRSTAKIR GESTIR:
URIAH-HEEP

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði



FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarmaðurinn **Morrissey**, fyrrum forsprakki The Smiths, mun ekki taka þátt í Eurovision-keppninni í Helsinki í ár fyrir hönd Bretlands. Breska ríkissútvarpið, BBC, sagðist í byrjun ársins eiga í viðræðum við Morrissey um að hann tæki þátt í keppninni og kom það mörgum aðdáendum Morrissey í opna skjöldu. „Við ræddum við hann og fleiri listamenn og hann hafði mikinn áhuga en tímasetningin hentaði honum ekki," sagði talsmaður BBC.

Hreinar hendur
örugg samskipti

Sælir eru einfaldir

KVIKMYNDIR

Last King of Scotland

Leikstjóri: Kevin McDonald

Aðalhlutverk: Forest Whitaker, James MacAvoy og Kerry Washington.

★★★

Það gustar af Whitaker í aðalhlutverkinu sem lyftir myndinni í hærri hæðir en of þröngt sjónarhorn heldur hins vegar aftur af henni.

Idi Amin stjórnaði Úganda með harðri hendi á árunum 1971-1979 og þegar hann hrökklaðist loksins frá völdum lágu um 300 þúsund þegna hans í valnum. Amin er hins vegar í flokki einvalda á borð við Kastró og Túrkmenabashi sem er ekki endilega minnst fyrir harðræði í garð þegna sinna, heldur fyrst og fremst vegna þess að þeir þóttu og þykja litríkir karakterar.

The Last King of Scotland byggir á samnefndri bók þar sem dregin er upp nærmynd af Amin með því að skeyta saman skáldskap og raunverulegum atburðum. Höfundinum þykir litríkur persónuleiki ekki nógu burðugur grunnur til að vekja áhuga hvítra Evrópubúa á Amin og diktar því upp ungan Skota, Nicholas Garrigan, sem heldur til Úganda á vit ævintýranna og gerist læknir og helsti ráðgjafi Amins. Lífið leikur við hann í fyrstu; læknirinn nýtur valdanna sem hann hefur, sem og meðfylgjandi athygli og gjálífsins. Brátt syrtir þó í álinn; vænisýki og duttlungar forsetans setja æ meira mark á stjórnarhættina. Garrigan fer ekki varhluta af því og það rennur upp fyrir honum að hann er gísl Amins, upp á þverrandi náð hans og miskunn kominn, og getur ekki gengið að lífi sínu sem vísu.

Það verður ekki af myndinni tekið að hún er fantavel leikin. Forest Whitaker er hreint út sagt magnaður í hlutverki harðstjórans og sýnir svo að ekki verður um villst að hér fer einn fremsti leikari samtímans. Persóna Amins sveiflast listilega milli þess að vera barnslega heillandi yfir í skelfinguna uppmálaða. James McAvoy er prýðilegur í hlutverki læknisins, sem er aftur á móti dragbítur á myndina. Garrigan, sem er lauslega byggður á raunverulegri fyrirmynd, er fjandanum bláeygðari svo að erfitt er að trúa; grandaleysið er ódýr leið til að firra læknninn ábyrgð.

Sjónarhorn myndarinnar er heldur þröngt þar sem einblínt er á forsetann og dynti hans, á kostnað stærra samhengisins sem rennir stoðum undir þann grun að það sé fyrst og fremst geggjun Amins sem vekur áhuga, en ekki örlög þeirra sem bjuggu undir hans stjórn.

Bergsteinn Sigurðsson

Köld eru kvennaráð

KVIKMYNDIR

Notes on a Scandal

Leikstjóri: Richard Eyre

Aðalhlutverk: Judi Dench, Cate Blanchett, Bill Nighy og Andrew Simpson.

★★★★

Vel leikin og eftirminnileg mynd.

Judi Dench leikur óvanalegan illvirkja í sálfræðispennumyndinni Notes on a Scandal. Kaldhæðinn og bitur sögukennari, Barbara Covett (Dench), kynnist ungri og alúðlegri konu, Shebu Hart (Blanchett), sem tekur að sér myndlistarkennslu í þriðja flokks grunnskóla á Englandi. Unga konan er rótlaus og leitandi í að því er virðist ástríku hjónabandi með eldri manni (Bill Nighy) en leitar samt í gelgjulegt fangið á einum nemanda sinna (Simpson) með hrikalegum afleiðingum.

Úr verður óvenjuleg valdatogstreita þar sem sögukennarinn, sem þráir ýmislegt heitar en hugguleg teboð með þeirri yngri, flettir ofan af öllu saman og afhjúpar sjálfa sig í leiðinni. Bæld átökin milli kvennanna og mannanna í lífi Shebu eru aðalviðfangsefni myndarinnar en þau tengjast aldursmuni þeirra, ólíkum stéttum og niðurrífandi einmanaleika þeirra og almennum leiða.

Notes on a Scandal er afar vel leikin mynd, samleikur kvennanna tveggja er frábær en báðar eru þær óvæntur kostur í þessi hlutverk. Dench leikur tveimur skjöldum sem aumkunarverða piparjúnkan aðra stundina en hina birtist hún sem grimmúðlegt kvendi og kynvera ofan á allt saman. Blanchett á sömuleiðis samúð út á sakleysi sitt og manngæsku en umturnar öllum þeim tilfinningum þegar hún byrjar að bylta sér með unglingnum. Vert er einnig að minnast á frammistöðu Nighy sem á afbragðsgóðan leik í sinni litlu rullu og hinn ungi Simpson lætur ekki stórskotaliðið skyggja á sig.

Handrit myndarinnar er nokkuð leikhúslegt en það vinnur leikskáldið Patric Marber upp úr metsölubók Zoe Heller. Það hentar honum ágætlega að vinna með þráhyggjufullar og lostahrjáðar persónur sem berlega sást á leikriti hans Komdu nær, sem hann skrifaði síðan fyrir hvíta tjaldið líka. Tónlist Philips Glass er flott en dálítið yfirkeyrð á köflum.

Á heildina litið er Notes on a Scandal forvitnileg og vel leikin mynd með óvenjulegan söguþráð og verulega eftirminnileg sem slík.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

Viðlaginu hraðað

Upptökur á nýjum útgáfum Eurovisionlagsins Ég les í lófa þínum, bæði á ensku og íslensku, hófust síðastliðinn föstudag í hljóðveri Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar í Kópavogi.

Að sögn höfundarins Sveins Rúnars Sigurðssonar er búið að ákveða útsetninguna á laginu og er verið að vinna með hugmyndir henni tengdar. „Laginu verður hraðað pínulítið í viðlögunum og svo kemur einn nýr kafli. Við höfum efni á stærra „sándi" en áður og það er hægt að vanda töluvert meira til verka. Þetta verður algjör bomba, ég lofa því," segir Sveinn Rúnar.

Auk Sveins stjórna þeir Gunnar Þór Jónsson úr Sóldögg og Vignir Snær Vigfússon úr Írafári upptökum á laginu. Þorvaldur Bjarni annast síðan hljóðblöndun.

Upptökur á myndbandi við Ég les í lófa þínum hefjast síðar í þessari viku. Eftir að þeim lýkur og upptökunum á laginu heldur Sveinn Rúnar heim til Ungverjalands þar sem hann hefur búið undanfarið hálft ár. Verður hann þar í eina til tvær vikur þar til hann kemur aftur til Íslands til að taka þátt í lokaundirbúningnum fyrir úrslitin í Helsinki.

- fb

Í HLJÓÐVERINU Sveinn Rúnar, Eiríkur Hauksson og Gunnar Þór úr Sóldögg hafa verið önnum kafnir að undanförnu við upptökur á nýjum útgáfum Ég les í lófa þínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hljómfögur og léttleikandi

Franska tónlistarkonan Emilie Simon er á meðal þeirra listamanna sem heimsækja okkur á franska menningarvorinu sem nú stendur yfir. Tónleikarnir hennar verða í Háskólabíói á sunnudagskvöldið, 4. mars.

Végétal sem kom út í fyrra er hennar nýjasta plata, en áður hafði hún gefið út plötuna Emilie Simon sem kom út 2003 og plötu með tónlist úr kvikmyndinni Ferð keisaramörgæsanna (2005), en sú tónlist er eflaust hennar þekktasta verk.

Emilie Simon er fædd og uppalin í Montpellier. Hún er komin af tónlistarfólki, mamma hennar er pianóleikari og pabbi hennar hljóðmaður. Hún á að baki langa tónlistarmenntun, m.a. bæði klassískt söngnám og nám í raftónlist. Tónlist hennar er rafpopp sem einkennist af fáguðum og vel úthugsuðum útsetningum og söngröddinni sem er einkar ljúf og hljómfögur. Emilie hefur stundum verið líkt við Björk, en tónsmíðar Emilie eru töluvert hefðbundnara popp heldur en tilraunir Bjarkar síðustu ár.

Á Keisaramörgæsaplötunni notaðist Emilie meðal annars við upptökur af braki í snjó og á Végétal, sem er eins og nafnið gefur til kynna þemaplata um jurtaríkið, heldur hún áfram að vinna með umhverfishljóð og notar hljóð frá plöntum í tónsmíðarnar. Þessi aðferð á ættir sínar að rekja til musique concrète-stefnunnar, en hefur líka verið notuð í raftónlist síðustu ára af tónlistarmönnum eins og Matthew Herbert og dúóinu Matmos, sem hvortveggja hafa unnið með Björk.

Eins og áður segir fjallar Végétal platan um jurtaríkið. Textarnir fjalla um jurtir eða notast við líkingar úr jurtaríkinu. Það eru mörg fín lög hér, til dæmis upphafslagið Alicia, Un vieil amant, Dame de lotus, Never Fall In Love og rokkaðasta lag plötunnar Fleur de saison. Heilsteypt og flott plata, eins og reyndar hinar tvær plötur Emilie Simon líka.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Végétal

Emilie Simon

★★★★

Þessi nýjasta plata hinnar frönsku Emilie Simon er vel lukkuð og heillandi, full af léttleikandi rafpoppi og hljómfögrum söng.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Svanakjóllinn sem **Björk Guðmundsdóttir** klæddist á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2001 er á meðal tólf mestu tískuslysanna í sögu hátíðarinnar á bandarísku heimasíðunni msn.com. Á síðunni segir að í staðinn fyrir að fólk hafi hlegið með Björk að kjólnum hafi það hlegið að henni. Er því bætt við að titill lagsins sem Björk söng á hátíðinni í kjólnum, I've Seen It All, hafi verið einkar kaldhæðnislegur og passað vel við klæðnaðinn.

Á meðal þeirra sem komust einnig á listann yfir þær verst klæddu voru **Cher**, **Kim Basinger**, **Celine Dion**, **Gwyneth Paltrow**, **Demi Moore** og **Uma Thurman**.

Leikkonan **Jennifer Aniston** hefur átt í leynilegu sambandi við myndatökumann að nafni Mike sem starfar við sjónvarpsþátt **Courteney Cox**, Dirt. Mike og Aniston hittust þegar leikkonan kom fram í gestahlutverki í þættinum. „Hún kynnti sig fyrir honum og þau fóru að spjalla. Daginn eftir bauð hann Jen í mat," sagði kunningi Aniston. Ekki er langt síðan Aniston hætti með leikaranum **Vince Vaughn**. Þar áður var hún gift Brad Pitt en þau skildu árið 2005.

verkefnislýsing

frumkvæði

árangursmat

markaðssetning

nýnæmismat

framkvæmdaáætlun

kostnaðaráætlun

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

Átak til atvinnusköpunar:

Ert þú að vinna að góðri viðskiptahugmynd?

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu Átak til atvinnusköpunar.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til smærri verkefna og verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar.

Umsóknir og fylgigögn
Allar umsóknir skulu færðar á þar til gerð umsóknareyðublöð sem eru á vefsíðu ***Impru nýsköpunarmiðstöðvar***, ***www.impra.is***. Þar skal m.a. eftirfarandi koma fram:

- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefninu, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á vefsíðu Impru, www.impra.is og hjá Hallfríði Benediktsdóttur í tölvupóstfang hallfridurb@iti.is. Umsóknarfrestur er til 15. mars 2007.

Umsóknum skal skilað á framangreindum eyðublöðum til:

Impra - nýsköpunarmiðstöð,
Iðntæknistofnun,
Keldnaholti, 112 Reykjavík,
merkt Átak til atvinnusköpunar
eða á netfangið atak@iti.is

> Dómaranámskeið í handboltanum

Dómaramál í handbolta og körfubolta hafa verið nokkuð til umræðu síðustu vikur enda hefur sárlega vantað dómara í báðum greinum og til marks um mannekluna þá getur efnilegur handboltadómari unnið sig upp í efstu deild karla á aðeins þrem mánuðum. Þeim sem hafa áhuga á að láta til sín taka í dómarabúningnum er bent á dómaranámskeið sem verður haldið 9. og 10.mars næstkomandi. Þátttakendur verða að tilkynna sig á tölvupóstfangið robert@hsi.is fyrir 1. mars. Ekkert þátttökugjald er á námskeiðið.

sport

sport@frettabladid.is

HARPA ÞORSTEINSDÓTTIR: ER NÝJASTI ÍSLENDINGURINN Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI Í FÓTBOLTA

Ætlar sér að verða betri leikmaður

Harpa Þorsteinsdóttir er nýjasti Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni en hún hefur samið við Charlton til loka þessa tímabils. „Það verður gaman að prófa eitthvað nýtt. Þetta er mjög gott tækifæri fyrir mig og ég ætla að nota það til að sýna mig og sanna. Ég stefni á að verða betri leikmaður eftir dvölina í Charlton. Ég held að þetta eigi eftir að koma sér vel með Stjörnunni í sumar," segir Harpa, sem segir að þetta hafi verið inn í myndinni síðan um áramótin. „Þetta er mjög gott félagslið og þær hafa flestar spilað landsleik fyrir England," segir Harpa og bætir við.

„Þær eru eina liðið sem hefur unnið Arsenal á síðustu árum." Harpa segist fagna því að lengja tímabilið sitt en hún þarf að hafa fyrir því að komast í liðið. „Það verður samkeppni um að komast í liðið en ég ætla að komast í liðið og fá reynslu," segir Harpa um markmiðin hjá Charlton.

Það var Ragna Lóa Stefánsdóttir, eiginkona Hermanns Hreiðarssonar, leikmanns karlaliðs Charltons, sem benti Lundúnaliðinu á Hörpu. „Þeir eru að horfa á mig sem miðjumann en ég hef bæði verið að spila miðjumann og framherja með Stjörnunni," segir Harpa, sem hefur skorað 23 mörk í 68 leikjum í efstu deild. „Ég býst við að spila fyrsta leikinn á móti Sunderland næsta sunnudag. Ég kem síðan aftur til Íslands um miðjan maí og verð komin fyrir fyrsta leik," segir Harpa og Stjörnumenn fagna því að fá hana aftur. „Við lítum á þetta sem stórt tækifæri fyrir báða aðila," sagði Jóhannes Karl Sigursteinsson, þjálfari Hörpu í Stjörnunni. „Njósnari Charlton hefur komið hingað til lands og sá hana spila hér en auk þess erum við búin að fara út," segir Jóhannes, sem líst gríðarlega vel á allar aðstæður. „Við fáum hana heim í topp leikformi og hún á meðal annars eftir að spila tvisvar sinnum við Arsenal, í lok mars og byrjun apríl. Hún verður því að spila mikið af stórum leikjum áður en hún kemur heim," sagði Jóhannes.

TRYGGÐI FRAMLENGINGU Jón Arnór var besti maður Lottomatica Roma í sigrinum á Livorno. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ítalski körfuboltinn:

Jón Arnór með 21 stig í Róm

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson var í miklu stuði í fyrsta deildarleiknum sínum með Lottomatica Roma sem vann Livorno, 110-102, í tvíframlengdum leik í ítölsku úrvalsdeildinni í körfubolta.

Jón Arnór skoraði alls 21 stig í leiknum og tryggði sínu liði meðal annars seinni framlenginguna með því að skora þriggja stiga körfu þremur metrum fyrir utan línuna. Jón Arnór, sem missti af fyrsta deildarleiknumn vegna meiðsla, hitti úr 6 af 8 skotum sínum utan af velli og öllum 7 vítunum. **- óój**

1. deild karla í körfubolta:

Þór komið upp

KÖRFUBOLTI Þór frá Akureyri er komið upp í úrvalsdeild karla á ný eftir eins árs fjarveru en þetta varð ljóst þegar Breiðablik tapaði fyrir Stjörnunni um helgina. Þórsliðið hefur haft nokkra yfirburði í deildinni í vetur og Akureyringar hafa unnið alla tíu leiki sína. **- óój**

Tvöfaldur sigur Njarðvíkur

Njarðvík vann tíu stiga sigur á KR, 83-73, í uppgjöri toppliða Iceland Express deildar karla í Ljónagryfjunni í gær og færðist nær deildarmeistaratitlinum.

KÖRFUBOLTI Njarðvíkingar stigu stórt skref í átt að deildarmeistaratitlinum með 83-73 sigri á KR í toppslag Iceland Express-deildar karla í gær. Það má segja að þetta hafi verið tvöfaldur sigur því Njarðvíkingar þurftu að vinna með sex stigum til að vera með betri innbyrðisstöðu. Það leit þó ekki vel út í byrjun því KR náði mest 11 stiga forskoti í fyrsta leikhlutanum. Njarðvík kom muninum í 3 stig, 33-36, fyrir hálfleik og þriggja stiga sýning þeirra Jeb Ivey og Brenton Birmingaham í fjórða leikhlutanum gerði síðan út um leikinn. „Maður hefði viljað fá meira út úr þessum leik eftir að hafa verið skrefi á undan í 30 mínútur. Þeir skora fjóra þrista í röð og í svona varnarsinnuðum leik, þar sem er skorað lítið, eru þeir stórir. Ég hef verið ósáttari eftir tapleik því mér fannst við gera margt vel. Við vorum að spila við frábært lið og það voru bara tveir frábærir leikmenn sem tóku yfir leikinn," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir leik.

„Þetta var frábær sigur og vonandi getum við klárað deildarmeistaratitilinn. Mér leið vel í þessum leik og það duttu nokkur skot hjá mér," sagði Njarðvíkingurinn Jeb Ivey hógvær en hann skoraði 27 stig og hitti úr 6 af 8 þriggja stiga skotum sínum í leiknum. Friðrik Stefánsson (11 stig, 12 fráköst, 5 varin skot) og Igor Beljanski (13 stig, 10 fráköst) voru gríðarsterkir í teignum báðum megin og þá skiluðu Brenton Birmingham (15 stig) og Jóhann Árni Ólafsson (10 stig) sínu að vanda. Tyson Patterson var í sérflokki hjá KR með 26 stig og 9 stoðsendingar.

„Ég leyfði mér að ræða það við mannskapinn í gær að við værum í þeirri skrýtnu stöðu að geta fengið þrjú stig fyrir sigur. Við ræddum það síðan ekki aftur fyrr en það voru ein mínúta og 50 sekúndur eftir því þá sáum við að þetta var möguleiki. Þetta var mjög dýrmætt og nú erum við með fjögur stig á bæði Skallagrím og KR, innbyrðisstöðu á bæði lið og þurfum einn sigur til þess að klára þetta," sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, eftir leik en þetta var tólfti deildarsigur liðsins í röð. **ooj@frettabladid.is**

ERFIÐUR VIÐ AÐ EIGA Friðrik Stefánsson, fyrirliði Njarðvíkur, var sterkur undir körfunum í gær. Hér fer hann framhjá Jeremiah Sola í liði KR. VIKURFRÉTTIR

MARKAHÆST Margrét Lára Viðarsdóttir fer til Portúgals. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Landsliðið á Algarve Cup:

Sigurður valdi þrjá nýliða

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna, hefur tilkynnt hópinn sem fer á Algarve Cup 2007 en íslenska landsliðið spilar fjóra leiki á mótinu.

Sigurður valdi þrjá nýliða en það eru þær Sif Atladóttir úr Val, Fjóla Dröfn úr KR og Anna Björg Björnsdóttir úr Fylki. Hópinn skipa markverðirnir Þóra B. Helgadóttir, Leuven, og Guðbjörg Gunnarsdóttir, Val.

Aðrir leikmenn eru síðan: Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Ásta Árnadóttir, Guðný Óðinsdóttir, Rakel Logadóttir og Sif úr Val, Edda Garðarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Katrín Ómarsdóttir og Fjóla Dröfn Friðriksdóttir úr KR, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Erna Björk Sigurðardóttir og Greta Mjöll Samúelsdóttir úr Breiðabliki, Anna Björg úr Fylki og svo þær sem spila erlendis; Dóra Stefánsdóttir hjá Malmö FF, Erla Steina Arnardóttir hjá Jersey Sky Blue og Harpa Þorsteinsdóttir hjá Charlton. **- óój**

ÍTALSKT PASTA

MEÐ PEPPERÓNÍ

Barcelona náði tveggja stiga forskoti á toppnum:

Eto'o í guðatölu á ný

FÓTBOLTI Kamerúninn Samuel Eto'o átti frábæra innkomu í byrjunarlið Barcelona í 3-0 sigri á Athletic Bilbao í spænsku úrvalsdeildinni á sunnudaginn. Umdeild framkoma Eto'o á síðustu vikum, þar sem hann meðal annars neitaði að fara inn á í leik 11. febrúar síðastliðinn, var löngu gleymd í hálfleik þegar hann hafði skorað eitt mark og lagt upp annað.

Eto'o byrjaði í sínum fyrsta leik síðan í september og það er óhætt að segja að leikur liðsins hafi breyst til hins betra. „Það var kominn tími á mig að fá svona leik. Það var kominn tími fyrir mig að fá að njóta mín. Ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur í byrjunarliðið og að ég náði að skora mark," sagði Eto'o eftir leikinn en fyrir leikinn hafði Kamerúninn aðeins spilað í átta mínútur frá því að hann meiddist á hné í haust.

„Ég er mjög ánægður fyrir hans hönd því hann er kominn aftur í gott form. Hann hjálpar okkar liði mikið því með veru sinni á vellinum dregur hann athyglina frá öðrum leikmönnum liðsins og skapar þeim um leið meira pláss og meiri tíma," sagði Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, eftir leikinn en mikið hefur gengið á milli þeirra á síðustu vikum.

FYRIR BARCA Samuel Eto'o er farinn að skora aftur fyrir Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY

Samuel Eto'o hafði góð áhrif á Ronaldinho, sem hristi af sér gagnrýnisraddir um holdafar og spilaði eins og hann gerir best. Hann svaraði líka gagnrýnisröddunum eftir leik og sagði umræðu síðustu viku einungis hafa hjálpað honum til þess að koma enn ákveðnari í leikinn á móti Bilbao. **- óój**

VARÐI VEL Birkir Ívar Guðmundsson varði fjórtán skot um helgina en það bjargaði ekki þjálfaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frjálsíþróttasamband Íslands gerði upp árið 2006:

Tvenn verðlaun Silju

FRJÁLSAR Frjálsíþróttasamband Íslands veitti um helgina viðurkenningar fyrir bestu afrek síðasta árs og við það tilefni var Silja Úlfarsdóttir úr FH valin frjálsíþróttamaður ársins og fékk Jónsbikarinn fyrir besta árangur í spetthlaupum, Sveinn Elías Elíasson Fjölni fékk bikar fyrir besta árangur 20 ára og yngri, Kristín Birna Ólafsdóttir úr ÍR fékk framfarabikarinn og þá fékk Jónas Hlynur Hallgrímsson úr FH bikar fyrir „óvæntasta afrekið“.

Silja náði 87. besta árangrinum í heiminum á árinu í 400 metra grindahlaupi þegar hún hljóp á 57,13 sekúndum. Jónsbikarinn fékk Silja fyrir að hlaupa 200 metra á 24,02 sekúndum sen hún náði með því 2. sæti í greininni í Evrópubikarkeppninni í Slóvakíu.

Sveinn Elías vakti mikla athygli á síðasta ári þegar hann varð Norðurlandmeistari í tugþraut í flokki 17 ára og yngri en hann fékk þó verðlaunin fyrir að hlaupa 400 metra á 48,66 sekúndum.

Kristín Birna sýndi mestu framfarirnar á síðasta ári en hún bætti Íslandsmetið í bæði sjöþraut og fimmtarþraut. Að lokum fékk Jónas Hlynur bikar fyrir „óvæntasta afrekið“ en hann kastaði spjótinu 70,58 metra á meistaramótinu og bætti árangur sinn í spjótkasti um tæplega 7 metra milli ára. - óój

SILJA OG SVEINN Silja Úlfarsdóttir úr FH og Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni fengu bæði verðlaun fyrir árið 2006, þar af fékk Silja tvenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þýski handboltinn:

Þjálfari Birkis og Þóris rekinn

HANDBOLTI Jens Pfänder var í gær rekinn sem þjálfari þýska handboltaliðsins TuS N-Lübbecke en með því spila einmitt landsliðsmarkvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson og Þórir Ólafsson. TuS N-Lübbecke tapaði um helgina fyrir Alexander Petersson og félögum í Grosswallstad og er komnir í mikla fallhættu eftir fjögur töp í röð. Zlatko Feric og „Schorse“ Borgmann taka við liðinu til að byrja með en leit stendur yfir að eftirmanni Pfänders sem hefur þjálfað liðið síðan í júní í 2003. - óój

Francesco Totti hjá Roma:

Fær áfram að taka vítin

FÓTBOLTI Francesco Totti, fyrirliði ítalska liðsins Roma, hefur ennþá traust þjálfara síns sem víta-skytta Rómarliðsins þrátt fyrir að hafa klikkað á sjöttu vítaspyrnu sinni um helgina. Andrea Campagnolo, markvörður Reggina varði frá honum víti 3-0 sigurleik en Totti hefur aðeins nýtt 4 af 10 vítaspyrnum sínum á tímabilinu. Totti hefur klúðrað fjórum vítum í deildinni, einni í Meistaradeildinni og 1 í bikarnum.

„Ég er búinn að vera óheppinn á þessu tímabili en ég ætla að reyna að bæta fyrir þetta með því að skora fleiri mörk í opnum leik,“ sagði Totti, sem fullvissaði alla um að hann myndi stíga fram yfirvegaður og fullur sjálfstrausts þegar liðið fengi dæmt víti næst. - óój

AÐ GERA GÓÐA HLUTI Steindór Gunnarsson, yfirþjálfari ÍRB.

Gullmót KR í sundi:

ÍRB vann yfirburðasigur

SUND Sundsveit ÍRB fór á kostum í Gullmóti KR í sundi sem fram fór í innilauginni í Laugardal um helgina og fékk þar meira en 500 stigum meira en næsta lið sem var Ægir.

Í keppni einstaklinga vann Örn Arnarson úr SH stigakeppnina í karlaflokki og hafði þar betur gegn Króatanum Mario Todorovic og Dananum Chris Christensen. Í kvennaflokki voru Króatarnir Sanja Jovanovic og Iva Grivicic í efstu tveimur sætunum en Ragnheiður Ragnarsdóttir náði þriðja sætinu.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, ÍRB (15-17 ára), Sigrún Brá Sverrisdóttir, Fjölni (15-17 ára), Soffía Klemenzdóttir, ÍRB (13-14 ára), Kristófer Sigurðsson, ÍRB (11-12 ára), og Eygló Ósk Gústafsdóttir, Ægi (11-12 ára), unnu stigakeppnina í sínum aldursflokkum. - óój

ENNEMM / SIA / NM25671



Ástæða þess að björgunarsveitirnar velja Nissan Patrol er einföld.

Þegar unnið er við björgunarstörf við erfiðustu hugsanlegar aðstæður skiptir sköpum að vera með bestu tæki sem völ er á. Þegar mannslíf eru í húfi er ekki nóg að hafa fullkominn fjarskiptabúnað, staðsetningartæki og allan útbúnað til vetrarferða og björgunarstarfa heldur verður farartækið að komast allra sinna ferða. Það þarf að velja besta jeppann til slíkra ferða. Nissan Patrol er sá jeppi. Þess vegna nota björgunarsveitirnar Patrol.

Nissan Patrol, besti jeppinn fyrir allar aðstæður.
Vertu sjálfbjarga. Skelltu þér á Patrol.

Nissan Patrol
Verð frá 4.840.000 kr.

NISSAN PATROL NISSAN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960

> SANDRA BULLOCK

Kvikmyndaferill Söndru Bullock hófst þegar hún fluttist til Los Angeles og fór að leika í myndum frá sjálfstæðum kvikmyndagerðarmönnum. Hún vakti fyrst einhverja athygli fyrir hlutverk sitt í Demolition Man sem gerði það að verkum að hún fékk hlutverk í myndinni Speed sem sló í gegn. Í dag er hún ein virtasta leikkona Hollywood. Hægt er að sjá hana í myndinni Miss Congeniality 2 sem sýnd er á Stöð 2 Bíó.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR SEFUR EKKI ÚT UM HELGAR

Af Nappa refi og Snillingunum

Foreldrar eru þreyttir um helgar. Á laugardögum og sunnudögum vildi ég gjarnan fá að sofa út. Sonur minn hefur þó engan hug á slíkum slæpingjahætti. Við foreldrar hans getum með engu móti sannfært hann um kosti þess að liggja aðgerðalaus fram eftir morgni á frídögum. Ég þakka almættinu fyrir morgunsjónvarp barnanna en mikið óskaplega vildi ég að meira púður væri lagt í það.

Ríkissjónvarpið fær þakkir fyrir að sýna barnaefnið Snillingana, það á að kenna litlum börnum að meta klassíska tónlist og tekst vel til. Við snáðinn lærum bæði margt þarft af þessum þáttum og sönglum meistarastykki fram eftir vikunni eftir hvern þátt. Stundum höfum við meira að segja staldrað við á bókasafninu og kippt með hljómdiskum með klassískum verkum til að hlýða á í framhaldi af glápinu.

Stöð 2 fær þakkir fyrir að sýna þættina um landkönnuðinn Dóru en þeir eiga að kenna börnum undirstöðu í enskri tungu. Við mæðginin hjálpum Dóru við að leysa þrautir með því að æpa jump og to grandma's house eða eitthvað þvíumlíkt. Hjarta okkar beggja tekur svo kipp af æsingi þegar hinn slægi refur Nappi ásælist einhvern þeirra muna sem Dóra hefur í farteskinu. Þetta eru góðir þættir en því miður eiginlega eina barnaefnið í boði þessara stöðva sem ég hef áhuga á því að sonur minn fylgist með og þetta er það eina sem hann hefur áhuga á að horfa á.

Eftir að Snillingarnir og Dóra hafa kvatt skjáinn um helgar neyðist ég til þess að fara í gönguferðir, lestarleiki eða taka upp á einhverju öðru sem krefst líkamlegrar áreynslu. Það er ef til vill ágætt. Þótt letin sé notaleg vil ég ekki að barnið mitt alist upp við sömu skilyrði og fangar gera. Lokað inni í húsi með vídjó og sjónvarp sem helsta félagsskap og afþreyingu.

EKKI MISSA AF

▶ **16.00** Dodgeball STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.10** Everwood RÚV

▶ **21.25** Kárahnjúkar RÚV

▶ **21.35** Shark Stöð 2

▶ **22.20** Óskarsverðlaunin STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós (Guiding Light)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Magga og furðudýrið (24:26)
18.30 Kappflugið í himingeimnum
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Everwood** (2:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.
20.55 Allra meina bót (7:8) (Bota mig)
▶**21.25 Kárahnjúkar - Vatnsföllin og árnar í kring** Sjötta heimildamyndin af níu sem gerðar verða á fjórum árum um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun. Sagafilm framleiddi þáttinn fyrir Landsvirkjun. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
22.00 Tíufréttir
22.25 Draugasveitin (5:8) The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar. Meðal leikenda eru Elaine Cassidy, Emma Fielding, Jonas Armstrong og James Weber-Brown.
23.15 Njósnadeildin (4:10) (Spooks) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn.
00.10 Kastljós
00.40 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The Dangerous Lives of Alter Boys (Kórdrengir í klandri)
08.00 Triumph of Love (Ástin sigrar)
10.00 Dodgeball
12.00 Miss Congeniality
14.00 Triumph of Love (Ástin sigrar)
▶**16.00 Dodgeball**
18.00 Miss Congeniality 2
20.00 The Dangerous Lives of Alter Boys (Kórdrengir í klandri)
22.00 Smiling Fish & Goat on Fire
00.00 Edge of Madness
02.00 The List
04.00 Smiling Fish & Goat on Fire

STÖÐ 2

07.20 Grallararnir (Tiny Toons)
07.40 Tasmanía (Taz-Mania)
08.00 Oprah
08.45 Í fínu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Related (17:18) (Systrabönd)
10.05 Ganga stjörnurnar aftur?
10.50 Whose Line Is it Anyway?
11.15 60 mínútur (60 Minutes)
12.00 Hádegisfréttir
12.40 Nágrannar (Neighbours)
13.05 Homefront (Heimavígstöðvarnar)
13.50 Nálægð við náttúruna
14.40 Las Vegas (5:23)
15.25 Whose Line Is it Anyway? 4
15.50 Horance og Tína
16.13 Shin Chan
16.33 Nornafélagið
16.58 Tasmanía (Taz-Mania)
17.23 Músti
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbours)
18.18 Íþróttir og veður
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 The Simpsons (11:22)
20.05 The Apprentice (Lærlingurinn) Donald Trump snýr aftur í fimmtu seríunni af The Apprentice þar sem hann leitar enn á ný af lærlingi fyrir Trump-fyrirtækjaveldið sitt. Hér eru á ferð sívinsælir raunveruleikaþættir sem gerðir eru af Trump sjálfum í samstarfi við sjálfan konung raunveruleikaþáttanna, Mark Burnett.
20.50 Prison Break (17:22) (Flóttinn)
▶**21.35 Shark** (8:22) (Hákarlinn) Svört skólasystir Julie, dóttur Starks, lætur lífið eftir að ekið er yfir hana þegar hún er að koma úr partíi. Stark óttast að dauði stúlkunnar kunni að hafa í för með sér auknar erjur milli svartra og hvítra nemenda við skólann og í samfélaginu.
▶**22.20 Óskarsverðlaunin 2007 -** Samantekt með því helsta sem gerðist.
23.55 Twenty Four (6:24)
00.40 Nip/Tuck (8.15)
01.30 Cold Case (7.24)
02.15 Out to Sea
03.55 The Siege
05.50 Fréttir
06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.30 Seinfeld
19.55 3. hæð til vinstri (26:39)
20.00 Entertainment Tonight
20.30 Da Ali G Show Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kappana óþæginlegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt býður upp á álíka vandræðanleg svör. Ali G og Borat eru nú þegar orðnir heimsfrægir og segir sagan að Bruno sé við það að slá í gegn líkt og vinir hans.
21.00 American Dad 3 (e)
21.30 The Loop
22.00 The Nine - NÝTT Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja. Hvað gerðist í bankanum á þessum 52 klukkustundum sem gjörbreytti lífi þessa fólks svona mikið?
22.50 Twenty Four (18:24) (24 - 2)
23.40 Insider
00.05 Janice Dickinson (e)
00.35 Seinfeld
01.00 Entertainment Tonight (e)
01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
16.45 og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
14.45 Vörutorg
15.45 One Tree Hill (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Rachael Ray
18.15 Melrose Place
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Out of Practice (e)
20.00 Skólahreysti Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Hringferðin um landið hefst á Selfossi þar sem skólar af Suðurlandi etja kappi.
21.00 Innlit / útlit Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
22.00 Close to Home Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Kona sem er sökuð um morð á eiginmanni sínum ákveður að sjá sjálf um málsvörn sína og ber við sjálfsvörn.
22.50 Everybody Loves Raymond
23.15 Jay Leno
00.05 Heroes (e)
01.05 Jericho (e)
01.55 Vörutorg
02.55 Beverly Hills 90210 (e)
03.40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

07.00 Að leikslokum (e)
14.00 Middlesbr.- Reading (frá 24. feb)
16.00 Charlton - West Ham (24. feb)
18.00 Þrumuskot (e)
19.00 Að leikslokum (e)
20.00 Fulham - Man. Utd (frá 24. feb)
22.00 Ítölsku mörkin (e)
23.00 Tottenham - Bolton (frá 25. feb)
01.00 Dagskrárlok

the NINE

FRÁBÆRIR SPENNUÞÆTTIR UM 9 MANNS SEM HALDIÐ ER Í GÍSLINGU Í BANKA Í 52 KLST

VATIKANÍÐ

SIRKUS TV

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

The Apprentice

Donald Trump hefur á ný hafið leitina að nýjum lærlingi fyrir Trump-fyrirtækjaveldið sitt í fimmtu seríunni af raunveruleikaþættinum The Apprentice. Átján ungir og efnilegir kaupsýslumenn mættu til leiks í síðasta þætti þegar skipt niður í tvö lið; Synergy og Gold Rush. Nú eru sautján þeirra eftir og ljóst orðið að Trump ætlar sér að gera meiri kröfur til þeirra en nokkru sinni áður. Verkefnið að þessu sinni er að þróa markaðsherferð fyrir nýja rakvélalínu fyrir Gillette-framleiðandann.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

READING - MAN. UTD SÝN 19.50

Sýn verður í kvöld með beina útsendingu frá leik Reading og Manchester United í ensku bikarkeppninni FA Cup. Fyrri leik liðanna á Old Trafford lauk 1-1 þar sem íslenski víkingurinn Brynjar Björn Gunnarsson var á skotskónum og því þurfa þessi lið að mætast aftur. Ívar Ingimarsson leikur einnig með liði Reading sem komið hefur skemmtilega á óvart í vetur.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Heima er best **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7 **14.30** Seiður og hélog **15.00** Fréttir **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.10** Veðurfregnir **16.13** Hlaupanótan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Masada virkið (1:2) **20.50** Í heyranda hljóði: Málþing um Skriðuklaustur **22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir **22.15** Lestur Passíusálma (20:50) **22.21** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Fimm fjórðu - Djassþáttur **00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-ID** / Enginn viðbjóður

SÝN

17.40 Coca Cola deildin (Sunderland - Derby) Útsending frá leik á Englandi.

19.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

19.50 FA Cup 2006 (Reading - Man. Utd.) Bein útsending frá leik Reading og Manchester United í ensku bikarkeppninni FA Cup. Fyrri leik liðanna á Old Trafford lauk 1.1 þar sem Brynjar Björn Gunnarsson var á skotskónum og því þurfa þau að mætast aftur. Ívar Ingimarsson leikur einnig með liði Reading sem komið hefur skemmtilega á óvart í vetur.

21.50 PGA Tour 2007 - Highlights Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

22.45 Coca Cola mörkin

23.15 World Supercross GP 2006-2007 Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.

00.10 FA Cup 2006 (Reading - Man. Utd.) Útsending frá síðari leik Reading og Manchester United í FA Cup.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.00 Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Snip Snap Snude **6.50** Nasse **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Jersild & Spin **9.30** Læs for livet **10.00** Jagerpiloterne **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Genbrugsguld **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Ninja Turtles **16.00** SportsNørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Verdens sejeste dansker **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo **23.00** Lady Jayne: lejemorder **5.30** Alle vi børn i Bulderby **6.00** Den lille prinsesse

NRK 1

10.05 Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 1**3.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Duck Dodgers **15.00** Siste nytt **15.03** Dracula junior **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Fra loft og kjeller **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Gubben og Katten **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Norsk for nybegynnere **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Utsyn: Jihad-tv 23.05 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.35** Youssou N'Dour og venner

SVT 1

8.30 Keith on the road **9.00** Pedagogikens giganter **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - DNA **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Övervakade **13.25** Min hund Skip **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.25** Born Wild **16.30** Krokomax **17.00** Lilla blå draken **17.10** Djurbebisar **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Höök **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Orkesterliv **22.50** Sändningar från SVT24

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Málefnaráðstefna Frjáslynda flokksins

Mannúðleg markaðshyggja Einstaklinginn í öndvegi

Grand Hótel Reykjavík: Laugardaginn 3. mars n.k. kl. 10.

Dagskrá: Laugardagur 3. mars 2007 • Ráðstefnustjóri: Tryggvi Agnarsson

10.00 - 10.10 Ráðstefnan sett: Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.
10.10 - 10.25 Skattar og velferð: Stefán Ólafsson, prófessor.
10.25 - 10.35 Fyrirspurnir.
10.35 - 10.50 Landnýting og landvernd: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt.
10.50 - 11.00 Fyrirspurnir.
11.00 - 11.10 Kaffihlé
11.10 - 11.30 Ísland á tímum alþjóðavæðingar: Þorvaldur Gylfason, prófessor.
11.30 - 11.40 Fyrirspurnir.
11.40 - 12.00 Okur og almenningur: Guðmundur Ólafsson, prófessor.
12.00 - 12.10 Fyrirspurnir.
12.10 - 13.00 Matur.
Kl. 13.00 Skipting í starfshópa:
a. Mannúðleg markaðshyggja:
Velferðarmál, aldraðir, öryrkjar, skattamál, uppbygging atvinnurekstrar.
b. Landnýting í sátt við landvernd / samgöngumál.
c. Burt með gjafakvótann og gjafir á þjóðareign.
d. Okur og almenningur / gengi og gjaldmiðill.
e. Utanríkismál og innflytjendur.

Kl.13.00-15.00 Starfshópar starfa.
Kl.15.00 Umræður / ráðstefnuslit.
Kl.17.00 Móttaka.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN
www.xf.is

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Ég hugsa að ég verði að nefna Nings. Ég er oft mikið á hlaupum starfsins vegna og þar fæ ég bæði hollan og góðan mat á stuttum tíma. Ég borða mjög oft þarna þegar ég kemst ekki heim í mat. Uppáhaldið mitt er steikt hrísgrjón með kjúklingi.“

Pálmi Sigurhjartarson tónlistarmaður

Óbeisluð fegurðarsamkeppni á Ísafirði

„Sumir halda að þetta sé grín, en það er það ekkert endilega. Þetta er bara ein birtingarmynd fegurðar,“ sagði Matthildur Helgadóttir, einn skipuleggjenda ísfirskrar fegurðarsamkeppni sem leggur áherslu á óbeislaða fegurð. Í tilkynningu frá hópnum að baki keppninni segir að það muni teljast keppendum til tekna að lífið sjáist á þeim. „Er þá átt við að aldur, aukakíló, hrukkur, slit vegna barnsfæðinga, lafandi brjóst, skalli, loðið bak, appelsínuhúð o.þ.h. teljast til kynþokka.“ Keppt verður um titla á borð við Michelin 2007 og Húðslit 2007, í Félagsheimilinu í Hnífsdal 18. apríl næstkomandi.

Eftir að Matthildur birti tilkynninguna á bloggsíðu sinni fyrir viku stóð ekki á viðbrögðum. „Þetta fékk hraðari og meiri athygli en við áttum von á,“ sagði hún. „Við erum búin að fá mikið af fyrirspurnum frá fólki sem hefur áhuga, en hefur líka áhyggjur af því hvernig framkvæmdin verður. Það heldur jafnvel að það eigi að fara að narra það upp á svið til að gera grín að því,“ sagði Matthildur, sem kvað slíkt alls ekki vera á dagskrá. „Ætlunin er að halda keppni með mat og kynni og öllusaman. Það er ekki meiningin að fólk komi fáklætt fram,“ sagði hún. „Við viljum opna augu fólks fyrir því að allir eru fallegir á sinn hátt. Auðvitað er dálítið háð í þessu, enda held ég að það sé alltaf gott að taka sig ekkert of alvarlega. Smá húmor skaðar aldrei,“ sagði Matthildur og hló við.

MATTHILDUR HELGADÓTTIR Í hópi fólks sem efnir til fegurðarsamkeppni á Ísafirði, þar sem aukakíló og appelsínuhúð munu verða keppendum til framdráttar. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR ÞÓR HALLDÓRSSON



LÁRÉTT
2 örverpi **6** lést **8** sefa **9** svelgur **11** tveir eins **12** glæsibíll **14** gnægð **16** nafnorð **17** spil **18** erlendis **20** íþróttafélag **21** sjúkdómur.

LÓÐRÉTT
1 lífræn sýra **3** tveir eins **4** stjórnmál **5** mál **7** æðibunugangs **10** beita **13** gláp **15** há bygging **16** nudda **19** ryk.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 urpt, **6** dó, **8** róa, **9** iða, **11** il, **12** kaggi, **14** gnótt, **16** no, **17** niu, **18** útí, **20** kr, **21** asmi.
LÓÐRÉTT: 1 edik, **3** rr, **4** pólitík, **5** tal, **7** óðagots, **10** agn, **13** gón, **15** turn, **16** nua, **19** im.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 10

1. Á Svalbarða.
2. Sylvester Stallone.
3. Chelsea.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: HITTI LEIKKONUNA CATE BLANCHETT Í BERLÍN

Fannst Ingvar ógleymanlegur á nærbuxunum

Vegur leikhópsins Vesturports heldur áfram að aukast og hefur hróður hans borist alla leið til andfætlinga í Ástralíu. Óskarsverðlaunaleikkonan Cate Blanchett var nýverið stödd á kvikmyndahátíðinni í Berlín þar sem hún afhenti efnilegum leikurum í Evrópu viðurkenningu ásamt lafði Judi Dench og var Gísli Örn Garðarsson meðal þeirra. „Allir sem eru tilnefndir í Shooting Stars-flokknum eru kallaðir upp á svið og fá styttu til eignar,“ segir leikarinn sem var staddur á æfingu á söngleiknum Elliheimilinu, þar sem stórstjörnur á borð við Ómar Ragnarsson eru í aðalhlutverki. „Ég hitti Blanchett í kjölfarið á einkaklúbbi eftir herlegheitin og við tókum tal saman,“ heldur Gísli Örn áfram.

Upp úr dúrnum kom að Blanchett er mikill aðdáandi Vesturports, var meðal fjölda leikhúsgesta á uppfærslu hópsins á Woyzeck í London og hafði séð bæði Börn og Fullorðna sem leikhópurinn gerði ásamt Ragnari Bragasyni og sýndar voru kvikmyndahátíðinni í Berlín. Þá hafa tekist mjög góð kynni með henni og tónlistarmannninum Nick Cave sem hefur unnið náið með Gísla og félögum hans í Vesturporti. „Hún var mjög hrifin af myndunum og gat varla sagt neitt annað fyrst ég var þarna beint fyrir framan hana,“ segir Gísli og hlær. Bætir síðan við að Blanchett hafi nefnt það hversu vel Ingvar E. Sigurðsson hafi tekið sig út á nærbrókunum í Woyzeck. „Já, hún mundi alveg sérstaklega eftir því, sagði það hafa verið ógleymanlegt,“ útskýrir Gísli. Blanchett er mikil leikhúsmanneskja sjálf, maðurinn hennar er leikskáld og handritshöfundur og saman reka þau leikhús í Sydney.

Cate ræddi einnig við Gísla um dvöl sína hér á landi en leikkonan kom hingað í fyrra ásamt manni sínum og fór meðal annars á Airwaves-hátíðina sællar minningar og keypti stóla á Hótel Búðum. „Hún fékk lánaðan bústaðinn hjá Sigurjóni Sighvatssyni og var mjög hrifin af öllu, vildi gjarnan koma hingað aftur,“ bætir Gísli við.

Og Börn og Foreldrar hafa slegið í gegn. Nýlega var samið um dreifingarrétt til Danmerkur og samningaviðræður við dreifingaraðila í Þýskalandi og Frakklandi eru á lokastigi. Gísli Örn heldur hins vegar til London 18. mars en eins og greint var frá Fréttablaðinu mun hann leika burðarhlutverkið í uppfærslu breska þjóðleikhússins á leikritinu Matter of Life and Death.

freyrgigja@frettabladid.is

CATE BLANCHETT Fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Aviator. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

INGVAR E. SIGURÐSSON Að mati Blanchett tók Ingvar sig vel út á nærbuxunum í Woyzeck.

GÍSLI ÖRN Ræddi málin við áströlsku stjörnuna, sem kvaðst vera mjög hrifin af verkum Vesturports.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Síðasti X-Factor var sögulegur fyrir margra sakir. Þar mættust stálin stinn enda hafa dómararnir þrír verið í kýlingum eftir að **Siggi kafteinn** var sendur heim. **Einar Bárðarson** fékk það erfiða hlutskipti að vera í oddastöðu og neyddist til að senda **Johönnu** heim. Margt fer hins vegar fram á bak við tjöldin þegar auglýsingahléin standa yfir í beinni útsendingu Stöðvar 2 og þurfti **Halla Vilhjálms** að halda andlitinu þegar fyrirspurnir úr sal flæddu yfir hana. Flestar spurningarnar snerust bara um eitt, hvar **Jude Law** væri og hvort hann hefði ekki fengið pössun fyrir börnin þrjú. Meira að segja Einar Bárðarson tók þátt í gríninu en Höllu tókst að snúa sér út úr vandanum og sagðist ekkert heyra.

Helgi Seljan sjónvarpsstjarna er grallari að upplagi. Um helgina var hann á Ölstofunni og sagði öllum þeim sem heyra vildu að **Logi Bergmann Eiðsson** og **Svanhildur Hólm** væru langt komin í undirbúningi þess að koma á fót deild innan Vísindakirkjunnar á Íslandi. Ölstofan er einn helsti samkomustaður blaðamanna og eitthvað mun um það að slíkir hafi lagt við eyrun. En þegar Helgi var inntur nánar um þetta í gær, hvaða heimildir hann hefði fyrir þessum spennandi upplýsingum, var ekki uppi á honum typpið sem að kvöldi laugardags og játaði þá að þetta væri einskær uppspuni.

-fgg/jbg

MARKAÐURINN
Einfalt mál
Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga

Í auglýsingu fyrir iPhone

Lag íslenska tónlistarmannsins Eberg, Inside Your Head, hljómar í nýrri auglýsingu fyrir iPhone sem var frumsýnd á óskarsverðlaunahátíðinni aðfaranótt mánudags.

Um er að ræða frábæra kynningu fyrir Eberg því milljónir fólks úti um allan heim fylgjast með sjónvarpsútsendingum frá hátíðinni á hverju ári. Í auglýsingunni eru sýnd myndbrot úr hinum ýmsum kvikmyndum þar sem hver stórstjarnan á fætur annarri svarar í símann. Má þar nefna leikara á borð við Robert De Niro, Cameron Diaz, John Travolta og Harrison Ford.

Lagið Inside Your Head er að finna á fyrstu plötu Ebergs, Voff voff, sem kom út fyrir síðustu jól við góðar undirtektir. Ekki er langt síðan sama lag hljómaði í sjónvarpsþættinum vinsæla The O.C. í Bandaríkjunum og því ljóst að vegur Ebergs, sem heitir réttu nafni Einar Tönsberg, sé heldur betur að vænkast í kvikmyndaborginni Hollywood. Hægt er að skoða auglýsinguna fyrir iPhone á heimasíðunni www.apple.com.

EBERG Lag Ebergs hljómar í nýrri auglýsingu fyrir iPhone. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

- fb

RE/MAX LIND

Markmið okkar er að selja
eignina þína á 30 dögum

Helgi Eysteinsson > Básendi 11

Rakel Húnfjörð > Rauðagerði 52

Bryndís og Örn > Melhæð 5

María Hlinadóttir > Safamýri 29

Elín Dóra og Vilhjálmur > Heiðargerði 88

Vaka Dóra og Ari Heimisson > Furugrund 50

Ingibjörg Sveinsdóttir > Flétturimi 36

Jón Gunnar og Harpa > Vallartröð 4

> Völuteigur 11

Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
Sími 699 5008
hannes@remax.is

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
Sími 693 4085
gylfi@remax.is

Þórarinn Jónsson
Löggiltur
fasteignasali

LÁTTU OKKUR SELJA!
hringdu strax í síma:
699 5008 eða 693 4085

RE/MAX.

Remax Lind / Bæjarlind 14-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

Fami bara betri
RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf.
RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA
Hamarshöfða 1 - Sími 511 1122
Hillukerfi
Vinnuborð
Fataskápar
Stálskápar
Hjólaborð
Plastvörur

Skoðið nýja Fami vörubæklingin á www.ri-verslun.is

BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

Lært af reynslunni

Stöku dýrlingur mun eiga svo viturt hjarta að vera laus við ranghugmyndir. Þær eiga hinsvegar ekki bara heima í huga vændiskaupandi kalla sem trúa því að konan vilji þá líka borgunarlaust, eða hjá þeim sjúku ófétum sem segja að barnið hafi átt frumkvæðið. Nei, margar ranghugmyndir eru hversdagslegar eða jafnvel hagnýtar og geta snúist um dálitla staðbundna galla.

EFTIR barnsburðina þrjá hefði ég átt að sjá glöggt á vigtinni að enn sátu sem fastast óhóflegar viðbætur. Í speglinum var hinsvegar þvengmjó skutla, rosalega hissa á að komast ekki í neitt nema joggingbuxur. Þessi holdafarslega ranghugmynd var sennilega skemmtileg hliðarverkun af oxitósíni, holl fyrir sjálfstraustið og alveg öfug við þá sem lætur ungar stúlkur svelta sig veikar. Seinna verð ég kannski ein af þeim öldruðu skvísum sem fylgja unglingatískunni út í hörgul. Spóka mig í minipilsi með tattú, alveg handviss um kynþokkann.

TILVIST margra ranghugmynda orsakar þó vandamál og verra er ef margir aðhyllast sömu villuna. Í gegnum tíðina hafa þær verstu sérstaklega bitnað á börnum. Áður var hér til dæmis aðallega litið á börn sem ódýrt vinnuafl. Einkum voru ómagar útsettir fyrir illri meðferð svo sem kunnugt er, fáum datt í hug að þeir þyrftu að menntast, bindast tilfinningaböndum eða borða úr öllum fæðuflokkum. Um miðbik síðustu aldar var í tísku meðal uppeldisfrömuða ungbarna að ekkert væri verra fyrir þau en sífellt kjass. Brjóstmylkingana ætti aldrei að taka upp nema á fjögurra klukkustunda fresti og þá aðeins til að fóðra, annars yrðu þeir bara frekir.

FYRIR svona fimm árum voru gæðastundir aðalmálið, litlu skipti hversu mikið fjölskyldan var saman en mikilvægast að nýta hálftímann sem best. Nú hefur uppgötvast að þetta var herfilegur misskilningur: lengd samverunnar er aðalatriðið og það er í lagi að halda ekki skothelda skemmtidagskrá. Eins upplýst og við viljum vera skrifast jafnóðum í okkar svörtu bók eins og þeirra kynslóða sem gengnar eru og við gagnrýnum – oft með réttu. Spurningin er bara hverjar af hugmyndum nútímans um uppeldi munu standast tímans tönn og á hverjar verður litið sem allsherjar ranghugmyndir?



HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000, www.hekla.is, hekla@hekla.is

Allt að 68.672 kr.
endurgreiðsla á einstakling í Fjölskylduþjónustu SPRON árið 2006
Skráðu fjölskylduna á **spron.is**
og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.
spron